

40 **Litið til Afríku**

HNATTVÆÐINGIN TRÖLLREIÐ TÍSKUPÖLLUNUM FYRIR SUMARIÐ 2008. ÞAR MÁTTI SJÁ MARGA MUNSTRAÐA KJÓLA OG FLÍKUR INNBLÁSIN AF ÆTTBÁLKAMYNSTRUM AFRÍKU.



32 **Strumpar Íslands**

Í TILEFNI AF 50 ÁRA AFMÆLI STRUMPANNA FÉKK FRÉTTABLAÐIÐ ÁLITSGJAFA TIL AÐ VELJA ÍSLENDINGA Í MISMUNANDI STRUMPAHLUTVERK.


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. janúar 2008 — 18. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### La Traviata í Iðnó



Nýlega stofnuð Ópera Skagafjarðar heldur sína fyrstu sýningu í Reykjavík.

TÍMAMÓT 22

### Aðstoð úr CSI

Hallur Helgason og aðrir aðstandendur Atlantic Studios hafa fengið góð ráð frá Eagle Egilssyni og samstarfsmanni hans.



FÓLK 50

### Biður um baráttu



Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari ræðir um leikinn við Slóvaka í dag.

ÍÞRÓTTIR 46

### hús&heimili

Gömul og hlýleg íbúð Ástu Hafþórsdóttur leikgervahönnuðar í miðbænum.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST OG ÉLJAGANGUR**
Hvasst við norðausturhorn landsins, éljagangur norðan og vestanlands, en þurrt eystra.

VEÐUR 4




**FÉLAGA MINNST** „Ég held að honum hafi fundist okkar búð klikkuðust, hann sagði að hún minnti sig á New York þegar hann var að alast upp,“ segir Bragi Kristjónsson bóksali um fyrrverandi skákmeistarann Bobby Fischer, sem lést í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spasskí syrgir keppinaut sinn og vin, Bobby Fischer:

## Bróðir minn er látinn

**FÓLK** Bobby Fischer, fyrrverandi heimsmeistari í skák, er látinn. Hann andaðist á Landspítalanum aðfaranótt föstudags vegna nýrnabilunar, 64 ára að aldri.

„Bróðir minn er látinn,“ sagði Boris Spasskí, gamall vinur og keppinautur Fischers, þegar hann heyrði fregnirnar af andlátinu í gær. Hann sagðist myndu koma í jarðarför Fischers.

Fischer, sem fæddist 9. mars 1943 í Bandaríkjunum, vakti snemma athygli fyrir skákhæfileika sína. Hann varð heimsmeistari árið 1972 þegar hann sigraði Sovétmanninn Boris Spasskí í einvígi á Íslandi sem kallað var skákeinvígi aldarinnar.

Eftir sigurinn dró hann sig að mestu leyti í hlé en sneri aftur tuttugu árum síðar til að heyja annað einvígi við Spasskí í Júgóslavíu. Með því virti Fischer að vettugi viðskiptabann sem Bandaríkjamenn höfðu sett á Júgóslavíu, og var því gefin út handtökuskipun á hendur honum í Bandaríkjunum. Hann sneri aldrei aftur þangað.

Árið 2004 var hann handtekinn í Japan og hótað framsali til Bandaríkjanna. Íslensk stjórnvöld veittu honum ríkisborgararétt og fluttist hann hingað til lands árið 2005.

„Hann byrjaði að koma til mín strax eftir að hann kom til landsins,“ segir Bragi Kristjónsson bóksali, en Fischer var fastagestur í verslun hans á Klapparstíg. „Ég held hann hafi litið á búðina sem eins konar skjól frá áreitinu sem hann hefur þurft að þola meira og minna alla ævi.“

- sþs, - sdg / sjá síðu 30

# Um 30 þúsund eru ekki með heimilislækni

**Samkvæmt nýlegum útreikningum yfirlæknis Heilsugæslunnar í Grafarvogi eru allt að þrjátíu þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu án heimilislæknis. Hann telur að tuttugu heimilislækna vanti.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt að þrjátíu þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu gætu verið án skráðs heimilislæknis, samkvæmt útreikningum Atla Árnasonar, yfirlæknis Heilsugæslunnar í Grafarvogi. Hann telur jafnframt að útreikningar geti bent til að tuttugu heimilislækna í fullu starfi við móttöku vanti á höfuðborgarsvæðið til að svara vel þeirri þörf sem sé fyrir hendi.

„Erfitt er að festa hendur á þessu og upplýsingar hefur skort en ég veit að ráðuneytið er að skoða þessi sömu mál. Ég gerði fyrir hálfu ári skoðun á stöðunni og studdist við þau tölulegu gögn sem við höfum,“ segir Atli. „Miðað við fjölda heimilislækna hér á svæðinu, fjölda stöðugilda í móttökum, mannfjölda og þann fjölda sem er áætlaður að hver heimilislæknir geti sinnt, 1.500 manns, sýna þessir útreikningar að talsverðan hóp heimilislækna vantar.“

„Hins vegar er dálítið erfitt að festa hendur á nákvæmri tölu yfir þá sem eru án heimilislæknis á höfuðborgarsvæðinu,“ bætir hann við. „Ef til vill leita ekki allir eftir skráningu. Ef við miðum við þær tölur sem liggja fyrir, það er að um 195 þúsund manns búi hér á svæðinu og 114 stöðugildi séu til að sinna þeim fjölda, má leiða líkur að því að allt að þrjátíu þúsund manns séu án heimilislæknis. Þessi niðurstaða er að sjálfsögðu nefnd með fyrirvara, enda efast ég um að hægt sé að fá staðfesta einhverja nákvæma tölu í þessum efnum.“

> ... það sem við höfum ekki síður áhyggur af er að á næstu ellefu til tólf árum munu allt að 47 prósent starfandi heimilislækna hér á svæðinu hætta störfum sökum aldurs.
>
> **ATLI ÁRNASON**
> YFIRLÆKNIR Í GRAFARVOGI

Atli bætir við að einungis við þá fjölgun sem orðið hafi á svæðinu á síðasta ári, sem numið hafi um 4.300 manns, hefði þurft að bæta við þremur nýjum stöðugildum.

„En það sem við höfum ekki síður áhyggjur af er að á næstu ellefu til tólf árum munu allt að 47 prósent starfandi heimilislækna hér á svæðinu eiga rétt á því að hætta störfum sökum aldurs. Meginþunginn á þessu verður á síðari hluta þessa tímabils. Það tekur tólf ár fyrir einstakling að fara í gegnum læknisfræði og verða fullnuma í heimilislækningum. Við erum að byrja á að vekja athygli ráðamanna á þessu. Menn hafa sett upp sérnámsstöður í heimilislækna hér á landi. Það kerfi hefur framleitt fyrir okkur þrjá til fjóra nýja heimilislækna á ári. En betur má ef duga skal og hvetja þarf læknanema og unglækna í þetta sérnám. Þetta er margra ára uppsafnaður vandi.“

- jss

Atli Örvarsson tónlistarmaður:

## Semur með RZA

**FÓLK** Íslenska kvikmyndatónskáldið Atli Örvarsson hefur lokið við að semja tónlist við bandarísku stórmyndina Babylon A.D ásamt bandaríska rapparanum RZA og bassaleikara System of a Down, Shavo Odadjan.

Atli segir að þetta hafi verið skemmtilegt og fróðlegt samstarf enda ekki á hverjum degi sem samstarf bandarísks þungarokkara og armensks þungarokkara og íslensk tónskálds líti dagsins ljós.

- fgg / sjá síðu 50


ESEDRA



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

NÝI BÆKLINGURINN ER KOMINN ÚT!
Hvert viltu fara?
WWW.ICELANDAIR.IS

Hjólhýsa sýning
Við frumsýnum 2008 árgerðina af stórglæsilegum Polar hjólhýsum helgina 19.-20. janúar í verslun okkar að Fosshálsi 5-7. Léttar veitingar í boði!

Lau kl. 10.00-17.00
Sun kl. 12.00-16.00



Útilegu maðurinn

## SPURNING DAGSINS



*Sirrý, er kristalskúla ekki þarfaþing í Seðlabankanum?*

„Jú, og ef Davíð notar hana rétt ættu stýrivextirnir að fara að lækka.“

Davíð Oddsson varð sextugur á fimmtudag. Sirrý Sigfús spákona gaf honum kristalskúlu í afmælisgjöf.

Borgin kaupir eitt elsta timburhúsið í Grjótaþorpinu á 25 milljónir:

# Tryggja framtíð Vaktarabæjar

**SVEITARSTJÓRNIR** Borgarráð hefur samþykkt að kaupa svokallaðan Vaktarabæ við Garðastræti fyrir 25 milljónir króna.

Vaktarabærinn er rúmlega 150 ára gamall og mun vera eitt af alelstu timburhúsunum í Grjótaþorpinu. Mjög hefur þrengt að húsinu og hefur það staðið autt á síðustu árum. Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður segir eigendur hafa svo gott sem orðna innlyksa með húsið. Vilji sé til að það standi áfram.

„Reykjavíkurborg kaupir húsið til að endurnýja það og vernda á þeim stað sem það stendur. Það hefur hins vegar enn ekki verið ákveðið hvernig það verður nýtt í framtíðinni,“ segir borgarlögmaður.

Við kaup á húsinu var stuðst við verðmat fasteignasala. Fjárhagslegt verðmæti eignarinnar felst reyndar síst í húsinu sjálfu heldur fyrst og fremst í byggingarréttinum á lóðinni. Húsið er um 80 fermetrar en lóðin tvöfalt stærri.

Vaktarbærinn er nefndur eftir höfundi hússins, Guðmundi „vaktara“ Gissurarsyni. **- gar**



**GARÐASTRÆTI 23** Mjög hefur þrengt að Vaktarabænum sem borgin vill varðveita og hefur nú ákveðið að kaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Met slegið á fæðingardeild:

## Tuttugu fæddu á einum degi

**HEILBRIGÐISMÁL** Met var slegið á fæðingardeild Landspítalans í fyrradag þegar tuttugu konur fæddu. Fyrra metið var nítján fæðingar, og var sett fyrir nokkrum árum. Að meðaltali fæða á milli átta og níu konur á dag á fæðingardeild spítalans.

„Það var svo rosalega mikið að gera að við höfðum eiginlega engan tíma til að fagna þessu nýja meti,“ segir Guðrún G. Eggertsdóttir, yfirljósmóðir á fæðingardeild. „Sem betur fer gengu allar fæðingarnar vel, það hjálpuðust allar deildir að í þrengslunum sem mynduðust óhjákvæmilega.“ **- sþs**



**HÖFUÐSTÖÐVAR UBS** Svissneski fjárfestingarbankinn UBS spáir fimmtungslækkun á bréfum Kaupþings á árinu.

## Ráðleggja sölu Kaupþingsbréfa

**VIÐSKIPTI** Í nýrri greiningu svissneska fjárfestingarbankans UBS er fjárfestum ráðlagt að selja hlutabréf Kaupþings. Bankinn spáir tólf mánaða markggengi hlutabréfa bankans í 600 krónur á hlut, en það er fimmtungslækkun frá lokagengi bréfanna í gær.

Í greiningunni er árið fram undan sagt munu reyna á þolrif Kaupþings. Mat á áhættu og mögulegum ávinningi er sagt bankanum í óhag. Erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum eru sagðar munu verða til að dragi úr tekjum Kaupþings og margfaldarar eru sagðir of háir miðað við innra virði, auk þess sem tekið er til áhrifa af krosseignarhaldi. **- óká**

Nova kærir Símann:

## Misnotkun á ráðandi stöðu

**FJARSKIPTI Símafyrirtækið Nova ehf. hefur lagt fram kæru til Samkeppniseftirlitsins á hendur Símanum hf. fyrir ólögmæta misnotkun á markaðsráðandi stöðu.**

**Tilefni kæru fyrirtækisins er hækkun Símans á verði á símtölum frá viðskiptavinum Símans í farsímakerfi Nova. Telur Nova að með því að hækka verð á símtölum til eins samkeppnisaðila brjóti Síminn gegn samkeppnislögum.** **- shá**

# Sakaður um ólöglega fiskvinnslu

**Lögreglan hefur yfirheyrt mann á Bíldudal sem er sakaður um ólöglega fiskvinnslu í kjallara í gamalli verslun. „Þetta er ekki fiskvinnsla frekar en eldhús er bakarí þegar húsmóðir tekur sig til og bakar heima hjá sér,“ segir hann.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Lögreglan kom og sagði að ég hefði stöðu sakbornings og spurði svo hvort ég væri með fiskvinnslu án tilskilinna leyfa,“ segir Jón Þórðarson, athafnamaður á Bíldudal. Að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum barst henni ábending um að Jón væri með ólöglega fiskvinnslu. „Ég tel það nokkuð gróft ef ég er orðinn sakborningur þótt það byggist ekki á neinu öðru en gróusögum,“ segir Jón.

Jón gerir út bátinn Höfrung sem hefur verið á dragnótarveiðum í Arnarfirði. Hann segir að aflinn fari á markað en svo hafi hann einnig flakað sjálfur nokkurt magn og gefið fólki í soðið en einnig nýtt það fyrir sig og sitt fólk. Hann segist svo hafa selt lítillega enda hafi sumir viljað borga honum fyrir fiskinn þegar hann hefur komið færandi hendi.

„Þetta er ekki fiskvinnsla frekar en eldhús er bakarí þegar húsmóðir tekur sig til og bakar heima hjá sér, né er það kjötvinnsla þegar fólk reykir kjöt í reykkofa. Svo er það þjóðlegur siður í sjávarþorpum, sem við á Höfrungi höfðum alltaf í hávegum, að gefa fólki í soðið. En ég geri ekki meira af því í bili nú þegar ég er kominn með stöðu sakbornings.“

Hann segist ekki geta sagt til um hversu mikið hann hafi verkað eða gefið. „Ég get þó sagt að ég hef verkað 42 kíló af ýsu og tvo steinbíta síðan á áramótum,“ segir hann.

Hann segist ætla að breyta kjallaranum í gallerí. „Þar verður boðið upp á að horfa á gjörning sem fer þannig fram að ég flaka fisk. Listiðkun er nefnilega ekki bönnuð í litlum sjávarplássum þó að sjávarútvegur sé það.“

Auðunn H. Ágústsson, forstöðumaður veiðiheimildasviðs á Fiskistofu, segir það leyfilegt að veiða til fisk til eigin neyslu en ekki sé tekið fram í lögum hversu mikið það megi vera. Hins vegar sé ólöglegt að selja afurðina.

Málið er nú í rannsókn hjá lögreglunni á Vestfjörðum.

**jse@frettabladid.is**



**JÓN ÞÓRÐARSON** Lögreglunni á Vestfjörðum barst ábending um að Jón Þórðarson væri með ólöglega fiskvinnslu í kjallara húss þar sem hann var áður með verslun. Jón segir það þjóðlegan sið að færa fólki flakaðan fisk í soðið og kjallarinn sé ekki fiskverkun frekar en eldhús í heimahúsi sé bakarí. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Bíða niðurstaðna úr greiningu:

## Tekinn með þúsund töflur

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður með rúmlega þúsund töflur í fórum sínum var stöðvaður í tollinum í Leifsstöð um síðustu helgi. Grunur leikur á að um svefntöflur sé að ræða. Lögreglan bíður niðurstaðna úr greiningu á töflunum til að fá það staðfest.**

**Maðurinn var færður í fangageymslur, en ekki hefur enn verið tekin af honum skýrsla. Eyjólfur Ágúst Kristjánsson, fulltrúi lögreglu- og tollstjóra á Suðurnesjum, segist afskaplega lítið geta tjáð sig um málið þar til tegund taflnanna liggi fyrir og skýrsla hafi verið tekin af manninum.** **- sþs**



**KAFFI KRÓKUR Í LJÓSUM LOGUM** Eitt elsta húsið á Sauðárkróki brann í fyrrinótt. Það var byggt á árunum 1887 til 1890. MYND/FEYKIR-GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR

Eitt elsta húsið á Sauðárkróki:

## Gjöreyðilagðist í eldsvoða

**BRUNI** Eldur kom upp í einu elsta húsinu á Sauðárkróki skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt. Húsið er talið ónýtt en veitingastaðurinn Kaffi krókur var með starfsemi sína þar.

Að sögn lögreglunnar á Sauðárkróki tilkynnti vegfarandi um reyk sem kom úr þaki hússins tæplega hálf eitt um nóttina. Skemmtun hafði farið fram í húsinu um kvöldið og hafði eigandinn gengið frá og lokað því um klukkan tólf að miðnætti.

Að sögn lögreglunnar eru eldsupptök ekki kunn. **- jse**






Sex menn játuðu aðild að fíkniefnasmygli í Pólstjörnumálinu svokallaða:

# Höfuðpaurinn játaði brot sitt

**DÓMSMÁL** Einar Jökull Einarsson, Kópavogsbúi á 28. aldursári, játaði í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að hafa skipulagt innflutning á tæplega fjörutíu kílóum af verskmiðjuframleiddum fíkniefnum sem haldlögð voru í skútu við Fáskrúðsfjarðarhöfn hinn 20. september í fyrra.

Alvar Óskarsson, Guðbjarni Traustason, Bjarni Hrafnkelsson, Arnar Gústafsson og Marinó Einar Árnason, sem einnig eru ákærðir í málinu, játuðu einnig aðild að smygltilrauninni. Þeir neituðu því að hafa skipulagt innflutninginn og gerðu athugasemdir við magnið sem nefnt er í ákæru á grundvelli rannsóknar á efnunum. Efnin voru blaut þegar þau voru vigtuð en þurrkuð vigtuðust þau um þrjátíu prósentum léttari, tæplega þrjátíu kíló.

„Þetta var bara skyndiákvörðun,“ sagði Bjarni Hrafnkelsson, 36 ára Hafnfirðingur, sem ákærður er fyrir að hafa pakkað efnunum inn í Danmörku áður en Alvar og Guðbjarni sigldu efnunum til Íslands, með viðkomu á Hjaltlandseyjum og í Færeyjum. Hann sagðist hafa pakkað efnunum inn ásamt öðrum manni en ekki komið að skipulagningu innflutningsins að neinu öðru leyti.

Marinó Einar játaði einnig brot sitt að fullu. Hann er ákærður fyrir að hafa átt að taka við efnunum á Fáskrúðsfirði og koma þeim í hendur Arnars. Hann játti því að hafa samþykkt að geyma „pakka“ fyrir Einar Jökul á sumarbústaðalandi tengdaforeldra sinna í Rangárvallasýslu en sagðist ekki vera viss um hvað hefði átt að vera í pakkanum.

Aðalmeðferð í málinu fer fram 31. janúar. **- mh**



**BROTAMENN Í DÓMSAL** Ákærðu voru allir viðstaddir þingfestingu í máli þeirra í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BYRJUN
BRJÓTA Í ÞÉR BEIN
FARÐU 2 AFTUR
SIGRAST Á FÓBÍUM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
FARÐU 3 ÁFRAM
LENDA Í ÁSTARSORG
MJÓLKA BELJU
FARÐU 2 ÁFRAM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
STOFNA FYRIRTÆKI OG LENDA Í VESENI
FARÐU 3 ÁFRAM
EITT OG ANNAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA FYRIR FERTUGT
FARA Í TANNRÉTTINGAR
FARÐU 3 AFTUR
FÁ ÞÉR LÍFTRYGGINGU
SETJA HEIMSMET
KASTAÐU TVISVAR
Ef þú hefur fyrir einhverjum að sjá, eða ert með fjárskuld-bindingar, þá þarftu líftryggingu.
Þú færð Lífís líf- og sjúkdómatryggingar hjá VÍS.
FARÐU 2 ÁFRAM
LÆRA AÐ RAKA ÞIG MEÐ HNÍF
Lífís
Lífís/Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Þjónustuver 560 5000 www.lifis.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 18.1.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 65,1 | 65,42 |
| Sterlingspund | 127,54 | 128,16 |
| Evra | 95,14 | 95,68 |
| Dönsk króna | 12,761 | 12,835 |
| Norsk króna | 11,884 | 11,954 |
| Sænsk króna | 10,098 | 10,158 |
| Japanskt jen | 0,605 | 0,6086 |
| SDR | 102,76 | 103,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,6062

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsgreinasambandið tilnefnir fulltrúa í aðgerðanefnd:

# Lítið þokast í kjaraviðræðum

**VINNUMARKAÐUR** Lítið þokast í kjaraviðræðum Starfsgreinasambandsins, SGS, og Flóabandalagsins við Samtök atvinnulífsins, SA, hjá ríkissáttasemjara.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að engar efnislegar umræður um innihald samnings hafi átt sér stað. Töluverðan tíma taki að móta næstu skref þegar viðræður séu komnar talsvert á skrið og hrökkvi svo til baka eins og gerðist í byrjun janúar. „Við erum að móta næstu skref. Þegar við erum komnir í gegnum þá vinnu getur þetta gerst hraðar í framhaldinu.“



**SIGURÐUR BESSASON** Formaður Eflingar segir að verið sé að móta næstu skref í viðræðunum.

„Við höfum verið að ræða þetta og annað,“ segir hann. „Við höfum ekkert verið að fara aftur á bak en heldur ekki áfram.“

Viðræðunefnd SGS hefur ákveðið að tilnefna fulltrúa í aðgerðanefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að knýja á um gerð kjarasamnings. Aðgerðanefnd mun skila tillögum sínum í næstu viku ef ekkert þokast næstu daga.

Verkalýðshreyfingin vill eins árs samning og hafnar löngum samningi. Sú hugmynd hefur samt komið fram að gera fjögurra ára samning sem samanstæði af tveimur samanhangandi tveggja ára samningum. Samningurinn gæti losnað eftir tvö ár eða framlengst um tvö ár. Í honum væri launaþróunartrygging. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir að verið sé að ræða þessa hugmynd.

Nýr samningafundur verður á mánudaginn. - ghs

Vildi ekki fara úr skónum:

# Dæmdur fyrir að slá lögreglu

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir að kjálkabrjóta lögregluþjón. Hann kýldi hann í andlitið aðfaranótt aðfangadags á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, þegar hann var beðinn að fara úr skónum.

Maðurinn neitaði sök og sagðist ekki muna vel eftir atburðum kvöldsins. Vitnum, lögreglumönnum og fangaverði bar hins vegar saman um að maðurinn hefði slegið lögreglumanninn hnefahögg í andlitið að tilefnislausu.

Til viðbótar við fangavist var maðurinn látinn greiða málsvarnarlaun verjanda síns. - sþs



**ÓEIRÐIR Í NAÍRÓBÍ** Óeirðarlögreglan í vari bak við vegg í Kibera-hverfinu í Naíróbí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmælalotu lokið í Kenía:

# Verkföll boðuð næstu dagana

**KENÍA, AP** Þriggja daga mótmælaaðgerðum stjórnarandstöðunnar í Kenía lauk í gær en frekari aðgerðir eru boðaðar, meðal annars verkföll og að sniðganga verslanir. Blóðug átök hafa verið alla dagana, og sýnu verst síðasta daginn.

Stjórnvöld segja átökin í gær hafa kostað fjóra menn lífið og að 25 hafi særst.

Átök milli ættbálka hafa verið tíð í kjölfar kosninganna 27. desember síðastliðinn. Fólk af kikuyu-ættbálknum, sem er ættflokkur Kibakis forseta, hefur verið hrakið í stórum stíl frá heimkynnum sínum. - gb

**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR**

### Nefnd mönnuð upp á nýtt

Borgarstjóri og samgönguráðherra ætla að endurskipa samráðsnefnd sem skoðar ný flugvallarstæði fyrir Reykjavík.

**LEIÐRÉTTING**

Í frétt um rækjuiðnað á Íslandi á fimmtudag segir: „Samherji hf. á Akureyri lokaði rækjuverksmiðju sinni í vikunni og sagði upp rúmlega 20 starfsmönnum.“ Hið rétta er að Samherji hf. mun loka rækjuverksmiðju sinni í lok mars og ekki er búið að segja upp starfsmönnum verksmiðjunnar ennþá. Samherji vinnur að því að finna störf fyrir þá sem missa vinnunna í mars.

# Segir uppgjöf og áhugaleysi einkenna starf Framsóknar

**Fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins segir flokksstarfið einkennast af áhugaleysi og uppgjöf. Misklíð sé orsökin. Hann segir „gróusögur grassera“ í flokknum um misnotkun forystumanna.**

**STJÓRNMÁL** Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins, segir misklíð hafa skilið flokkinn eftir í djúpum öldudal. Hann segir að uppgjöf og áhugaleysi einkenni flokksstarfið og sögur gangi á meðal framsóknarmanna um misnotkun forystumanna í Reykjavík á sjóðum flokksins.

Þetta kemur fram í bréfi Guðjóns sem hann sendi þúsundum framsóknarmanna í Reykjavík í vikunni, og er merkt sem trúnaðarmál og dagsett 15. janúar. „Versnandi staða flokksins og misklíð undanfarinna ára í okkar röðum hefur leitt til minni áhuga flokksmanna“, segir í bréfinu. Og Guðjón heldur áfram: „Undanfarna mánuði hef ég í vaxandi mæli fundið fyrir uppgjöf fólks. Fleiri og fleiri hafa gefist upp, hætt að starfa og sumir jafnvel sagt sig úr flokknum.“

Spurður um tilurð bréfsins segir Guðjón að hann hafi viljað vekja athygli á stöðu flokksins, sérstaklega í Reykjavík. „Eins og menn vita hafa verið mikil átök manna á milli í flokknum. Það er varla ofsagt að tala um misklíð í því sambandi.“ Guðjón segir bréfinu ekki sérstaklega beint til forystumanna flokksins eða að um vantraustsyfirlýsingu á þá sé að ræða. Guðjón gerir það að umtalsefni sínu að forystumenn flokksins hafi fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006 misnotað sjóði flokksins til fatakaupa fyrir hundruð þúsunda. „Það er engin ásökun í þessu heldur vísa ég bara til þess að þessar sögur ganga í flokknum. Ég vil gefa mönnum tækifæri til að leiðrétta þær,“ segir Guðjón. Spurður um hverjir eigi í hlut segir Guðjón: „Ég vísa til forystumanna í borgarstjórn, þeir eru ekki svo margir.“

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjavík, segir bréf Guðjóns ekki svaravert. „En það er umhugsunarefni hvað honum gengur til að senda bréf sem þetta, þar sem hann upphefur sjálfan sig á kostnað annarra. Þetta er eiginlega sorglegt og hann verður að eiga þetta við sig. Mín skoðun er sú að flokkur sem hefur við svona


Guðjón Ólafur Jónsson
[redacted]
TRÚNAÐARMÁL
Reykjavík, 15. janúar 2008
Ágætu félagi

innanmein að stríða getur ekki vonast til að ná árangri.“

Spurður um fatakaupin segir Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri flokksins, að hann kannist „hreint ekki við slíkt og það langt því frá“.

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, vildi ekki tjá sig um bréfið að öðru leyti en því að efni þess hafi komið henni mjög á óvart. Heimildir Fréttablaðsins herma að gríðarlegrar óánægju gæti meðal framsóknarfélaganna í Reykjavík og brugðist verði við bréfinu á næstu dögum. Ekki náðist í Guðna Ágústsson, formann Framsóknarflokksins, í gærkvöldi. - shá



**GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON** Bréfið, sem merkt er trúnaðarmál, kallar Guðjón hugleiðingu um stöðu flokksins.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**VESTAN-STREKKINGUR.** Í dag verður strekkingur víðast hvar um landið. Hvassast verður á norðausturhorninu, allt að 18-20 m/s, en lygnara verður á Austur- og Suðausturlandi. Það er áfram talsvert frost í kortunum, sérstaklega norðan og austan til en hiti gæti mjakast upp fyrir frostmark á Suðurnesjum. Éljagangur verður víða um land, fyrst vestan til og svo fyrir norðan. En þurrt suðaustanlands.

**REYKJAVÍK Í DAG:** Vestan 10, frost 0-3 stig og éljagangur.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 10°C rigning | London | 13°C rigning | Eindhoven | 14°C rigning |
| Billund | 6°C skýjað | París | 14°C bjart | Basel | 10°C skúrir |
| Osló | 3°C skúrir | Frankfurt | 12°C skýjað | Alicante | 19° bjart |
| Stokkhólmur | 6°C rigning | Friedrichshafen | 5°C skúrir | Róm | 15°C bjart |
| Gautaborg | 3°C skýjað | Berlín | 12°C skúrir | Las Palmas | 22°C bjart |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# 4x4

## SÝNING KIA UM HELGINA

**Opið í dag 10-16**




## Tveir góðir 4x4

Kynnum frábæru jeppana frá KIA, Sorento og Sportage, sem hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda og henta einkar vel við íslenskar aðstæður. Sorento jeppinn er einn vinsælasti jeppi landsins og Sportage fylgir honum fast á eftir. **Sýnum nýtt og breytt útlit á Sportage með 7 ára ábyrgð.**

**Komdu á 4x4 sýningu** og reynsluaktu frábærum jeppum við ekta íslenskar aðstæður hjá KIA Laugavegi eða umboðsmönnum KIA um land allt.

**Umboðsmenn KIA um land allt:**

- Akranes - Bilás Bílasala Akranes
- Ísafjörður - H.V. Umboðsverslun ehf.
- Reyðarfjörður - HEKLA Austurland
- Akureyri - Höldur hf.
- Reykjanesbær - K. Steinarsson
- Selfoss - Bílasala Selfoss

UEFA EURO2008 Austria-Switzerland

KIA MOTORS Official Partner

***KIA*** á Íslandi er í eigu HEKLU
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

**KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## KJÖRKASSINN



*Ert þú á vetrardekkjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með Evrópumótinu í handbolta?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Kröfu Saga Capital hafnað í héraðsdómi, lögmaður segist líklega munu áfrýja:

# Fengu ekki að eignast Insolidum

**DÓMSMÁL** Kröfu Saga Capital fjárfestingarbanka um að verða skráður eigandi allra hluta í fjárfestingafélaginu Insolidum ehf., sem er í eigu Daggar Pálsdóttur varaþingmanns Sjálfstæðisflokks og Páls Ágústs Ólafssonar, hefur verið hafnað í Héraðsdómi Reykjavíkur. Niðurstöðunni verður að öllum líkindum áfrýjað, segir lögmaður Saga Capital.

Í úrskurðinum segir að ekki sé hægt að fullnægja skyldu til breytinga á hlutaskrá fyrirtækis með beinni aðfaragerð. Skilyrði til að verða við kröfu Sögu Capital séu ekki fyrir hendi, og henni því hafnað.

„Ég geri fastlega ráð fyrir því að við áfrýjum þessum dómi án þess að það sé búið að taka ákvörðun um það,“ segir Gísli Guðni Hall, lögmaður Saga Capital í málinu. „Við höfum tveggja vikna frest til þess.“

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður Insolidum, segir innsetningarmál eins og þessi vera ætluð í ákveðnum tilgangi, og dómari hafi komist að þeirri niðurstöðu að þau eigi ekki við þegar fólk telji sig eiga kröfur að tryggingarrétti. „Svona úrræði eiga til dæmis við þegar það er verið að bera fólk úr íbúðum, en ekki í máli eins og þessu,“ segir hann. **- sþs**

### Í STUTTU MÁLI

- Málið snýst um lán sem Insolidum tók hjá Saga Capital vegna kaupa á bréfum í SPRON.
- Til tryggingar skuld var hlutur Daggar og Páls Ágústs í Insolidum settur að veði.
- Gengi SPRON lækkaði töluvert og Saga Capital skoraði á Insolidum að greiða skuldina eða leggja fram fullnægjandi tryggingu.
- Dögg og Páll Ágúst urðu ekki við áskoruninni.
- Þá krafðist Saga Capital beinnar aðfarar – að dómstóll breytti hlutaskrá Insolidum þannig að Saga Capital yrði skráður eigandi allra hluta.

Gordon Brown í Kína:

# Vill fá fjárfesta til Bretlands

**KÍNA, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur notað fundi sína með ráðamönnum í Kína til að bjóða kínverskum fjárfestum til Bretlands.**

**„Þótt aðrir sjái hættur í hverju horni þá lít ég á uppganginn í Kína og alþjóðavæðinguna ekki sem ógn heldur sem tækifæri,“ sagði Brown á fundi með kvínverskum og breskum viðskiptajöfrum í Peking í gær.**

**Brown hitti bæði Hu Jintao forseta og Wen Jiabao forsætisráðherra. Hann tók einnig þátt í að opna í Peking nýtt útibú frá kauphallarinni í London.**

**- gb**

Skjólstæðingar heilsugæslunnar í Árbæ fá fulla þjónustu:

# Uppsagnarbréf dregin til baka

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur dregið til baka bréf sem Gunnar Ingi Gunnarsson, yfirlæknir heilsugæslunnar í Árbæ, sendi nokkur hundruðum skjólstæðingum hennar. Viðtakendur bréfsins voru brottfluttir Árbæingar og var þeim sagt upp þjónustu frá og með 1. maí.

Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að séð verði til þess að fólkið fái áfram þá þjónustu sem það eigi rétt á.

Stjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vísar í yfirlýsingu vegna ógildingar uppsagnarbréfsins til reglugerðar þar sem segir meðal annars að þrátt fyrir skiptingu landsins í heilbrigðisumdæmi „skulu sjúklingar jafnan eiga rétt á að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni“. **- jss**




# Ársæli finnst lítið til raka ráðherra koma

**Jafnréttislögin eru ein röksemda fyrir skipan Ólafar Ýrar Atladóttur í embætti ferðamálastjóra. Ársæll Harðarson segir rökstuðning iðnaðarráðherra sýna að hæfasti umsækjandinn hafi ekki verið valinn. Ólafur Örn Haraldsson brosir.**

**STJÓRNSÝSLA** Í rökstuðningi fyrir skipun Ólafar Ýrar Atladóttur í embætti ferðamálastjóra segist Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra hafa tekið mið af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Á grundvelli þeirra sé viðurkennt að velja skuli aðila af því kyni sem er í minnihluta á hlutaðeigandi starfssviði þegar tveir eða fleiri jafnhæfir einstaklingar sækja um stöðu.

Í rökstuðningnum er Ólöf Ýrr meðal annars sögð hafa mikinn og fjölbreyttan menntunarferil, fimm ára reynslu af stjórnun í opinberum rekstri og reynslu á sviði ferðaþjónustu. Þá tali hún fjögur tungumál og hafi tekið þátt í erlendu samstarfi.

Ólöf Ýrr er jafnframt sögð hafa skarpan og greinandi hug, hún hafi vakið athygli fyrir frumkvæði og ákveðni auk þess að hafa til að bera sveigjanleika, glaðværð og félagslyndi.

„Þessi rökstuðningur staðfestir fyrir mér að ráðherra valdi ekki hæfasta umsækjandann,“ segir Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu – einn 50 umsækjenda um starfið.

Hann segir ráðherra forðast að bera umsækjendur saman en hefji Ólöfu til skýjanna.

„Nú ætla ég að verða síðastur til að hallmæla þessum einstaklingi. Þetta er hæf kona. En ef borin eru saman þau atriði sem skipta máli í auglýsingunni kemur í ljós að ég hef raunhæfari menntun.“ Ársæll er með meistarapróf frá Viðskiptaskólanum í Kaupmannahöfn og skrifaði ritgerð um þýðingu ferðaþjónustu fyrir Ísland. Ólöf Ýrr er íslenskufræðingur með meistarapróf í líffræði.

Ársæll bendir jafnframt á að hann hafi rekið sautján starfsmanna svæðisskrifstofu Icelandair í Kaupmannahöfn, verið framkvæmdastjóri Ráðstefnuskrifstofu Íslands og stýrt mannahaldi og skrifstofum Ferðamálastofu í Danmörku, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Hann segir óráðið hvort hann haldi málinu áfram með einhverjum hætti.

Ólafur Örn Haraldsson, sem sótti um starfið og skaraði fram úr ásamt Ársæli og Ólöfu, sóttist ekki eftir rökstuðningi. Engu að síður kynnti hann sér rökin og sagði að svo búnu: „Ég er glaðvær maður og brosi til hægri og vinstri.“

**bjorn@frettabladid.is**



**ÖSSUR SKARÐHÉÐINSSON** Segir Ólöfu Ýri hfa lýst skýrri framtíðarsýn fyrir Ferðamálastofu og íslenska ferðaþjónustu og hún því líklegri en aðrir til að hleypa nýju blóði í starfsemi stofnunarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON



**ÓLAFUR ÖRN HARALDSSON**



**ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR**



**ÁRSÆLL HARÐARSON**

Karlmaður um þrítugt dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot:

# Misnotaði barnungar frænkur

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir gróf kynferðisbrot gegn tveimur barnungum systurdætrum sínum. Önnur þeirra var fimm ára þegar brotin áttu sér stað, en hin þriggja til ellefu ára. Sú var misnotuð af manninum nokkur hundruð sinnum.

Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir vörslu barnakláms, en í tölvu hans fundust myndir þar sem andliti annarrar stúlkunnar hafði verið skeytt saman við klámfengnar ljósmyndir. Til viðbótar við fangelsisdóminn var maðurinn dæmdur til að greiða stúlkunum bætur; annarri hálfa milljón en hinni eina og hálfa milljón króna.

Alvarlegri brotin áttu sér stað á árunum 1994 til 2001. Þá lét hann aðra stúlkuna snerta kynfæri sín og hafa við sig munnmök að minnsta kosti tvö hundruð sinnum, ýmist heima hjá sér eða henni.

Hin brotin voru framin á árunum 1993 og 1994, þegar maðurinn lét hina stúlkuna snerta kynfæri sín nokkrum sinnum.

Báðar stúlkurnar hafa átt við andleg vandamál að stríða frá því brotin áttu sér stað.

Maðurinn játaði flest brotin fyrir dómi en bar fyrir sig brenglað hugarástand vegna óreglu, meðal annars vegna neyslu áfengis og fíkniefna. Hann hafi átt við geðræn vandamál að stríða og verið með þunglyndi á háu stigi.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness segir að atferli mannsins hafi verið svívirðilegt og hann hafi engar málsbætur. **- sþs**

### STAÐINN AÐ VERKI FYRIR ÞRETTÁN ÁRUM

- Þegar fyrstu brotin áttu sér stað var maðurinn fimmtán til sextán ára, stúlkan fimm ára.
- Upp komst um þá misnotkun þegar móðir stúlkunnar, systir mannsins, gekk inn á þau í ágúst 1994.
- Samkvæmt vitnisburði brást hún reið við og hótaði að drepa hann ef þetta kæmi fyrir aftur.
- Hún kærði athæfið ekki til lögreglu, og sagði ekki frá því að ósk dóttur sinnar.
- Þegar upp komst að maðurinn hafði misnotað dóttur annarrar systur sinnar í mörg ár var ákveðið að taka málið upp aftur og leggja fram kæru á hendur honum.

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

# HÚSASMIÐJAN ÚTSALA



**25%** afsláttur **af öllum** flísum



**25%** afsláttur **af öllum** hreinlætis-og blöndunartækjum



**30%** afsláttur **af öllum** ljósum



**20-60%** afsláttur **af öllum** fatnaði




**25%** afsláttur **af Jotun** innimálningu



**40%** afsláttur **af öllum** búsáhöldum

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

**Við berjum niður verðið!**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál




Lögþingskosningar fara fram í Færeyjum í dag:

# Sambandsflokki spáð sigri

**FÆREYJAR** Sambandsflokkurinn verður stærsti flokkurinn á færeyska lögþinginu eftir kosningarnar í dag, ef marka má niðurstöður skoðanakönnunar sem birtar voru í gær.

Samkvæmt könnuninni, sem gerð var af Fynd fyrir dagblaðið Sosialurin, fær Sambandsflokkurinn 22,5 prósent fylgi og átta þingsæti, einu fleira en í kosningunum fyrir fjórum árum. Hinir flokkarnir tveir sem ásamt Sambandsflokknum hafa starfað saman í stjórn síðastliðið kjörtímabil – Jafnaðarmannaflokkurinn og Fólkaflokkurinn – halda báðir sínum sjö þingmönnum samkvæmt könnuninni, en Þjóðveldisflokkurinn missir fylgi og er nú spáð sex þingsætum í stað átta síðast.

Minni flokkarnir auka báðir við sig; Miðflokknum er spáð þremur og Sjálfstjórnarflokknum tveimur sætum, sem er í báðum tilvikum einu þingsæti meira en síðast.



KAJ LEO JOHANNESEN



JÓANNES EIDESGAARD

Verði úrslitin á þessa lund kemst Kaj Leo Johannesen, formaður Sambandsflokksins, í sterka stöðu til að gera tilkall til lögmannsembættisins sem Jóannes Eidesgaard, formaður Jafnaðarmannaflokksins, hefur gegnt síðan 2004.

- aa

# Bakvaktir hluti af vinnuskyldu lögreglu

**Yfirstjórn lögreglu á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að breyta fyrirkomulagi á vinnutíma rannsóknarlögreglumanna án samráðs. Landssamband lögreglumanna er á öðru máli. Tugir hafa sagt sig frá nýju vaktafyrirkomulagi.**

**LÖGREGLUMÁL** Yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að setja upp nýtt bakvaktafyrirkomulag rannsóknarlögreglumanna, án samráðs, þar sem bakvaktir eru hluti af vinnuskyldu þeirra.

Þetta segir í meginatriðum í svari sem yfirstjórn lögreglunnar hefur borist frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Breytingar á fyrirkomulagi bakvakta voru kynntar rannsóknarlögreglumönnum 28. desember síðastliðinn. Þær eru liður í sparnaði sem lagður er á rannsóknardeildirnar. Með því á að spara ellefu milljónir króna. Um 99,5 prósent af rekstrarkostnaði deildanna eru launakostnaður. Sparnaðurinn er liður í því að halda embættinu innan ramma fjárlaga. Mikill hiti hefur verið í rannsóknarlögreglumönnum vegna breytinganna. Tugir þeirra hafa sagt sig frá nýju vaktafyrirkomulagi.

„Við ætlum að fara betur yfir þetta í okkar ranni um helgina,“ segir Steinar Adolfsson, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna. „Okkar afstaða er óbreytt. Við teljum bakvaktirnar ekki hluta af vinnuskyldunni nema samþykki meirihluta rannsóknarlögreglumanna liggi fyrir. Það liggur ljóst fyrir að vinnuvikan er fjörutíu stundir. Það er ekki hægt að skipuleggja vinnuna umfram það nema með samþykki. Það er beinlínis ákvæði um það í upphafi kafla í kjarasamningi um vinnutíma.“

Steinar undirstrikar að lögreglustjóri hafi boðað samráð og samvinnu við rannsóknarlögreglumenn um breytingar á fyrirkomulagi vinnutíma.

Ekki náðist í Friðrik Smára Björgvinsson, sem hefur umsjón með breytingunum, við vinnslu fréttarinnar.

jss@frettabladid.is



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON** Hefur veg og vanda af framkvæmd breytinga á bakvaktafyrirkomulagi.



# Ímyndaðu þér stað !

Þar sem erfiði dagsins er létt af þér



## Stað sem þú gætir farið til í kvöld – og hvert einasta kvöld !




### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.531 **+0,30%**

**Fjöldi viðskipta:** 415
**Velta:** 2.788 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **TEYMI** | +2,03% | **FL GROUP** | -1,11% |
| **EXISTA** | +1,295% | **SPRON** | -0,94% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +1,29% | **ICELANDAIR** | -0,91% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 9,02 -0,88% ... Bakkavör 53,30 +0,57% ... Eimskipafélagið 31,50 +1,29% ... Exista 14,90 +1,29% ... FL Group 10,73 -1,11% ... Glitnir 20,15 +0,25% ... Icelandair 27,10 -0,91% ... Kaupþing 750,00 +0,27% ... Landsbankinn 32,20 +0,31% ... Marel 100,00 +0,00% ... SPRON 7,38 -0,94% ... Straumur-Burðarás 13,45 +0,45% ... Össur 96,10 +0,00% ... Teymi 6,02 +2,03%

## MARKAÐSPUNKTAR

Væntingar um aukna smásölu í Bretlandi í desember brugðust. Greiningardeild Kaupþings segir hærri lánskostnað og lækkandi íbúðaverð hafa haft slæm áhrif á einkaneyslu. Salan lækkaði um 0,4 prósent frá því í nóvember, en spáð hafði verið 0,2 prósenta hækkun.

Eurofima, svissneskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í fjármögnun lesta, gaf út jöklabréf að verðmæti fimm milljarða króna í gær, að því er fram kemur í Vegvísi Landsbankans. Í vikunni voru gefin út jöklabréf fyrir 17 milljarða.

Húsnæðisverð í Danmörku lækkar á árinu og treglegar gengur að selja eignir. Þetta hefur greiningardeild Landsbankans eftir könnun sem samtök danskra fasteignasala gerðu meðal félagsmanna sinna.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ómögulegt að sjá kreppur

**Kaupþing segir vísbendingar um að lækkunarhrinan á hlutabréfamarkaði sé að nálgast endastöð og spáir hófsamri hækkun á Úrvalsvísitölunni á árinu.**



**SPÁÐ FYRIR UM HORFUR Á HLUTABRÉFAMARKAÐI** Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings, segir líkur á að senn sjái fyrir endann á lækkanahrinunni á íslenskum hlutabréfamarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Margir hafa haldið því fram að við hefðum átt að sjá fjármálakreppuna fyrir. Ef slíkt væri hægt hefði ekki orðið nein kreppa,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, sem ásamt Haraldi Yngva Péturssyni, sérfræðingi hjá greiningardeild Kaupþings, kynnti þróun og horfur á íslenskum hlutabréfamarkaði í gær.

Í spánni er gert ráð fyrir því að Úrvalsvísitalan hækki um 8,5 prósent á árinu öllu og standi í 6.850 stigum við lok árs. Þetta er hófsamari hækkun en greiningardeild Glitnis gerði ráð fyrir í afkomuspá sinni í vikunni en þar er reiknað með að vísitalan endi í 7.200 stigum. Landsbankinn birtir spá sína í næstu viku.

Greiningardeild Kaupþings, líkt og aðrar slíkar deildir, spáði nokkuð meiri hækkun á síðasta ári og sá Úrvalsvísitöluna í allt að 9.500 stigum þegar best lét í fyrra. Hæst fór vísitalan hins vegar í 9.016 stig um miðjan júlí áður en hún tók að falla í 6.318 stig við árslok.

„Bankar og fjármálafyrirtæki eru níutíu prósent af Úrvalsvísitölunni og allar breytingar á henni ráðast af þróun fjármálageirans,“ segir Haraldur. Hann bendir jafnframt á að rekstrarfélög, þar sem Bakkavör sé stærst, þurfi að hreyfast verulega til að hafa áhrif á hana. Því sé næstum eðlilegt að Úrvalsvísitalan hafi fallið upp á síðkastið í því umróti sem verið hafi í kjölfar lausafjárkreppunnar á alþjóðlegum mörkuðum. Þar komu fjármálafyrirtæki verst út.

Kaupþing segir í spá sinni vísbendingar um að senn sjái fyrir endann á lækkanahrinunni þótt ekki sé útlit fyrir snarpan viðsnúning. Muni verðkennitölur íslenskra banka og fjármálafyrirtækja, sem séu undir meðaltali í kjölfar undirmálskreppunnar, fylgja í auknum mæli þróun á skandinavískum markaði.

**jonab@frettabladid.is**

### EKKERT VERÐMAT

Greiningardeildir Kaupþings og Landsbankans eru hættar að birta verðmat og vogunarráðgjöf um einstök félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Erlendir bankar selja vogunarráðgjöf sína.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir þetta séríslenskt fyrirbæri sem eigi sér engan líka.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir erlenda kollega hafa rekið upp stór augu þegar þeir áttuðu sig á að verðmat á íslensk fyrirtæki hafi verið ókeypis.




512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið






**BANKASTJÓRARNIR VIÐ MERRION-MERKIÐ** Merrion Landsbanki þykir besti hlutabréfagreinandi Írlands, samkvæmt Finance Magazine. FRÉTTABLAÐIÐ/BG

## Merrion besti hlutabréfa-greinandinn

Merrion Landsbanki, dótturfélag Landsbankans á Írlandi, var á dögunum valinn besti írski hlutabréfagreinandinn í árlegu vali viðskiptatímaritsins Finance Magazine. Þátttakendur í valinu voru írskir og alþjóðlegir sjóðsstjórar, og fór vægi atkvæða í hlutabréfakönnuninni eftir því hversu miklar eignir sjóðsstjórarnir hafa til ráðstöfunar.

Merrion hlaut einnig efsta sætið í þrettán öðrum verðlaunaflokkum, meðal annars var John Mattimoe hjá Merrion kjörinn greinandi ársins.

Þetta er í 21. skiptið sem valið fer fram. Í tilkynningu Finance Magazine segir að könnunin sýni að Merrion sé farið að bjóða stærstu verðbréfafyrirtækjum Írlands birginn. - jsk




## Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.




**GRAND VITARA frá 2.940 þús.**
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.




**Swift 4X4 1.799 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.




**JIMNY 1.859 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SUZUKIBILAR.IS · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bobby Fischer fallinn frá:

## Sérvizka og snilld

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Fréttin af því að Bobby Fischer hefði andazt á sjúkrahúsi í Reykjavík síðla fimmtudags, 64 ára að aldri, barst með eldingarhraða um heimsbyggðina í gær. Enda þótt hann hefði lítið teflt opinberlega síðan hann sigraði sovézka meistarann Borís Spasskí í „einvígi aldarinnar“ í Laugardalshöll fyrir hartnær 36 árum skein frægðarsól hans jafnbjört, enda veita skákirnar sem hann tefldi allt frá æskuárum til heimsmeistaratignar hverri nýrri kynslóð skákáhugamanna ómældan innblástur. Þær lifa sem minnisvarði um fádæma snilligáfu.

Annar mesti skáksnillingur 20. aldar, Rússinn Garrí Kasparov, komst vel að orði þegar honum var borin fréttin af andláti Fischers og sagði: „Harmleikurinn er sá að hann yfirgaf þennan heim of snemma, og sérvizkulíf og hneykslanlegar yfirlýsingar hans juku ekki á vinsældir skákarinnar.“ Kasparov talaði örugglega einnig fyrir munn margra skákáhugamanna með því að segja að framlag Fischers til skákíþróttarinnar hefði hvorki meira né minna en umbylt henni.

Síðustu fimmtán ár ævinnar var Fischer á stöðugum flótta undan óbilgjörnum armi bandarískrar réttvísi, sem vildi draga hann fyrir rétt fyrir að hafa teflt aftur við fjandvin sinn Spasskí réttum 20 árum eftir einvígið fræga í Reykjavík. Endurkomueinvígi þetta fór nefnilega fram á júgóslavnesku orlofseynni Sveti Stefan á meðan bandarískar og alþjóðlegar refsiaðgerðir voru í gildi gegn Júgóslavíu vegna herskárrar yfirgangsstefnu Slobodans Milosevic, þáverandi Júgóslavíuforseta. Það hversu mikla áherzlu bandarísk yfirvöld lögðu á að Fischer gæti hvergi fundizt hann óhultur átti sér þó tvímælalaust pólitískar orsakir. Efast má um að bandarísk stjórnvöld hefðu lagt svona mikið upp úr því að draga einn frægasta son landsins fyrir rétt – fyrir þær sakir að hafa teflt nokkrar skákir – hefði hann látið vera að láta eins ljót orð falla og hann tamdi sér um gyðinga og meint áhrif þeirra á stjórnarstefnu Bandaríkjanna. Því ef það er eitthvað sem ekki telst fyrirgefanlegt í tabúhlaðinni opinberri umræðu í Bandaríkjunum þá er það opinskátt gyðingahatur.

Erindrekar Bandaríkjastjórnar mótmæltu því líka kröftuglega, er íslenzk stjórnvöld ákváðu vorið 2005 að veita Fischer ríkisborgararétt til að forða honum frá því að verða framseldur til Bandaríkjanna frá Japan, þar sem hann hafði verið handtekinn í júlí 2004 og haldið í gæzluvarðhaldi í níu mánuði. Áður hafði Fischer afsalað sér bandarískum ríkisborgararétti. Eftir komuna til Íslands fór hann aldrei aftur út fyrir landsteinana af ótta við hinn langa arm bandarískrar réttvísi.

Ævi og örlög Bobby Fischer eru dæmisaga um það hvernig maður gæddur snilligáfu á afmörkuðu sviði er oft meðalmanninum breyzkari á öðrum sviðum. Þótt hann hafi verið einangraður og bitur síðustu misseri ævi sinnar var þó vafalaust meiri reisn yfir ævikvöldi hans hér en hann hefði fengið að njóta í höndum bandaríska dómskerfisins. Það fór vel á því að Íslendingar gátu gert honum þann greiða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Holtið næst?

Haldið var upp á sextugsafmæli Davíðs Oddssonar með pompi og prakt á fimmtudag með fjölda góðra gesta. Eins og rifjað hefur verið upp hélt Davíð upp á fimmtugsafmæli sitt í Perlunni. Hann hefur því nýtt þau tvö hús undir stórafmæli sem hann stóð fyrir að yrðu reist. Það vekur upp spurningar um hvað Davíð geri eftir áratug. Auðvitað getur hann farið hringinn aftur í Perlunni, en það er alltaf gaman að reyna eitthvað nýtt, þótt á sama tíma sé traustvekjandi að halda í það sem þekkt er. Þótt ekki sé ástæða til annars en að ætla að Davíð sé fullfær um að skipuleggja sín afmæli sjálfur er kannski hægt að mæla með Hótel Holti undir næstu veislu. Eins og fram kom í síðasta þætti Kiljunnar er hann vanur því að hittast þar í góðra vina hópi.



Ekki var mikið um ræðuhöld í veislunni, eins og Björn Bjarnason lýsir henni á vefsíðu sinni. Kjartan Gunnarsson veislustjóri leyfði einungis þremur að taka til máls; þeim Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, Eiríki Guðnasyni seðlabankastjóra og Halldóri Blöndal, formanni bankaráðs seðlabankans.

### Að týna ráðuneyti

Hæfileikar manna eru á ýmsum sviðum. Fæstum hefur þó tekist, líkt og Valgerður Sverrisdóttir upplýsir að hún hafi gert í skemmtilegri sögu á heimasíðu sinni, að týna heilu ráðuneyti. Á öðrum starfsdegi hennar fór hún að velta fyrir sér hvar iðnaðarráðuneytið væri. Daginn eftir brá hún á það ráð að ráfa um rangala hússins, eftir að starfsfólk var farið heim, í leit að ráðuneytinu. Það kæmi nefnilega ekki vel út að spyrja starfsfólkið. Eftir mikinn leiðangur kom iðnaðarráðuneytið loks í ljós, vel falið á bak við móttökusvæði. Kannski hefði það verið heppilegt fyrir hana að hafa kortið sem Birta Össurardóttir teiknaði fyrir pabba sinn. Össur þarf reyndar ekki að hafa áhyggjur af því að týna iðnaðarráðuneytinu, því hann ber nú ábyrgð á því sem fram fór í „botnlanganum, sem ótrúlega lítið fór fyrir“.



svanborg@frettabladid.is

# Hólverjar, Útherjar



HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Í höllu konungs

Árni Mathiesen fór létt með að fylgja „eigin sannfæringu“ í stóra héraðsdómaramálinu. Hann hafði fyrir löngu selt hana góðum manni og átti því auðvelt val. Nú hafa deilurnar um embættisveitinguna fyllt blöð og skjái í heilan mánuð. Satt að segja hélt maður að þær myndu deyja út fyrir jól. En batnandi þjóð er best að lifa og kannski þokar umræðan okkur eilítið frá gamla fúla ættarveldinu.

Eigum við að snúa dæminu við og ímynda okkur að núverandi ráðherra Samfylkingar ráði dóttur fyrrum formanns síns í eftirsótt embætti? Að Kristján Möller, samgönguráðherra, geri dóttur Össurar Skarphéðinssonar að sérlegum eftirlitsmanni með framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng. „Hún hefur einstaka yfirsýn. Til dæmis kortlagði hún nýverið iðnaðarráðuneytið eins og það lagði sig.“

Kannski myndi heyrast hljóð úr horni.

### Frekar níð en stríð

Að ári mun síðan ungur héraðsdómari fyrir norðan sækja um hæstarétt og dómsmálaráðherra telja að „sú dýrmæta reynsla sem umsækjandinn hefur af störfum héraðsdómara“ geri hann langhæfastan í stöðuna. Og þar með er gamli Íslandspabbi kominn með þrjá menn í hæstarétt; son sinn, frænda og besta vin. Þá þarf hann ekki að gera annað en sækja um sjálfur og dómum sögunnar verður snúið við.

Gamla Ísland er klíkuveldi. Nýja Ísland er land tækifæranna þar sem menn komast áfram á hæfileikum en ekki ætterni. Þar sem menn verða ekki sjálfkrafa héraðsdómarar um leið og þeir flytja að heiman. Árni Mathiesen er ekki gamall maður en er þó fulltrúi gamla tímans sem rembist nú sem aldrei fyrr gegn síþyngjandi straumi framtíðar. Margir bardagar hafa tapast á undanförnum árum og herinn hopað æ lengra. Nú standa síðustu vígin hvort sínu megin við Arnarhól, hlaðin úr staksteinum og myndaalbúmum leiðtogans. Óvinirnir eru reyndar löngu hættir að berjast; þeirra stríð stendur annars staðar, á erlendri grund, í erlendri mynt. En í hugum Hólverja stendur styrjöldin þó enn. Þótt Útherjar vinni stærri lönd skal Hóllinn heima varinn. Hvað sem það kostar. Og enn skal „okkar mönnum“ potað í dómskerfið.

*Nú standa síðustu vígin hvort sínu megin við Arnarhól, hlaðin úr staksteinum og myndaalbúmum leiðtogans. Óvinirnir eru reyndar löngu hættir að berjast; þeirra stríð stendur annarstaðar, á erlendri grund, í erlendri mynt.*

Nær væri því að kalla þetta níð en stríð. Níðhögg kallast þau sem höggvin eru í bak þeim er berst við annan. Útherjar neyðast til að verja sig með hælnum heima um leið og hendur hreyfa sverðin utan lands. Ef strandhögg þeirra geigar er dansað heima á Hólnum og blásið til þórðargleði í Hádegismóum. Tryllingurinn svo mikill að enginn skilur fyrirsagnirnar nema blaðakonan og maðurinn yfir henni. „650 gætu farið!“ „Glitnir er hættur við!“ Hættur við hvað? Það var svo flókið að jafnvel greinin gat ekki útskýrt það. En allt er það í boði samkeppnisbankans.

### Allir heima

Hér hefur fátt breyst. Heimboðnir í höllu konungs verða höggnir er heim kemur. Hólverjar sjá ekki út fyrir Hólinn sinn og telja sig ekkert hafa til heims að sækja. Orkuveitan á að vera heima. Forsetinn á að vera heima. Allir eiga að vera heima. Enn skal varið land.

Yfirmaður íslenskra efnahagsmála hefur margoft málað sjálfan sig andstæðing stærstu banka og fyrirtækja landsins, og á greinilega ennþá innhlaup í ríkisstjórn, sér og sínum til handa. Því þýðir lítið fyrir kollega hans að skrifa gegn þeirri staðreynd í blöðin. Áður óþekktur starfsbróðir beggja mætir síðan í hádegisviðtal á Stöð tvö og talar eins og gamall ritsímamaður um tölvuknúið samfélag. Leggur til að enn harðari lög verði sett gegn yfirvofandi uppgjörum í evru, og minnir fyrir vikið á mann sem vill banna fyrirtækjum landsins að senda tölvupóst. „Gömlu skeytin hafa dugað okkur vel hingað til og engin ástæða til breytinga.“

Engin ástæða til breytinga. Í gjörbreyttu þjóðfélagi.

En áfram æðir tíminn og breytir stöðugt öllu sem á vegi hans verður. Ætlum við að reyna að standa gegn þeim þunga vagni eða taka okkur far með honum? Því ræður víst Árni gamli Matt og mun sjálfsagt láta „eigin sannfæringu“ ráða.

# Að skjóta sendiboðann

UMRÆÐAN

Sundabraut



G. PÉTUR MATTHÍASSON

Eitt af meginmarkmiðum Vegagerðarinnar er hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins. Iðulega þegar um nýframkvæmdir er að ræða leggur Vegagerðin fram nokkra kosti til athugunar og leggur fram mat á kostunum. Að því loknu gerir Vegagerðin tillögu um kost til framkvæmda.

Nauðsynlegt er umræðunnar vegna að árétta nokkur atriði. Vegagerðin hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa skoðun á því hvaða leið sé best. Það er eigi að síður hlutverk Vegagerðarinnar að leggja mat á kostina. Vegagerðin hefur einnig sagt að það sé komið að stjórnmálamönnunum að taka ákvörðun. Það hjálpar hinsvegar ekki umræðunni að segja að svart sé hvítt og hvítt sé svart.

Bent hefur verið á að Sundabraut er ekki einkamál Reykvíkinga. Gerð hennar og lega skiptir máli fyrir höfuðborgarsvæðið allt og fyrir landsbyggðina. Með hliðsjón af því er það mat Vegagerðarinnar að eyjalausnin sé betri kostur en jarðgöng, m.a. vegna þess að eyjalausnin dreifir umferð betur. Jarðgöng leiða umferð frekar vestur í bæ meðan eyjalausnin leiðir hana einnig til suðurs um Sæbraut og síðan Reykjanesbrautina. Færri færu þannig um Sundabraut í jarðgöngum en um innri leiðina og það drægi minna úr álagi á Ártúnsbrekkuna. Með eyjalausninni styttast einnig vegalengdir á milli staða meira en með jarðgöngum og því minnkar heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu.

Því hefur einnig verið haldið fram að Vegagerðin ofmeti kostnað við jarðgöng en vanmeti kostnaðinn að innri leiðinni. Þetta er alrangt. Miðað er við norska staðla og Evrópureglur sem ekki verður vikist undan. Væri miðað við sænska staðla myndi kostnaðurinn með vegtengingum reiknast 27 milljarðar króna, eða 12 milljörðum króna meiri en við eyjaleiðina. Kostnaður við eyjaleiðina sem er metinn á 15 milljarða króna hefur verið uppfærður til samræmis við jarðgöngin.

Rétt er enn að árétta að rekstrarkostnaður ganga er miklu meiri en af eyjalausninni og munar þar líklega að minnsta kosti 200 milljónum króna árlega.

Að öllu samanlögðu mælir Vegagerðin því með því að fara innri leiðina.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.*



Hér eru nokkur dæmi um bíla á útsölunni
NISSAN X TRAIL
Nýskr: 12/2006, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 11.000 þ.
Verð áður kr. 3.050.000
2.500.000,-
Greiðsla per mán.: 36.900
Fjöldi mán.: 84
550þ. AFSLÁTTUR
550þ. AFSLÁTTUR
HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 4/2004, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 62.000 þ.
Verð áður kr. 2.200.000
1.650.000,-
Greiðsla per mán.: 27.700
Fjöldi mán.: 72
630þ. AFSLÁTTUR
CITROEN C5
Nýskr: 12/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 30.000 þ.
Verð áður kr. 2.100.000
1.470.000,-
Greiðsla per mán.: 21.700
Fjöldi mán.: 84
JANÚARÚTSALA
RENAULT SCENIC II
Nýskr: 6/2004, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 272.000 þ.
Verð áður kr. 1.130.000
680.000,-
Greiðsla per mán.: 11.500
Fjöldi mán.: 72
450þ. AFSLÁTTUR
670þ. AFSLÁTTUR
510þ. AFSLÁTTUR
FORD ESCAPE
Nýskr: 11/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 35.000 þ.
Verð áður kr. 2.830.000
2.320.000,-
Greiðsla per mán.: 34.300
Fjöldi mán.: 84
RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 12/2005, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 22.000 þ.
Verð áður kr. 2.250.000
1.580.000,-
Greiðsla per mán.: 23.400
Fjöldi mán.: 84
360þ. AFSLÁTTUR
RENAULT MEGANE II
Nýskr: 4/2006, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 30.000 þ.
Verð áður kr. 1.880.000
1.520.000,-
Greiðsla per mán.: 22.500
Fjöldi mán.: 84
Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur
VISA
MasterCard
Bílarnir hér til hliðar fást á hagstæðum 100% MASTERCARD / VISA lánum til allt að 36 mánaða*. Fyrsta afborgun 2. apríl 2008. Gríptu tækifærið og fáðu þér ódýran bíl á frábærum kjörum.
40% AFSLÁTTUR
NISSAN TERRANO
Nýskr: 7/1999, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 173.000 þ.
Verð áður kr. 690.000
390.000,-
Greiðsla per mán.: 13.450
Fjöldi mán.: 36
40% AFSLÁTTUR
MITSUBISHI CARISMA
Nýskr: 7/2000, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 140.000 þ.
Verð áður kr. 470.000
270.000,-
Greiðsla per mán.: 10.150
Fjöldi mán.: 36
30% AFSLÁTTUR
LAND ROVER FREELANDER
Nýskr: 10/2000, Bensín,
Sjálfskiptur
Ekinn 70.000 þ.
Verð áður kr. 1.230.000
860.000,-
Greiðsla per mán.: 31.750
Fjöldi mán.: 36
30% AFSLÁTTUR
SUBARU LEGACY
Nýskr: 1/2000, Bensín,
Beinskiptur
Ekinn 142.000 þ.
Verð áður kr. 750.000
530.000,-
Greiðsla per mán.: 19.650
Fjöldi mán.: 36
FYRSTUR KEMUR
- FYRSTUR FÆR!
bíla land B&L
notaðir bílar
bilaland.is
Reykjavík 575 1230
Selfoss 575 1460
Bílaland B&L
Grjóthálsi 1 Reykjavík
Hrísmýri 2a Selfossi
Opið virka daga frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.




**L200**
2,5 lítra | 4ra strokka dísilvél DI-D | 165 hö. | 343 Nm.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.

Fíton/SÍA

# SÝNUM SEX ÖFLUGA JEPPA
# Í DAG OG Á MORGUN




**OUTLANDER**
2,0 lítra | 4ra strokka dísilvél DI-D | 140 hö. | 310 Nm.
2,4 lítra | 4ra strokka bensínvél | 170 hö. | 216 Nm.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.

**PAJERO**
3,2 lítra | 16 ventla DI-D dísilvél | 170 hö. | 373 Nm.
3,8 lítra | 24ra ventla V6 bensínvél | 250 hö. | 329 Nm.
Innbyggð stöðugleika– og spólvarnarstýring.

Búðu þig undir kraftmikla helgi. Taktu frá tíma til að skoða sex kraftmikla 4x4 bíla, þar á meðal breytta Pajero á 35" og 44" dekkjum, nýjan sjálfskiptan Outlander og enn kraftmeiri L200. Einnig verða glæsilegir Mitsubishi jeppar sýndir hjá umboðsmönnum um land allt.

MITSUBISHI MOTORS

**Kaffi á könnunni. Komdu og finndu kraftinn. Opið 10-16 lau. og 12-16 sun.**

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

FOOL FOR LOVE

Gagnrýnendur eru á einu máli:

★★★★

"sýning sem gleður, hræðir, skelfir og hrífur... heilsteypt flott listaverk."
E.B. Fréttablaðið

"fátt sem geislar jafnmikilli ástríðu á sviði núna"
M.R. Morgunblaðið

"verkið er unnið af heiðarleika, alúð og auðmýkt... Til hamingju!"
Þ.E.S. Víðsjá. RÚV

"unnendur góðrar leiklistar láti þessa sýningu ekki fram hjá sér fara"
E.B. Fréttablaðið

Tryggðu þér miða núna!
Miðasala á midi.is
og í síma 551 4700

Sýnt í Silfurtunglinu, Austurbæ.
Næstu sýningar:
lau 19/1 kl. 20, uppselt.
lau 19/1 kl. 22,
fös 25/1 kl. 20, uppselt.
fös 25/1 kl. 22, aukasýning.
lau 26/1 kl. 20

Höfundur: Sam Shepard
Leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson
Tónlistarstjóri: KK
Ljósahönnuður: Jón Þorgeir Kristjánsson
Búningahönnuður: Rannveig Eva Karlsdóttir
Hljóðhönnuður: Sindri Þórarinsson
Leikmyndahönnun: Mekkín Ragnarsdóttir
Leikarar: Sveinn Ólafur Gunnarsson,
Þóra Karítas, KK og Magnús Guðmundsson.



AUSTURBÆR
PEPSI MAX

MAÐUR VIKUNNAR

# Óháður vinnuþjarkur

Sigurður Líndal, prófessor í lögfræði, hefur verið óhræddur við að tjá sig um lagaleg álitamál. Í vikunni ritaði hann grein í Fréttablaðið þar sem hann átaldi nýlega skipan dómara í Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands.

Sigurður er lítið fyrir að flytja, en hann býr enn á bernskuheimili sínu, Bergstaðastræti 76 í Reykjavík, þar sem hann fæddist. Hann er ekki óvanur erfiðisvinnu og var meðal annars á sjó sem ungur maður. Þá er hann sagður mikill vinnuþjarkur, finnst gaman að vinna og líkist föður sínum að því leyti. Sigurður var prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands frá árinu 1972 til 2001 og aftur við Háskólann á Bifröst frá 1. nóvember síðastliðnum. Sagði hann af því tilefni að það að hefja störf að nýju gæti orðið til þess að menn hugleiddu hvort það þurfi endilega að leysa menn frá störfum þótt þeir hafi náð tilteknum aldri.

Mikil virðing er borin fyrir því hvað hann hefur sterkar og ákveðnar skoðanir. Hann er óhræddur við að tjá þær og taka þátt í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni. Hefur Sigurður verið merkisberi þeirrar hugsunar að háskólafólk taki líka þátt í slíkum umræðum enda sé það mikilvægt fyrir lýðræðislega rökræðu að fólk eins og Sigurður, sem hefur traust og trúverðugleika, sé tilbúið að koma fram og tjá sig um grundvallarmál burtséð frá flokkslínum. Hann hefur aldrei viljað lúta neinum línum sem aðrir setja fyrir hann heldur þvert á móti verið óháður þegar hann tjáir sig og verið óhræddur við það. Er honum því lýst sem sjálfstæðum manni og engum háður. Þá er hann talinn frjór í hugsun og hafa ferska sýn á hlutina.

Sigurður er hjálpsamur og þykir gott til hans að leita enda er hann hafsjór af fróðleik. Þá er hann sagður ákaflega lifandi persóna sem nýtur þess að tala við fólk og upplýsa.

## SIGURÐUR HELGI THEODÓRSSON LÍNDAL



### ÆVIÁGRIP

Sigurður Helgi Theodórsson Líndal fæddist 2. júlí 1931 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Theodór Björnsson Líndal, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík og prófessor við Háskóla Íslands, og Þórhildur Pálsdóttir Líndal, fædd Briem, húsfreyja í Reykjavík. Hann brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1951 og frá Háskóla Íslands (HÍ) í janúar 1957 með BA-próf í latínu og sagnfræði. Cand.juris frá sama skóla 26. maí 1959. Hann lagði stund á framhaldsnám í réttarsögu við Kaupmannahafnarháskóla frá nóvember 1960 til júní 1961 og við Rheinische Friedrich Wilhelms Universität í Bonn frá október 1961 til desember 1962. Þá lauk hann cand.mag.-prófi í sagnfræði frá HÍ í júní 1968. Meðal starfa má nefna fulltrúi hjá borgardómara í Reykjavík, fulltrúi hjá yfirborgardómara í Reykjavík, hæstaréttarritari, lektor við lagadeild HÍ, prófessor við sömu deild, dómari í Félagsdómi og prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst. Þá hefur hann gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum og má þar nefna forseta lagadeildar HÍ og forseta Hins íslenska bókmenntafélags frá árinu 1967 sem hann gegnir enn.

Sigurður er kvæntur Jóhönnu Maríu Jóhannsdóttur, fyrrverandi skrifstofustjóra í heimspekideild Háskóla Íslands. Þau eiga eina dóttur auk þess sem Jóhanna átti dóttur af fyrra hjónabandi.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hljóp hálft maraþon þegar hann var sjötugur að aldri.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann er óhræddur við að segja sínar skoðanir og taka þátt í þjóðfélagsumræðunni sem ég held að sé mjög mikilvægt í lýðræðisþjóðfélagi að háskólafólk geri."
Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, samstarfsmaður og fyrrum nemandi.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Ég hef aldrei skilið háskólakennara sem þykir það eitthvert stöðutákn að vera laus við kennsluskyldu. Það eru menn allir í vísindum og svo háfleygir að ungviðið er langt fyrir neðan þá að því er virðist."
Í Fréttablaðinu, 6. nóvember 2007.

Er hann þekktur fyrir að rökræða mikið við nemendur, líka utan kennslustunda, en hann hefur kennt nánast öllum lögfræðingum landsins. Sumum nemendum hans hefur þó þótt hann á stundum fara full mikið útfyrir námsefnið í útskýringum sínum um námsefnið.

Sigurður er ákaflega minnugur en hans helstu áhugaefni hafa verið öðrum þræði sögulegs efnis eins og réttarsaga og almenn saga sem hann fléttar saman. Er hann sagður hafa gríðarlega mikla þekkingu á því efni og jafnvel sagt að hann eigi engin áhugamál utan lögfræði og sagnfræði. Því er þá haldið fram að hann vinni við sín áhugamál.

Sigurður þykir óskaplega barngóður þrátt fyrir að hann sé mjög strangur. Hann er í raun ljúfur og friðelskandi en stendur á sínu þegar hann þarf. Er hann mjög löghlýðinn og reglufastur, ættrækinn og finnst gaman að hitta gamla vini. Hann telst langt frá því að vera góður bílstjóri enda var lengi vel enginn bifreið til á heimili hans. Honum gengur illa að rata í úthverfum borgarinnar og nágrannasveitarfélögum en þekkir Þingholtin og hina gömlu Reykjavík eins og lófann á sér. Hann vill helst fara ferða sinna sem mest fótgangandi.

Sparsemi telst til dyggða hjá Sigurði enda er hann ekki fyrir að eyða peningum í óþarfa. Gengur það jafnvel svo langt að hann kvartar undan því þegar hann þarf að eyða peningum í það sem honum finnst vera óþarfi. Hann er nýtinn enda fæddur í kreppunni og alinn upp við að nýta allt. Hefur hann oft talað um hvernig yfirhöfnum var vent í þá daga til að auka nýtni.

Sigurður er sagður lítið hafa breyst í útliti og framkomu í gegnum tíðina. Hann er enn í fullu fjöri andlega og líkamlega og duglegur að stunda heilsurækt eins og skokk. Er honum lýst sem óvenju lifandi, kraftmiklum og heilsuhraustum manni sem fari vel með sig. Sem dæmi hljóp hann hálft maraþon þegar hann var sjötugur.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

A WORLD OF INSPIRATION FOR YOUR HOME

útsala

# the PIER

Full búð af freistandi tilboðum

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR




Glasamottur
áður 1.990
Nú 990

Diskamottur
áður3.490
Nú 1.690

BAMBOO print glasamottur og diskamottur
523196/523066 og 547338/547482




áður 22.900
Nú 15.990

LINDI kista Sett, stór og lítil
553766




PAPASAN stóll
áður 19.900
Nú 14.990




áður 2.990
Nú 1.990

SERENE stytta 30cm
475457




áður 3.990
Nú 990

SPINNING rammi og CD geymsla
3 litir: hvítur, brúnn og svartur
544924/544931/544955



KERALA sófaborð áður: 14.900 nú: 10.430
KERALA bókahilla áður: 29.900 nú: 20.930
KERALA console borð áður: 19.900 nú: 13.930
KERALA borðstofustóll áður: 9.990 nú: 6.993
KERALA borðstofuborð áður: 39.900 nú: 27.930
KERALA stækkunarplötur áður: 3.990 nú: 2.793
KERALA 3 innskotsborð áður: 9.900 nú: 6.930

30% afsláttur




áður 990
Nú 690

MOSAIC vín –og kampavínsglas
476195/476201




áður 1.990
Nú 590

TRUMPET blómavasi
H40xB20xD20
539272




áður 2.990
Nú 1.490

SEAGRASS bakkar 2stk.
524858




verð frá 339

Mikið úrval af gerviblómagreinum

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




## Mitt rugl var ofþjálfun og ofæfingar

Sundkappinn Örn Arnarson er snúinn aftur og segir gróusögur um sig hafa leikið lausum hala.

## Síðustu dagar Sirkuss

Frægasti bar Reykjavíkur syngur sitt síðasta.

## Allt um íþróttir laugardagsins

Ekki bíða fram á mánudag eða þriðjudag með að lesa dagblaðaumfjöllun um landsleik Íslands og Slóvakíu á EM í Noregi.

## Menning

## Nýtt tímarit sem fylgir mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins

Í Menningu á sunnudag er ítarleg umfjöllun um íslenskar leiknar þáttaraðir sjónvarpsstöðvanna, hrinu af nýjum íslenskum óperum, Brúðgumann og nýja bók um Erró. Þá er alþjóðlega leiklistarhátíðin í Reykjavík kynnt og fjallað um heimsmarkað í myndlist og frjálsa blaðamennsku í Rússlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga





# Stöðvum lekann!

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um smjörklípu, Gröndal, Tarantino og Stormsker, takmarkaða námshæfileika, heilsurækt fyrir heilabúið og nauðsyn þess að stöðva lekann sem er kominn að ríkisstjórninni – jafnvel þótt hún geti ekki sokkið fremur en Titanic.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 11. JANÚAR**

### Undir fögru skinni...

Í fréttum var þetta helst:

„Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi forsætisráðherra, styður þá ákvörðun flokksbróður síns, Árna M. Mathiesen, að skipa Þorstein Davíðsson sem héraðsdómara og segir óþolandi að menn séu látnir gjalda þess hverra manna þeir eru.“

Það er fremur gagnsætt lýðskrum að reyna að gera piltinn sem skipaður var héraðsdómari að fórnarlambi í þessu máli. Enginn hefur fundið þeim unga manni neitt til foráttu. Öll umfjöllun beinist að ráðherra sem að flestra dómi hefur gert sig sekan um mjög alvarleg embættisafglöp og ríkisstjórn og Alþingi sem slær skjaldborg um spillta og forneskjulega stjórnarhætti.



Orðið „smjörklípa“ hefur öðlast nýja merkingu í málinu, og á endurnýjun lífdaganna að þakka fyrirferðarmiklum stjórnmálamanni sem hélt því miður að list stjórnmálanna fælist í að afvegaleiða eða drepa á dreif umræðu um alvarleg mál með útúrsnúningum og orðhengilshætti.

Slík smjörklípu-framkoma var kölluð „fals“ hér áður fyrr og þeir menn sagðir falskir sem þóttust ekki sjá augljósan mun á réttu og röngu.

Dæmi um slíkt eru til að mynda máltæki eins og: Oft er smjörklípa undir fögru skinni.

**SUNNUDAGUR, 13. JANÚAR**

### Takmarkaðir námshæfileikar

Ég er orðinn háður námskeiðum. Besta aðferðin sem ég kann til að halda heilanum í mér í sæmilegu formi er að fara með hann á námskeið bæði í tungumálum og öðru sem ég hef áhuga á svo að hann fái ný og ný viðfangsefni og viðhaldi þannig þoli, styrk og skerpu.

Síðan ég uppgötvaði þessa heilsurækt hugans hef ég farið á ýmis námskeið og nú síðast í morgun mætti ég á námskeið í kínversku. Það var stórkostlega skemmtilegt.

Það eru þau merkilega góðu áhrif sem nudd og nálastungur hjá Kínverjum í Heilsudrekanum hafa haft á gigtina í mér sem valda því að mig langar til að fræðast meira um Kína og kínverska menningu. Ef það á fyrir mér að liggja að ferðast til Kína með frú Sólveigu einhvern tímann í framtíðinni langar mig að geta boðið góðan daginn á máli þarlendra.

Kennarinn er frábær. Hún heitir Qing og heldur því fram að það sé auðveldara fyrir Íslending að læra kínversku en fyrir Kínverja að læra íslensku – burtséð frá því að við komumst af með fáeina bókstafi meðan þeir nota fleiri þúsund og fimmhundruð rittákn.

Í Kínaveldi eru töluð ótal mörg tungumál og mállýskur en það er Mandarínska sem Qing vill reyna að kenna okkur. Námið hefst sem betur fer ekki á því að læra utanbókar nokkur þúsund falleg tákn heldur látum við rómverska bókstafi duga til að byrja með. Slík stafsetning heitir pinyin og gerir það að verkum að það virðist ekki alveg óyfirstíganlegt að læra pínulítið hrafl í kínversku.

Því miður get ég samt ekki byrjað fyrir alvöru á náminu fyrr en eftir nokkrar vikur, því að núna er það næst á dagskrá hjá mér að bregða mér af bæ í rúman mánuð til að gera enn eina atlöguna að því að skrifa bók sem hefur sýnt mér mikinn mótþróa undanfarin ár.

Námshæfileikar mínir hafa þróast á athyglisverðan hátt gegnum tíðina.

Þegar ég var ungur mundi ég allt en skildi ekkert.

Núna skil ég allt en man ekkert.

**MÁNUDAGUR, 14. JANÚAR**

### Bjögginn og Baugsmiðlarnir

Fór með Finni vini mínum í verslunarleiðangur að kaupa nýja ofna í Bolholt og nýja vatnsdælu. Á þessu hef ég álíka mikið vit og sumir stjórnmálamenn á muninum á réttu og röngu. Samt þykir Finni gott að hafa mig með og gera mig samábyrgan fyrir ákvörðunum sem hann tekur sjálfur. Öfugt við ríkisstjórnina finnst mér skynsamlegt að fara í einu og öllu eftir tillögum manns sem hefur meira vit en ég á hlutunum.

„Björgólfur Guðmundsson ræður nú 50,2% hlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins og 24 Stunda,“ samkvæmt því sem fram kemur í Viðskiptablaðinu í morgun.

Það styttist þá væntanlega í að Mogginn fái gælunafnið Bjögginn og næsti kaflinn í fjölmiðlasögunni fjalli um Bjöggann og Baugsmiðlana.

Á dv.is getur að líta athyglisverða frétt. Hún er svona:

„Óbeit Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á Kaupþingi, Baugi og tengdum fyrirtækjum er alkunna og hefur seðlabankastjórinn í gegnum tíðina látið ýmis ummæli falla um aðstandendur fyrirtækjanna. Nokkrum vikum fyrir jól voru Davíð og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, á meðal þeirra sem sóttu ársfund Alþjóðabankans í Washington DC. Meðan á fundinum stóð lenti þeim félögum harkalega saman vegna þess vilja Kaupþings að gera upp í evrum. Davíð mun þá hafa tekið upp gamla takta og látið í ljósi vilja til aðgerða gegn fyrirtækinu verði kröfum um evruuppgjör haldið til streitu.“

Eitt sinn skáti, ávallt skáti!

**ÞRIÐJUDAGUR, 15. JANÚAR**

### Helför á Laugavegi

Nú er þingið hafið og steypuvélarnar farnar að snúast fyrir alvöru. Það er ekki skrýtið að utanríkisráðherrann okkar skuli vera að verða jafnþjökuð og Halldór Ásgrímsson á svipinn – minnir helst á manneskju sem hefur stigið ofan í eitthvað sem ekki á að liggja á gangstéttinni í siðmenntuðu samfélagi.

Í dag kom loksins að því að ég gæti farið út til að moka af tröppunum. Það er gaman að fá snjóinn. Jólalegt um að litast þótt jólasveinarnir séu farnir úr rauðu einkennisbúningunum og komnir aftur í dragtir og jakkaföt.

Á Laugavegi 12 í Start Art stendur núna yfir mjög óvenjuleg myndlistarsýning eftir einhvern vandaðasta listamann Íslands, Sigrid Valtingojer. „Ferð án endurkomu“ heitir þessi áhrifamikla sýning og er innblásin af ferðalagi hennar til að taka þátt í hjálparstarfi í Palestínu. Einfaldur og áhrifamikill texti fylgir myndunum, sem fjalla á einlægan hátt um þá helför sem Ísraelsmenn hafa búið Palestínumönnum og heimurinn stendur hjá og hefst ekki að.

Það ættu allir sem labba Laugaveginn að líta við á þessari mögnuðu sýningu og rifja upp kunnáttu sína í kristilegum kærleika við þessar frásagnir frá Landinu helga.

**FIMMTUDAGUR, 17. JANÚAR**

### Að stöðva lekann

Í dag var ég að hugsa um hvað afneitun getur verið hættuleg.

Skipstjórinn á Titanic stóð í þeirri trú að hið volduga skip gæti ekki sokkið og áttaði sig ekki á því fyrr en á hafsbotni að það var misskilningur. Það kostaði 2.000 mannslíf.

Jafnvel þótt ríkisstjórn hafi 70% stuðning í augnablikinu og haldi að hún geti flotið yfir hvað sem er þá hefur hefur ríkisstjórnarfleyið steytt á ísjaka almenningsálitsins.

Í sporum Alþingis mundi ég taka fjármálaráðherrann og troða honum í gatið til að stoppa lekann. Hann hefur gengið fram af þeim hluta þjóðarinnar sem hefur siðgæðisvitund. Og það er mun stærri hópur en þessi 70% stuðningur sem stjórnin státar af!

Frétti í kvöld að borgarráð finni sér ekkert þarfara að gera en fjalla enn eina ferðina um delluhugmyndina um Gröndalshús – sem einhverjir bírókratar hjá borginni hafa fengið á heilann að troða inn í Grjótaþorpið.

Það er merkilegt að borgaryfirvöld í Reykjavík skuli finna þá einu aðferð til að heiðra látið skáld að rífa húsið hans og endurbyggja í öðru bæjarhverfi og flæma burt lifandi listamenn í leiðinni! Af hverju er ekki frekar sett upp snotur stytta af Benedikt Gröndal en að rífa húsið sem hann bjó í til að breyta því í gistiheimili fyrir útlenda rithöfunda? Meiri stæll væri á því hjá borgaryfirvöldum að slá í púkk með Tarantino og kaupa Vogakastalann af Sverri Stormsker og útbúa þar kames undir súð handa erlendum skáldum í leit að andagift.

Reyndar hefur borgaryfirvöldum verið bent á þá einföldu lausn á þessu máli að setja Gröndalshúsið niður á auða lóð á horni Garðastrætis og Túngötu þar sem það væri ekki fyrir neinum og ekkert þyrfti að víkja annað en risastór steinhnullungur frá Lithaugalandi sem hvort sem er þyrfti að komast á betri stað – helst í námunda við fjörugrjót.

Ef þetta útlenda grjót verður ekki fjarlægt fyrr en síðar munu komandi kynslóðir halda að Grjótaþorpið dragi nafn sitt af þessum innfluttu grjóthnullungum.

Svo er þó ekki.



# HORFÐU Á HEIMSINS BESTA HANDBOLTA

## Í SHARP® SJÓNVARPI

Handball euro 2008
17-27 January

## *Handboltaverð*
## *– meðan á keppninni stendur!*



**32" LCD SHARP sjónvarp**
SHARP LC32WD1E
***Handboltaverð kr. 119.900,-***

**42" LCD SHARP sjónvarp**
SHARP LC42WD1E
***Handboltaverð kr. 184.900,-***

• HD Ready: 1366x768 punkta upplausn • Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa • Svartími: 6ms • Sjónsvið: 176°/176° • DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort • Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur • TruD myndvinnsla: eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar • Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

SHARP®

- Frumkvöðull LCD-sjónvarpstækninnar.
- Einn stærsti sjónvarpsframleiðandi í heimi.

## *GERÐU GÓÐ KAUP – OG VELDU VANDAÐ!*

# ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



# Ferðadagar Icelandair og Hagkaupa

**Frá 17.–27. jan.**

**50 FERÐAVINNINGAR!**
Allir kassastrimlar eru happdrættismiðar. Neðst á strimlinum er númer, þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerinu og færð samstundis svar við því hvort þú hefur dottið í lukkupottinn.

**ÞÍN BORG Á HAGKAUPSVERÐI**
Spennandi heimsborg á tilboðsverði á hverjum degi.

**SÖLUBÁSAR Í VERSLUNUM HAGKAUPA**
Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og á Akureyri. Þar gefst viðskiptavinum kostur á að bóka sér ferð.

# Hvert vi




**Cars þyrla**




**Ferðatöskur** 3 stærðir




**Wrigley's tyggjó karton**




**Little Pet Shop leikjaöskjur**




**Panasonic ryksuga** MCE7113
- 1600w, 320w sogkraftur




**Dýrin í Hálsaskógi DVD**

**STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI DUTY FREE TILBOÐUM…**

**NÝR FERÐABÆKLINGUR ICELANDAIR**
Mín borg, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.



# ltu fara?

## NEW YORK Á FRÁBÆRU VERÐI Í DAG

Kauptu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.




**New York BBQ hamborgarar 140g**
- 2 stk. , sósa, ostur og brauð




**New York kjúklingalundir**
- kryddlegnar




**New York piparsteik**




**Ben & Jerry´s ís**

WWW.ICELANDAIR.IS

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Gissurarson**
prentari, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi, aðfaranótt 18. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðný Helgadóttir**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Björn H. Jóhannesson**
**Ásta Gunnarsdóttir** **Guðmundur R. Bragason**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Haraldur Þ. Gunnarsson**
**barnabörn og langafabarn.**



†

*Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Richard Svendsen (Rikki)**
Suðurhólum 24, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 17. janúar. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 24. janúar kl. 15.00.

**Úlfheiður Ingvarsdóttir**
**Ingvar Hinrik Svendsen** **Iðunn Vaka Reynisdóttir**
**Hermann Markús Svendsen**
**Elísabet Alma Svendsen**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Marís Kristján Gústaf Adólf Haraldsson**
frá Bolungarvík, Dalbraut 20, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 29. desember 2007. Bálför Marísar fór fram föstudaginn 11. janúar í kyrrþey að ósk hans. Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og vináttu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 4-B á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

**Guðrún Þórarinsdóttir**
**Marís Gilsfjörð Marísson**
**Guðrún Auður Marísdóttir**
**Ásvaldur Jón Marísson** **Soffía Jacobsen**
**Páll Sigurð Marísson**
**Ágústa Katrín Marísdóttir** **Árni Júlíus Friðbjarnarson**
**Hafrún Valbjörg Marísdóttir** **Helgi Samsonarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar S. Júlíusson**
(á Bakka), síðast til heimilis að Hagaflöt 11, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 17. janúar.

**Sigrún Gunnarsdóttir** **Gísli V. Jónsson**
**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Björgvin Ó. Eyþórsson**
**Viðar Gunnarsson** **Hafdís Sigurþórsdóttir**
**Daníel Gunnarsson** **Sigríður Ingvarsdóttir**
**Dröfn Gunnarsdóttir** **Magnús Þráinsson**
**Ívar Gunnarsson** **Bjarney Pálsdóttir**
**og afabörn.**



†

*Við þökkum hlýhug og samúð sem margir sýndu okkur við andlát og útför*

**Jóhanns Ragnarssonar**
læknis.

Sérstakar þakkir færum við frábæru starfsfólki Borgarspítala og Landspítala sem annaðist hann í gegnum árin.

**Hanna Gunnarsdóttir**
**Anna Jóhannsdóttir** **Ástráður Eysteinsson**
**Heiða Jóhannsdóttir** **Björn Þór Vilhjálmsson**
**Magnús Jóhannsson** **Mará Björg Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

**SÖNG- OG LEIKKONAN DOLLY PARTON ER 62 ÁRA Í DAG**

*„Ég tek alls ekki brandara um heimskar ljóskur nærri mér. Ég hef hjarta undir brjóstum mínum og heila undir hárkollunni.“*

***Dolly Parton er þekktasta kántrísöngkona veraldar og hefur unnið mörg afrek á hvíta tjaldinu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. JANÚAR 1903

## *Strand á Skeiðarársandi*

Það var þennan dag fyrir 95 árum að þýski togarinn Friederich Albert strandaði á miðjum Skeiðarársandi. Tólf manna áhöfn var um borð og komust allir lifandi frá borði. Í landi varð enginn strandsins var og hraktist áhöfnin um sandinn í tvær vikur, en úr skipinu hafði henni tekist að bjarga smávegis af fatnaði og vistum.



Frá strandstað var fimm tíma reið til næstu bæja þegar færð leyfði. Skipbrotsmennirnir reyndu hvað þeir gátu að komast til byggða en hvarvetna hindruðu straumþung jökulfljót för þeirra. Úr tunnum og braki úr skipsflakinu gátu þeir reist sér skjóllítið skýli, en vistin var nöpur og hungrið allsráðandi.

Eftir átta daga harða vetrarvist á sandinum ákvað stýrimaður að brjótast vestur yfir vötnin einn síns liðs en til hans spurðist aldrei framar. Skipsbrotsmönnum hafði tekist að reyra saman fleka og tíu dögum eftir strandið lögðu þeir af stað yfir Hvalsíki. Tveir höfðu þá látist. Með miklum erfiðismunum tókst mönnunum níu að komast yfir og að bænum Orrustustöðum þar sem fátækur einyrki bjó, en eftir stutta vist hjá honum tóku sýslumaður og héraðslæknir við þeim. Árið eftir lét Ditlev Thomsen kaupmaður reisa skipsbrotsmannaskýli á strandstað, hið fyrsta hérlendis.

AFMÆLI



**Hilmar Oddsson** kvikmyndagerðarmaður er 51 árs.



**Óttar Felix Hauksson** athafnaskáld er 58 ára.



**Sigurður Rúnar Jónsson** tónlistarmaður er 58 ára.



**Árni Tryggvason** leikari er 84 ára í dag.



†

*Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Guðbjargar Sigurðardóttur**
ljósmóður.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Hrafnistu við Brúnaveg fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Margrét Sigurðardóttir.**



†

*Bróðir okkar og mágur,*

**Halldór Sveinbjarnarson**
frá Ísafirði, Austurströnd 8, Seltjarnarnesi,

sem lést á Landakoti 11. janúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. janúar kl. 13.00.

**Sigríður Sveinbjarnardóttir**
**Jóhanna Sveinbjarnardóttir** **Þorvaldur Tryggvason.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir**
Dvalarheimilinu Hlíð, áður Ránargötu 27, Akureyri,

lést þann 16. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.30.

**María Elínborg, Herdís, Jón Grétar, Bjarni Rafn, Áslaug**
**Nanna og Ingvi Júlíus Ingvabörn,**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
frá Flatey á Skjálfanda

andaðist á Hjúkrunarheimilinu í Sunnuhlíð þriðjudaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

**Hjördís Ásberg** **Hjörleifur Jakobsson**
**Guðmundur Gauti Sveinsson** **Elísa Björg Sveinsdóttir**



**LA TRAVIATA** Ópera Skagafjarðar er aðeins ársgömul en hefur heillað áhorfendur með óperunni La Traviata. MYND/JÓN HILMARSSON

ÓPERA SKAGAFJARÐAR: SÝNIR Í IÐNÓ

# Sýnir í fyrsta sinn í Reykjavík

Ópera Skagafjarðar sýnir óperuna La Traviata í Iðnó á morgun, 20. janúar, en það verður lokasýning óperunnar á þessu vinsæla verki Giuseppe Verdi.

„Við vildum fara sem víðast um landið með óperuna, en áður höfum við sýnt fyrir fullu húsi tvær sýningar í Varmahlíð og á Akureyri með sinfóníuhljómsveit, og minni sýningar með píanóundirleik á Egilsstöðum, Hvolsvelli og Blönduósi. Þannig verður það einnig í Reykjavík,“ segir Jón Hilmarsson, framkvæmdastjóri Óperu Skagafjarðar, sem stofnuð var síðasta vetur.

„Það var í Barcelona á Spáni sem ég féll fyrir úkraínsku sópransöngkonunni Alexöndru Chernyshova sem þá var fastráðin við óperuna í Úkraínu. Ég var þar á rölti sem ferðamaður en hún sem spænskumælandi túlkur fyrir börn sem áttu um sárt að binda frá Tsjernobyl. Þetta var ást við fyrstu sýn og hlutirnir gerðust hratt, en nú eru liðin fjögur ár síðan hún fluttist til Íslands,“ segir Jón um undanfara og tilurð Óperu Skagafjarðar.

„Alexöndru langaði mikið til að halda áfram óperusöng og þá var ekkert betra en að stjórna óperunni sjálf úr því við vorum búsett hér nyrðra,“ segir Jón sem trúir ekki á bið þess að hlutirnir komi til manns.

„Við höldum ótrauð áfram og munum á hausti komanda setja upp Rigoletto eftir Verdi. Þá verðum við einnig með tónleika í Sæluvikunni í apríl um leið og við gefum út tvöfaldan disk með völdum lögum úr La Traviata. Með honum fylgir dvd-diskur með heimildarmynd um fæðingu Óperu Skagafjarðar og uppsetningu La Traviata,“ segir Jón sem sjálfur gengst við algjöru lagleysi þótt í söngríkum Skagafirði sé, enda aðkomumaður úr Keflavík í erindagjörðum skólastjóra við grunnskólana á Hofsósi, Hólum og Sólgörðum.

„Alexandra er eini atvinnumaðurinn í Óperu Skagafjarðar en þar eru líka einsöngvarar sem lokið hafa söngnámi og aðrir sem enn eru að læra. Alexandra stofnaði sjálf söngskóla sem tók til starfa nú í janúar og úr hans starfi mun óperan vafalaust njóta góðs af nemendum sem geta tekið þátt í verkefnum framtíðarinnar,“ segir Jón, en það var Alexandra sem fékk leikkonuna Guðrúnu Ásmundsdóttur til liðs við óperuna sem leikstjóra og sögumann í La Traviata.

Falleg saga liggur að baki búningum í sýningunni. „Móðir Alexöndru kom með þessa dýrindis búninga færandi hendi frá Úkraínu og gaf óperunni, en Alexandra hafði tekið mál af konum sýningarinnar áður.

Karlana klæddum við svo upp í spariföt frá Dressman hérna heima,“ segir Jón brosmildur, en alls verða 1.300 manns búnir að sjá og njóta La Traviata í flutningi Óperu Skagafjarðar þegar tónleikaröðinni lýkur í Iðnó á sunnudag.

**thordis@frettabladid.is**

**Citroën C3 hampar frægum verðlaunum.
Til dæmis 'Word Car Award' fyrir frábæra
hönnun, öryggi og gæði.**

CITROËN




**Snjóbílaverð í dag: 1.598.000 kr. Verð áður: 1.725.000 kr.***

# Kauptu snjóbíl á færuverði

Komdu í Brimborg í dag. Reynsluaktu Citroën C3 og upplifðu einstaka aksturseiginleika. Nýttu þér tækifærið - kauptu franskan Citroën C3 á sérstöku snjóbílaverði. Nýttu þér 127.000 króna snjóbíla-afsláttinn. Taktu 100% fjármögnun. Sjáðu Citroën.

**Snjóbílaverð Citroën C3:**
**- 127.000 króna afsláttur**
**- allt að 100% fjármögnun**

**Citroën C3 SX 1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra**
**C02 losun 145 g/km , eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.





















www.olgerdin.is








# Stærsta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins

## Egils og Danól hafa sameinast undir nafni Ölgerðarinnar

Ölgerðin er staðráðin í að vera besta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins á sviði mat-, drykkjar- og sérvöru. Með sameiningunni er stefnt að aukinni hagkvæmni sem gerir Ölgerðinni kleift að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir verslun og neytendur í landinu.




Ölgerðin
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Mitt rugl var ofþjálfun og ofæfingar

Skin og skúrir hafa skipt hratt með sér vöktum í lífi **Arnar Arnarsonar**. Öll munum við eftir því þegar honum skaut upp á stjörnuhimin íþróttanna, aðeins sautján ára gömlum, en síðan þá hefur hann unnið ótrúleg afrek og er meðal annars einn af aðeins fjórum íþróttamönnum sem kosnir hafa verið íþróttamaður ársins þrisvar sinnum eða oftar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti sundkappann, sem hefur meðal annars farið í þrjár hjartaþræðingar undanfarin tvö ár og segir gróusögur um sig hafa leikið lausum hala.



AFTUR KOMINN Í BAKSUNDIÐ Baksundið gerði Örn Arnarson að því sem hann er en vegna meiðsla hefur hann ekki getað att kappi í þeirri grein undanfarin ár. Í haust ákvað hann að kýla aftur á greinina af fullum krafti með frábærum árangri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mér líður svolítið eins og fólk hafi haldið að ég væri hreinlega dauður. Það er búið að hamra svo mikið á því að þetta sé „kombakk“ og aftur „kombakk“. En ég hætti aldrei. Maður getur ekki alltaf verið á toppnum. Lögmálið í íþróttaheiminum er svolítið þannig að ef þeir sem ná að halda sér á toppnum í dágóðan tíma detta út, taka allir eftir því, og svo þegar þeir klifra aftur þangað upp er aftur litið við. Og ef maður verður Evrópumeistari eitt árið er eins og það eigi ósjálfrátt að gerast það næsta líka. Og þá er jafnvel silfur og brons ekki nógu gott. Það er fyndið – sérstaklega þegar maður er að keppa við bestu íþróttamenninga í heimi í þessum greinum.” Örn mælir svo þegar við byrjum á efsta máli á baugi þessa dagana – endurkomu hans á toppinn. Örn hefur mikið verið í umræðunni undanfarin ár og afrekaði það meðal annars að vera á forsíðu DV fjóra daga á einni viku árið 2003. Hann sjálfur hefur talsvert ólíka sögu að segja.

### Fjölskyldan í landsliðinu frá 1947

Best er þó að byrja á upphafinu og fikra sig gaumgæfilega eftir tímaásnum. Örn Arnarson er yngri en margir telja, enda byrjaði hann svo ungur að vekja athygli sem íþróttamaður – og margir telja hann kominn talsvert yfir þrítugt. Hið rétta er að hann er fæddur árið 1981 og ólst upp í Hafnarfirði. Hann hefur æft sund í ein 22 ár sem þýðir að hann byrjaði æfingar aðeins 5 ára gamall. Og hélt þannig áfram á lofti ættarsportinu. Fjölskyldan hefur frá árinu 1947 alltaf átt einn landsliðssundmann á hverju ári úr ættinni en afi Arnar og afasystir voru þau sem hófu feril fjölskyldunnar. „Svo prófaði ég auðvitað sitt hvað annað af íþróttagreinum. Fótbolta, handbolta, körfubolta og þetta venjulega. Ég var bara aldrei góður að hlaupa svo ég hefði aldrei náð neinum frama þar. Mér leið líka og hefur alltaf liðið mjög vel í vatni, var mikið með pabba í lauginni þegar ég var lítill og sá flótlega að þarna lágu hæfileikar mínir.“ Og þótti ekkert nördalegt að vera í sundi? „Það var kannski eitthvað aðeins sem maður fann fyrir því þegar ég var yngri en ekkert að ráði. Svo þegar maður var kominn í gagnfræðiskólann og var farinn að rífa sig upp klukkan fimm á morgnana til að fara á æfingar fyrir skóla, sá fólk hvað það var mikil alvara í þessu.“

### Of ungur afreksmaður

Þegar Örn var um 15 ára gamall byrjuðu æfingarnar að verða ansi stífar og hann setti sér markmið ungur – meira að segja enn yngri – eða 11 ára gamall. Hann ætlaði að synda í úrslitum á Ólympíuleikunum. „Þá fékk ég bara lista hjá þjálfaranum mínum hvað ég þyrfti að gera til þess að ná því markmiði. Ég hef alltaf haft sterkar skoðanir á því hvað ég vil gera og ætla mér að gera.“ Ljós Arnar skein fyrst hæst þegar hann var 17 ára gamall og var hann þá valinn íþróttamaður ársins í fyrsta skipti. Hvernig tilfinning var það að vera svo ungur og komast svo fljótt í fremstu röð afreksmanna? „Ég var kannski full ungur og með þessu fór ég eiginlega fram úr mínum eigin plönum. Ég hafði sett mér þetta sem markmið en á mínu blaði hafði ég gert ráð fyrir þessu eftir kannski tvö ár. Ég var því hvorki andlega né líkamlega tilbúinn undir þetta. Og það var mjög erfitt að höndla þessa pressu, á öðru ári í framhaldsskóla. Fólkið í kringum mig stóð samt þétt á bak við mig en það var mjög skrítið þegar fólk var farið að þekkja mig hvar sem er og ég held að þetta hefði verið auðveldara hefði ég verið eldri. Maður er samt með þykkari skráp í dag en maður var með þá.“

> Ég fylgdist bara með þessari umræðu og blaðið var hreinlega að segja mér nýjar fréttir, að ég væri í ruglinu.

### Fékk nóg á miðri æfingu

Næstu árin voru gullaldarskeið. Tímabilið frá Ólympíuleikunum í Sydney og þangað til Heimsmeistaramótið var árið 2001. Og að mati Arnar það tímabil sem heppnaðist best í heildina. Örn varð fyrstur sundmanna á Íslandi til að komast í úrslit á Ólympíuleikum og á heimsmeistaramótinu hreppti hann silfur- og bronsverðlaun. Baksundið var hans grein og fljótlega eftir heimsmeistaramótið fór hann að finna fyrir miklum axlarmeiðslum, sem erfitt er að eiga við í baksundinu. Örn virðist verða afhuga sundinu en á miðri æfingu segist hann vera hættur. „Ég fékk bara gjörsamlega nóg. Vegna meiðslanna hafði gengið mjög illa á æfingum og það endaði með því að einn daginn stoppaði ég á miðri æfingu og sagði við þjálfarann minn: „Heyrðu, ég er hættur“ – og labbaði upp úr lauginni. Þetta var árið 2002. Ég hætti í örfáa mánuði og þegar ég byrjaði aftur skipti ég algjörlega um umhverfi og félag og fór til Keflavíkur og var þar í tvö ár. Þá fór ég líka í þetta aftur með nýju hugarfari – það er að segja – að ég væri að æfa sundið fyrir sjálfan mig og engan annan. Og ég er búinn að ákveða með sjálfum mér að þegar ég nenni þessu ekki lengur, sé ég hættur. Sama hvort það verður tveimur vikum fyrir Ólympíuleika eða ekki. Þetta eru þrjátíu tímar sem fara bara í æfingar á viku og það er allt of mikill tími að eyða ef maður vill ekki vera að gera þetta. Jú, það kemur enn yfir mig að ég fæ nóg, en þá passa ég mig líka bara á því að taka kannski þriggja daga frí og mæti svo aftur hress á æfingar.”

### Hneig niður á Íslandsmóti

Örn undi sér vel í Keflavík og fór svo til Danmerkur árið 2004 en var þar ekki ánægður með þjálfara sinn og fluttist því fljótlega aftur í Hafnarfjörðinn. Á þeim tíma var verið að ráða núverandi þjálfara hans til Sundfélags Hafnarfjarðar, Nenad Milos, en hann er fyrrum þjálfari serbneska landsliðsins í sundi. „Ég fann strax að þarna var maður sem var á alveg sömu bylgulengd og ég. Ef það er eitthvað sem við erum ósammála um, ræðum við hlutina, og sá sem er með betri röksemdarfærslu vinnur. Ég var svo að komast í mjög gott form árið eftir, gekk vel á Íslandsmeistaramótinu þegar ég hneig niður á mótinu og var keyrður með sjúkrabíl á Landsspítalann.“ Örn hafði þá um langt skeið verið í alls kyns hjartarannsóknum vegna óeðlilegs hjartslátts sem jókst mikið upp úr þurru. Í ljós kom að hann var með hjartagalla og biðu hans þrjár hjartaþræðingar á tæpu ári. „Síðan þá hef ég verið nokkuð góður og um leið orðið stígandi í árangri mínum síðasta eina og hálfa árið.“ Og öxlin? „Ég verð aldrei fullgóður þar en með þjálfara mínum höfum við unnið mikið í fíntækniatriðum til að létta álagið á henni. Það koma þó dagar þar sem ég get hreinlega ekki lyft höndunum. En við ákváðum samt að kýla á fullt á gömlu greinina mína, baksundið, nú í haust.“ Og árangurinn lét ekki á sér standa en Örn kom sterkur inn á Evrópumeistaramótið og 100 metra baksund verður líklega keppnisgreinin hans á Ólympíuleikunum næsta sumar.

### DV færði mér fréttir af eigin rugli

Tímabilið þegar Örn var í Keflavík vakti nokkuð umtal og í kringum árið 2003 fjallaði DV fjallaði þar um allt frá munntóbaksnotkun Arnar og upp í fyllerí á heimsmeistaramóti en hann átti þar að hafa dottið í það með þjálfara sínum. Ungi afreksmaðurinn var á einni nóttu dottinn í ruglið – og fórnaði meðal annars Ólympíuleikunum fyrir tónleikaferð að sögn blaðsins. „Ég fylgdist bara með þessari umræðu og blaðið var hreinlega að segja mér nýjar fréttir, að ég væri í ruglinu. Ef ég var í einhverju rugli þá var það ofþjálfun og ofæfingar. Það virtist vera þannig að það var sama hvað ég gerði – því var alltaf snúið upp á mig og ég gerður að vondum karli. Ég hafði svo sem alveg heyrt kjaftasögur um mig áður – einu sinni fór ég að versla í Fjarðarkaupum með systur minni og hélt á barninu hennar og daginn eftir var ég orðinn trúlofaður með barn. Og þegar ég átti að hafa dottið í það með þjálfara mínum var þjálfari minn í fyrsta lagi víðs fjarri. Og það sem var kallað að „detta í það“ – það var þegar ég hafði unnið silfur- og bronsverðlaun og fékk mér einn bjór til að halda upp á gott mót. Hver myndi ekki halda upp á slíkt? Ég skrapp í tónleikaferð til Dublin, á tímabili sem ákveðið var að ég myndi líklga ekki fara út til Aþenu vegna meiðslanna, þó svo að úr yrði að ég fór og þá meira sem stuðningur við aðra keppendur. Munntóbakið notaði ég jú og er hættur því í dag, en bjór og munntóbak var þarna breytt í hass og ofdrykkju. Ég gæti aldrei verið í jafn agaðri íþrótt og æft kvölds og morgna, synt 40 kílómetra á viku, ef ég væri í rugli. Það getur hver sagt sér það sjálfur. Hinsvegar hef ég átt góð tímabil og ekki eins góð en þau tímabil lituðust fyrst og fremst að of miklu álagi og of miklum æfingum fyrir utan misgott líkamlegt ástand. Ef fólk vill segja eitthvað slæmt um mig get ég ekkert gert í því en ég hef lært það í gegnum tíðina að láta svona tal ekki hafa áhrif á mig. Það er hægt að blása alla hluti upp og í þessu tilfelli var það gert.“

### Lífaldurinn er lengri

Á þeim tíma sem Örn æfði sem mest, synti hann 80 kílómetra á viku, sem er hér um bil leiðin frá Hafnarfirði til Keflavíkur og til baka. Í dag syndir hann helmingi minna enda segir hann að núna sé áherslan mun fremur á gæðin heldur en magnið. Og dagsrútínan er stíf. „Vinnudagurinn getur orðið 14-15 tímar. Ég er í tveimur störfum með æfingunum. Ég þjálfa hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar, er með yngstu hópana og svo aðeins eldri hópa og einnig kenni ég skólasund í Áslandsskóla. Maður hefur því ekki mikla orku eftir æfingar.“ Finnst Erni hann aldrei vera að færa of mikla fórnir – fyrir íþróttina? „Nei, ég hef ekki séð eftir neinu. Það eina sem maður sér er að jafnaldrar mínir eru flestir búnir að gifta sig og eignast börn og það er eitthvað sem maður hefur ekki ennþá gert. En ég kvarta samt ekki, kærastan er bara ófundin ennþá.“ Örn segist eiga þónokkur ár eftir í sundinu. Lífaldur sundkappa er alltaf að hækka og fyrir rúmum tveimur árum var einn heimsmeistarinn 35 ára. Áherslan er núna mest á Ólympíuleikana næstkomandi sumar. Hafandi byrjað svo ungur – hvaða ráð hefur hann til foreldra ungra afreksmanna?

„Að krakkarnir hafi alltaf einhvern til að tala við. Hvort sem það eru foreldrar eða aðrir. Hætt er við að krökkunum líði einangruðum þegar þeir helga sig svo íþróttinni og ég var til að mynda skikkaður þegar ég var 18 ára af Ólympíusambandinu til að mæta til sálfræðings tólf sinnum á ári sem hjálpaði mér mjög mikið – bara að hafa einhvern til að tala við um allt og ekkert. Fyrst og fremst er þetta auðvitað bara vinna, vinna og vinna.“

**→ AF AFREKUM ARNAR ARNARSONAR**

- **Hefur sex sinnum orðið Evrópumeistari**
- **Silfur- og bronsverðlaun á heimsmeistaramótinu 2001**
- **Silfurverðlaun í 100 metra baksundi á Evrópumótinu Dublin**
- **Bronsverðlaun í 50 metra flugsundi á Evrópumótinu í 25 metra laug árið 2006**
- **Örn Á 26 gildandi Íslandsmet**










Áberandi glæsilegur
7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...
MEIRA RÝMI
MEIRI KRAFTUR
MEIRI BÚNAÐUR




Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18” Álfelgur
- Aksturstölva
- ARP - Veltivörn
- TOD - Sjálfvirk drifstýring
- DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS - Heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira....

VERÐ AÐEINS
3.892.000,-
7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

Áberandi glæsilegur
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Akureyri - Bílasalan Ós, Njarðarnesi 1, sími 462 1430
Egilsstaðir - Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21, sími 471 3005
Borgarnes - Bílasala Vesturlands, Sólbakka 2, sími 437 2100
Reykjanesbær - Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, sími 420 3300

CHEVROLET




Unnur hefur fengið hrós fyrir að halda Fíatnum gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRYLGUR HNEFILL

# Lakkaði bílinn með rúllu

***Unnur Stefánsdóttir á Akureyri á Fíat á þrítugsaldri sem hefur reynst henni vel. Hann hefur ekki verið notaður að óþörfu og er bara ekkinn rúma fimmtíu þúsund kílómetra.***

„Ég fékk þennan bíl rétt fyrir jólin 1984, beint úr kassanum, en hann er ‘85 módel,“ segir Unnur um Fíat 127 sem hún hefur haldið tryggð við frá upphafi og er ekkert á leið að endurnýja. „Fíatinn er traustur og mér finnst gott að keyra hann. Auðvitað er hann orðinn gamall og svolítið ryðgaður enda stendur hann alltaf úti. Hann hefur samt verið ódýr í viðhaldi og yfirleitt í góðu lagi. Svo eyðir hann litlu,“ segir Unnur, sem hefur lakkað bílinn sinn sjálf með rúllu þegar þess hefur þurft með.

Fíatinn er ítalskur og þótt hann sé kominn til ára sinna segir Unnur engum vandkvæðum bundið að fá í hann varahluti. „Ég hef einn ágætan mann hér hjá Fíatumboðinu á Akureyri sem dyttar að bílnum fyrir mig þegar á þarf að halda. Hann hefur getað fengið í hann það sem hefur þurft,“ segir hún. Varla eru þó margir jafngamlir bílar sömu gerðar á götunni? „Ég veit ekki um annan í umferð og hef fengið hrós hjá Fíat-eigendum fyrir að halda þessum gangandi.“ Enn eru samt tvö ár í að Unnur fái niðurfelld bifreiðagjöldin. „Það er ekki fyrr en bíll er orðinn 25 ára sem hann er orðinn löglegur forngripur,“ segir hún.

Fíatinn er ótrúlega lítið keyrður; rétt kominn yfir fimmtíu þúsund kílómetrana. „Ég nota bílinn meira nú en meðan ég var yngri. Þá labbaði ég oft hér innanbæjar, til dæmis í vinnuna, enda var stutt að fara. Ef ég fór á bílnum, einhverra hluta vegna, gleymdi ég honum stundum og var komin gangandi heim þegar ég mundi eftir honum. Þá þurfti ég sérstaka ferð til að sækja hann!“

*gun@frettabladid.is*


Bílabúð Benna

Láttu **IPF** lýsa upp skammdegið...




Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Rvík - Sími 590 200 - www.benni.is
OPIÐ VIRKA DAGA 08:00-18:00 OPIÐ LAUGARDAGA 11:00-14:00



TOYO TIRES



MUD TERRAIN
ALVÖRU
JEPPADEKK
FYRIR STÓRU
STRÁKANA...

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

ALVÖRU JEPPADEKK



**Sportbílar** eru oft glæsikerrur og gaman er að aka um í góðu veðri á gljáfægðum fáki. Bílarnir eru þó ekki mjög praktískir ef fleiri en tveir eru í heimili þar sem pláss fyrir farþega og farangur er oft af skornum skammti.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

# Góð hugmynd í Ameríku



Hugmynda- og rafmagnsbíllinn Chevrolet Volt. Bílnum svipar til annarra tvinnbíla á borð við Toyota Prius og er útbúinn bæði rafgeymi og rafmótor sem er studdur af bensínvél. Volt-bílinn væri, ólíkt Prius, hins vegar hægt að hlaða með því að stinga honum í samband við venjulega innstungu í bílskúrnum.



RA hugmyndabíllinn frá Mitsubishi Motors.

***Hugmyndabílar af ýmsum stærðum og gerðum voru til sýnis á bílasýningunni í Detroit.***

Bílasýningin í Detroit í Bandaríkjunum stendur nú yfir en þar má líta allt það nýjasta í bílabransanum, meðal annars fjölda hugmyndabíla sem óvíst er að muni nokkurn tíma sjást á vegum úti.

Bílasýningin í Detroit er ein sú stærsta í heimi. Hún var fyrst haldin árið 1907 þegar sautján sýnendur leiddu saman vélfáka sína. Síðan þá hefur sýningunni vaxið fiskur um hrygg og er hún nú orðin að alheimsviðburði með yfir sextíu sýnendum.

*solveig@frettabladid.is*



Audi R8 V12 TDI hugmyndabíllinn var afhjúpaður á sýningunni.



Hugmyndabíllinn Hummer HX, tveggja dyra jeppi sem knúinn er áfram á E85 etanóli.



Það er ákveðin fortíðarþrá sem fylgir þessum Holden Efijy hugmyndabíl sem málaður er í svokölluðum „Soprano“ fjólubláum lit. Hinn 5,2 metra langi bíll er hannaður til heiðurs FJ Holden-bifreiðinni frá 1953.

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálfvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar



...upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.
SsangYong

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

Bílasalan Ós – Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa – Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands – Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands – Egilsstöðum, sími 471 3005

4X4 UM HELGINA!
MIKIÐ ÚRVAL AF FJÓRHJÓLADRIFNUM BÍLUM

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Laugavegi 174 – Sími 590 5040
Klettháls 11 – Sími 590 5040
Opið alla helgina
Opið laugardag frá 10 - 14
www.bilathing.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



**Hnattferð** er mikið fyrirtæki og nauðsynlegt að skipuleggja slíka ferð vel og með góðum fyrirvara. Marga dreymir um að sjá sem mest af heiminum og með bættum samgöngum og alþjóðavæðingu er sá möguleiki nú fyrir hendi.



„Það hefur orðið mikil þróun um allt land í móttöku gesta,“ segir Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Náttúran aðdráttaraflið

*Ein stærsta ferðakaupstefna á meginlandi Evrópu verður í Berlín í byrjun mars samkvæmt venju. Þar á Ísland sína fulltrúa.*

„Þarna er mikill suðupottur í heila fimm daga og menn bíða oft í röðum eftir að komast að okkar fólki til að fræðast um Ísland. Margt fólk og mikill erill,“ segir Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu, er hann lýsir ferðakaupstefnunni Internationale Tourismusbörse, skammstafað ITB. Hann býst við að yfir fimmtíu Íslendingar verði á sýningunni frá tæplega tuttugu fyrirtækjum. Harðsnúið lið.

Ísland hefur verið með sýningarbás á ITB síðastliðin þrjátíu ár að sögn Ársæls. Nú er reiknað með um 180.000 gestum og um 10.000 sýnendum. Fyrstu þrjá dagana er opið fyrir fagaðila en síðustu tvo kemst almenningur að.

„Sýningarbásarnir eru í 25 stórum Laugardalshöllum. Við Íslendingar erum í bás með hinum Norðurlöndunum í 18. höll. Það má líkja þessu við stóran glugga sem við höfum til að kynna okkur og oft eru gerðir mikilvægir samningar á svona stundum,“ segir Ársæll en hvert er helsta trompið sem Ísland býður í ár?

„Þau fyrirtæki sem eru með okkur eru með mjög breitt úrval þjónustu. Í fyrsta lagi er þétt flug til Íslands frá fjölmörgum borgum í Mið-Evrópu, Skandinavíu og Bretlandi. Svo hefur orðið mikil þróun um land allt í móttöku gesta. Við höfum ný hótel og endurnýjuð hótel. Fullt af nýrri afþreyingu og safnamenningu sem við erum að koma á framfæri. Þetta á við á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður landsbyggðinni og ferðaskrifstofurnar sem verða á sýningunni byggja meira og minna sína starfsemi á ferðum um landsbyggðina.“

Spurður hvort íslenskir minjagripir eða matur séu á sýningunni svarar Ársæll neitandi. „Við erum með alls konar kynningar í tölvunum og skreytum básinn með náttúrulífsmyndum. Íslensk náttúra er alltaf aðdráttaraflið númer eitt og við höldum henni á lofti. Svo fræðum við fólk óspart um það sem er á döfinni í menningu og viðburðum.“

*gun@frettabladid.is*



Bás Íslands á síðustu ITB-sýningu.


# Jamaica

## 14. og 24. febrúar

## frá kr. 99.990

**– með allt innifalið**

**10 eða 11 nætur - allt innifalið**






***Mjög takmörkuð gisting í boði á þessu verði!***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í ferðir til Karíbahafsperlunnar Jamaica 14. og 24. febrúar. Í boði er gisting á góðu fjögurra stjörnu hóteli við Ocho Rios, Shaw Park Beach Hotel & Spa á ótrúlegum kjörum. Ævintýraeyjan Jamaica lætur engan ósnortinn. Eyjan er án efa ein fegursta eyja Karíbahafsins og hún býður stórkostlega náttúrufegurð og veðurfar. Á Jamaica ríkir einnig einstakt andrúmsloft og menningin á sér vart hliðstæðu í Karíbahafinu. Sandstrendurnar eru drifhvítar og með þeim fegurstu í heimi. Eyjan skartar náttúruperlum eins og Dunn's fossunum, Blue Mountains og YS fossunum sem eru einstakar og láta engan ósnortinn. Reggie tónlistin ómar allsstaðar, taktur Bob Marleys fægasta sonar Jamaica. Þeir sem hafa komið til Jamaica eru flestir sammála um að eyjan hafi einstakt aðdráttarafl. Gríptu þetta frábæra tækifæri til að heimsækja þessa einstöku Karíbahafseyju á hreint ótrúlegum kjörum.

Verð kr. **99.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið í 10 nætur, 14. febrúar. Ferð 24. febrúar í 11 nætur kr. 7.000 aukalega. Ath. mjög takmörkuð gisting í boði á þessu sérstaka tilboðsverði.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**



# HJÓLHÝSASÝNING UM HELGINA

**SÝNUM GLÆSILEGT ÚRVAL HJÓLHÝSA FRÁ LMC, FENDT OG KNAUS**

*ÁRGERÐIR 2008*



*VERIÐ VELKOMIN!*
*OPIÐ LAUGARDAG KL. 12-16 OG SUNNUDAG KL. 13-17.*

*VELDU ÞAÐ BESTA!*

VÍKUR V • E • R • K

*WWW.VIKURVERK.IS*

*VÍKURHVARFI 6 SÍMI 557 7720*

*KNAUS SPORT 450 FU 4 manna* ***2.199.000.-*** *KNAUS SPORT 500 QDK 6 manna kojuhús* ***2.344.900.-*** *LMC MÜNSTELAND 475 RD 4 manna* ***2.685.000.-*** *LMC CASA FAMILIA 720 RBK 7 manna kojuhús* ***3.398.900.-***

**Kuldastígvélin** er óhætt að draga úr skápnum þessa dagana þar sem tíðarfarið hæfir þeim fullkomlega. Það er smart og notalegt að sjá gerðarleg kuldastígvél utan yfir gallabuxur og fullkomlega afsakanlegt þegar kyngir niður snjó.






## Kvenlega Nina

ILMUR FYRIR KONUR SEM VILJA SKERA SIG ÚR HÓPNUM.

Nina Ricci er stórveldi í tískuheiminum. Konur hafa áratugum saman klæðst ilminum L'Air du Temps sem kom á markað 1948, en glasið var síðar valið fegursta ilmvatnsglas 20. aldarinnar, með tvær dúfur dansandi á tappanum.

Nýlega var kynntur nýr, ferskur og kvenlegur ævintýrailmur frá Ninu Ricci, sem heitir einfaldlega Nina. Hann segir sögu konu sem þráði að eiga ilm sem engin önnur kona ætti. Vitaskuld gátu hönnuðir Ninu Ricci galdrað fram svo einstaklega þokkafullt ilmvatn. Glasið utan um ilminn er eitt og sér listaverk úr sérunnu, rauðu gleri, en ilmurinn gerir allar konur að gyðjum. *- þlg*



# Fjallaloft í Mílanó

***Haust- og vetrartískan fyrir 2008 til 2009 var kynnt á tískusýningum í Mílanó síðustu daga.***

Loðfeldir, loðhúfur, Tíbet og Perú voru tískuhönnuðinum Alexander McQueen greinilega ofarlega í huga þegar hann mótaði hugmyndir sínar fyrir haust- og vetrarlínu sína fyrir haust og vetur 2008 til 2009. Hver fyrirsætan af annarri þrammaði fram í þykkum litríkum mussum, leðurfrökkum og með íburðarmikla loðhatta á höfðinu.

Tískusýningin var óneitanlega frumleg og skemmtileg en öðrum sögum fer af því hvort fötin þyki henta fyrir hinn almenna notanda.

*solveig@frettabladid.is*



Þessi hattur er örugglega hlýr og notalegur en þó ólíklegt að íslenskir karlmenn muni láta sjá sig með slíkt höfuðfat á götum borgarinnar.



Tíbet og Perú virðast hafa verið McQueen ofarlega í huga við hönnun tískulínu sinnar.



Loðhúfur og loðfeldir komu mikið við sögu hjá Alexander McQueen.
NORDICPHOTOS/GETTY



Marglit mussa í tíbeskum stíl.



Hann er hermannlegur á að líta.















# hús&heimili

LAUGARDAGUR 19. JANÚAR 2008



● HÚS

## Horfið inn í heim hefðarfólksins

● HÖNNUN

## Teppi með húmor

● INNLIT

## Sál hússins býr í eldhúsinu

FRÉTTABLAÐIÐ




AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



Það er hugsað fyrir öllu, svo allt sé í röð og reglu!



Rennihurðarfataskápar

ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Afgreiddir eftir máli - sniðnir að þínum óskum

Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm og breidd 40-150 cm.
Í boði eru 3 rammalitir ( hvítur, silfur, messing) og 39 panilgerðir ( plastlagðar, spónlagðar, málað gler, speglar o.fl.). Að innan er val um 6 liti ( plast - eða spónlagt) og boðið er upp á mikið úrval af hillum, skúffum, körfum o.fl.

Opið: Mánud.- föstud. kl. 9-18 - Laugard. 11 - 16

Fullkomin þjónusta!
Komdu með málin - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð. Við önnumst líka uppsetningu fyrir þá sem þess óska.

nettoline
ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

www.nettoline.dk

Friform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



HEIMILISHALD

HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR SKRIFAR

# Fáránleg fasteignafirra

Um þessar mundir berast fregnir af því að hugsanleg kreppa á fasteignamarkaði sé á næsta leiti og vissulega hefur hægst um í fasteignaviðskiptum. Það hlaut að koma að því enda gróskan, hraðinn og atið búið að vera í hámarki. Mikið hefur verið rætt og ritað um hversu erfitt það er fyrir fólk, ef ekki ómögulegt, að koma þaki yfir höfuðið, sér í lagi ef það er að fjárfesta í fyrstu íbúð. Verðlag er hátt og greiðslubyrðin mikil. Ekki bætir úr skák að leigumarkaðurinn er í einhvers konar upplausn. Litlar kytrur eru leigðar út á svimandi háu verði og liggur við að salernisaðstaða teljist til munaðar. Nú finnst sumum kannski að ég sé að mála skrattann á vegginn en staðreyndin er sú að þessi skratti starir framan í marga, skýr og greinilegur, á bankayfirlitinu hver mánaðamót. Oft er ekki mikið til skiptanna þegar búið er að greiða afborgun eða leigu, hita og rafmagn, jafnvel leikskólagjöld og svo framvegis.

> Hamingjan er ekki mæld í fermetrum. Eitt besta ráðið er að láta ekki blinda sig með stjörnum lífsgæðakapphlaupsins og reyna að sníða sér stakk eftir vexti.

Ungt fólk kvartar sáran yfir því hve erfitt er að koma undir sig fótunum. Auðvitað vilja allir eiga fallegt heimili og vera nokkuð öruggir með það. En að námi loknu veður fólk ekki beinlínis í seðlum og þá er stefnt á vinnumarkaðinn og reynt að herja út þokkaleg laun. Það tekur tíma og erfitt getur reynst að eiga fyrir útborgun, sér í lagi ef stór hluti tekna fer í háa leigu í millitíðinni. Raunveruleikinn er sá að geta ungs fólks til að skapa sér eigið heimili og framtíð veltur að stórum hluta á því hversu vel stæðir foreldrar þess eru. Vissulega hefur það alltaf verið þannig, eins ósanngjarnt og það nú er, en eitthvað við þann raunveruleika angrar mig nú á tímum einstaklingsfrelsis og jafnréttis. Það er útópía að ímynda sér að allir verði á endanum jafnir og njóti sömu lífsgæða en á hinn bóginn er engin ástæða til að sætta sig við að bilið á milli stétta stækki jafnt og þétt. Íslendingar hafa hingað til státað af að lifa í stéttlausu þjóðfélagi en þróunin virðist sífellt vera í þá átt að stéttaskipting verði raunin. Tækifæri ungs fólks sem er að hefja líf sitt sem ábyrgir fullorðnir einstaklingar eru ekki þau sömu. Firrtur fasteignamarkaður, fákeppni og bankar sem hugsa helst um að hámarka gróða sinn og halda í útrás eiga sinn þátt í því. Sannleikurinn er sá að bankanum þínum ER sama um þig.

Lífið heldur þó áfram og einhvern veginn þarf fólk að feta veginn. Yfirdráttur er tekinn, lán eru fengin og skuldahalinn lengist. Síðan getum við unga og venjulega fólkið hlakkað til að eyða ævinni í að vinna frá níu til fimm (eða lengur) til þess að geta haldið halanum nokkuð stöðugum. Verra væri ef halinn yrði sjálfstæður og myndi vefjast eins og slanga um kverkarnar þar til við köfnum! Enn mótar fyrir skrattanum. Helstu ráðleggingar sem gefa mætti eru kannski þær að spenna bogann sem lægst. Hamingjan er ekki mæld í fermetrum. Kannski er eitt besta ráðið að einsetja sér að láta ekki blinda sig með stjörnum lífsgæðakapphlaupsins og reyna að sníða sér stakk eftir vexti – eða að minnsta kosti kaupa þann minnsta og ódýrasta þó svo að hann gapi á saumunum.



● **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson tók þessa mynd á heimili Ástu Hafþórsdóttur leikgervahönnuðar. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

# Mynstrið varð til í flugvél

● Leirlistarmaðurinn Ragna Ingimundardóttir vinnur ný mósaíkborð nánast frá grunni.

„Þetta eru mósaíkborð. Ég hanna mynstrið, bý til flísarnar, mála og brenni sjálf," segir Ragna Ingimundardóttir leirlistarmaður um ný borð sem hún er að vinna að. Á rúmlega tuttugu ára starfsferli sínum, sem hófst við útskrift frá Gerrit Ritveld-akademíunni í Hollandi 1985, hefur Ragna vakið athygli og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín. Sem dæmi var hún árið 1998 útnefnd bæjarlistamaður Seltjarnarness, þar sem hún er búsett.



Ragna hefur komið víða við. Eftir útskrift kenndi hún meðal annars í Myndlista- og handíðaskólanum og svo í Listaháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mósaíkborðin sem Ragna vinnur að eru sex talsins; tvær ólíkar gerðir með nýjum mynstrum. Annað mynstrið segir Ragna hafa verið fyrir fram ákveðið, en það er samansett úr litlum kubbum sem hún hannaði sjálf. Hitt mynstrið setur hún saman úr stórum flísum með óskipulagðari hætti, en hugmyndin kviknaði við nokkuð áhugaverðar kringumstæður.

„Hugmyndin að seinna mynstrinu varð til þegar ég sat um borð í flugvél og horfði niður yfir akra," útskýrir Ragna og segist oft fá hugmyndir sínar við ótrúlegar aðstæður. Sumar geymi hún í höfðinu í þó nokkurn tíma áður en hún láti verða af því að framkvæma þær og þannig hafi það verið með nýju mósaíkborðin.

Gerð borðanna er síðan mikið verk, eða „klikkuð vinna" svo vitnað sé í Rögnu, enda vinnur hún þau nánast frá grunni og er marga mánuði að ljúka verkinu. „Þegar ég vinn síðarnefnda mynstrið raða ég flísunum saman, mála heilt mynstur yfir, tek þær í sundur, brenni, set aftur saman og múra flísarnar loks á plötuna," lýsir hún fyrir blaðamanni, sem dæsir við tilhugsunina eina saman.

Borðgrindin er í raun það eina sem Ragna býr ekki til, þar sem hún lætur smíða hana úti í bæ. Engu síður er grindin gerð eftir hugmynd Rögnu, sem rekur svo smiðshöggið á hana. „Ég set grindina út í garð og læt hana standa þar í fjórar vikur. Ber sýru á til að flýta fyrir verkinu og læt sjóinn sjá um afganginn. Þá kemur sérstakur brúnn litur á hana," segir Ragna og bætir við að hún setji svo plötuna á og múri flísarnar inn í.

Sem fyrr sagði eru borðin sex talsins, en Ragna reiknar ekki með að búa til fleiri borð í sams konar stíl, þar sem henni hefur þótt erfitt að endurtaka leikinn. Hún er þegar komin langleiðina með að klára borðin en þarf þó ekki að hafa áhyggjur af verkefnaskorti eftir það. Hún er með ýmislegt í pípunum; hugsanlega einkasýningu hérlendis og samsýningu erlendis.

Þeir sem hafa áhuga á að fræðast frekar um verk Rögnu geta heimsótt listamanninn á vinnustofuna á Nesvegi 109 laugardaginn 2. febrúar þar sem mósaíkborðin verða til sýnis. *- rve*

● **HJARTABOLLINN** dreifir ást og friði til þeirra sem úr honum súpa. Þessi ástarbolli er úr postulíni og er tilvalin gjöf við öll tækifæri. Bollinn fæst í vefversluninni Bits and pieces á www.bitsandpieces.com sem hefur mikið úrval af púsluspilum og frumlegum gjöfum.






Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is


STÓR
ÚTSALA
REKKJUNNAR
10-50% AFSLÁTTUR!
COMFORT solutions®
By King Koil®
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is
















Það er ekki amalegt útsýnið úr þessum herragarði í West Cork á Írlandi.

# Horfið inn í heim hefðarfólksins

● Hvern dreymir ekki um að búa á höfðinglegum herragarði umkrindum íðilfögrum görðum? Ekki sakaði ef þjónar væru á hverju strái og glæsilegir hefðarmenn og -konur röltuðu um eignina.

Þeir sem lesið hafa bækurnar eftir Jane Austen kannast líklega við lýsingar á glæsilegum herragörðum og höfðinglegum sveitasetrum þar sem hefðardömur sitja í iðjuleysi, lesa bækur, spila á pianoforte og sauma út.

Slík höfðingjasetur má finna víða á Bretlandseyjum og líklega standast einhver þeirra samanburð við Pemberley-setrið úr sögunni Hroki og hleypidómar sem flestir kannast við, enda hefur ástarsamband ungfrú Bennet og herra Darcy verið margkvikmyndað.

Hér eru nokkur dæmi um herragarða sem standa fullkomlega undir nafni sem höfðingjasetur úr sögum Jane Austen. *- sg*



Mörgum sveitasetrum fylgir íðilfagur garður þar sem yndislegt er að ganga um og viðra sig, enda var það ein af uppáhaldsiðjum enskra hefðarkvenna í bókum Jane Austen.



Ripon-herragarðurinn í Norður-Jórvíkurskíri á Englandi. Húsið er í stíl Elísabetartímans og var byggt árið 1604.



Sveitasetur í dulúðlegu mistri minnir á gamlar draugasögur.



Castle Ward House heitir þessi herragarður á Norður-Írlandi.



Herragarðurinn Easton Neston í Northamptonshire á Englandi virðist vera úr skíra gulli.

2042
ÁGÚST



VIÐ HÆTTUM AÐ VINNA ☺

MÁNUDAGUR 18

SOFA ÚT
zzzzzzz

ÞRIÐJUDAGUR 19

MIÐVIKUDAGUR 20

- NJÓTA LÍFSINS
- FARA 'Í HEIMSREISU
- PANTA FLUGBÍL

FIMMTUDAGUR 21

LÍFSVAL GREITT ÚT

FÖSTUDAGUR 22

# Eigðu von á góðu

Með Lífsvali, viðbótarlífeyrissparnaði Sparisjóðsins, átt þú góða möguleika á að safna myndarlegum sjóði og gera það sem þig langar til á efri árum. Lífsval er traust leið til að tryggja afkomu á eftirlaunaárunum, auk þess að vera mikilvægur bakhjarl ef slys eða langvinnan sjúkdóm ber að höndum.

Komdu í Sparisjóðinn og fáðu frekari ráðgjöf hjá þjónustufulltrúum okkar eða farðu inn á **spar.is**

DÚX
Hæsta einkunn í ánægjuvog fjármálafyrirtækja

SPARISJÓÐURINN

# Sál hússins býr í eldhúsinu

■ Ásta Hafþórsdóttir leikgervahönnuður fékk skemmtilegt og krefjandi verkefni í hendurnar þegar hún festi kaup á gamalli íbúð í vesturbæ Reykjavíkur sem þurfti að gera upp.

Ásta Hafþórsdóttir hefur tekið að sér alls kyns verkefni á farsælum ferli sem leikgervahönnuður og vakið athygli fyrir; nú síðast fyrir kvikmyndina Astrópíu þar sem sköpunargáfa hennar naut sín til fullnustu á hvíta tjaldinu. Eitt stærsta og skemmtilegasta verkefnið segir Ásta þó hafa verið þegar hún festi kaup á fallegri íbúð á Bræðraborgarstíg og gerði hana upp.

„Ég flutti inn í íbúðina fyrir nokkru, ætli það séu ekki eitt og hálft ár síðan," segir Ásta um íbúðina, sem er á einni hæð og með kjallara. Ásta átti áður heima í nýtískulegu umhverfi en fannst það ekki henta sér nógu vel og var að leita að gömlu, hlýlegu og sjarmerandi húsnæði þegar hún datt fyrir tilviljun niður á Bræðraborgarstíginn. Íbúðin hreif hana strax, meðal annars sökum staðsetningar og aldurs, en húsið er 102 ára gamalt.

„Mér finnst bara alveg nauðsynlegt að hafa hlýlegt í kringum mig, til að andrúmsloftið verði sem þægilegast," útskýrir Ásta og segir það sannarlega gilda um íbúðina, einkum og sér í lagi eldhúsið. „Það er oft þannig að sál hússins býr í eldhúsinu," bendir hún á. „Það er erfitt að segja til um ástæðuna. Í mínu tilfelli er það ef til vill vegna þess hversu mikið maður leggur upp úr góðri eldamennsku."

Ýmis verkefni biðu þó Ástu þegar hún fékk íbúðina afhenta og ekki gekk fyrirhafnarlaust að gera hana að sælureitnum sem hana dreymdi um. Einingu í kringum eldhúsvaskinn var til að mynda skipt út fyrir nýja, ný plata og höldur settar á, elhúsinnréttingin máluð og flísalagt. Auk breytinga á eldhúsi fékk Ásta hjálp hjá vinum og vandamönnum við að mála veggpanil og pússa gólffjalir, sem eru upprunalegar. „Ég pússaði þær að vísu ekki alveg niður þar sem mér finnst sjarmerandi að láta sjást aðeins á þeim. Það gefur húsnæðinu bara meiri karakter," segir Ásta og bætir við að flestar breytingarnar hafi til allrar hamingju verið minni háttar.

„Enda vildi ég líka breyta sem minnst út af," segir hún. „Ég er nefnilega algjörlega mótfallin því að skipta um og kaupa allt nýtt, bara af því að eitthvað er í tísku. Ég trúi því frekar að hlutur dugi ef hann virkar," segir leikgervahönnuðurinn og hefur ekki tíma fyrir frekara tal, enda ýmis aðkallandi verkefni í vinnslu, meðal annars nýtt leikrit og tvær kvikmyndir.

*- rve*



**Húsfreyjan Ásta hefur fengist við mörg áhugaverð verkefni og má þar nefna kvikmyndirnar 101 Reykjavík, Mávahlátur, Kaldaljós, Astrópíu, Last Winter, Dark Floors, væntanlega mynd með finnsku hljómsveitinni Lordi og þættina um Latabæ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Þessir skemmtilegu hankar eru inni á baðherbergi.**



**Svefnherbergi Ástu er í hálfum kjallara sem fylgir íbúðinni.**



**Borðstofan er sannkölluð ævintýraveröld alsett gömlum munum, sem hefur verið blandað saman af einstakri smekkvísi.**



**Múrsteinarnir fengu að halda sínum upprunalega lit, en þegar Ásta réðist í breytingarnar vildi hún sem minnst breyta út af upprunalegu útliti íbúðarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Eldhúsið lagaði Ásta að sínum þörfum; skipti um einingu kringum vaskinn, setti á nýja plötu og höldur, málaði innréttinguna og flísalagði.**



**Alls kyns skemmtilega hluti er að finna í fjársjóðskistunni á Bræðraborgarstíg, meðal annars þennan skemmtilega Bamba-borðalampa.**



**Fjölskyldumyndir prýða einn vegginn og ljá heimilinu enn persónulegri og hlýlegri blæ.**



**Ásta á heiðurinn að gervi Glanna glæps.**




WWW.N1.IS

Það má alltaf reikna með ómældri skemmtun á Evrópumótinu í handbolta. Við fylgjumst að sjálfsögðu spennt með frammistöðu landsliðsins og óskum strákunum góðs gengis í keppninni. N1 er aðalstyrktaraðili HSÍ. **N1 – Meira í leiðinni.**


NÝTT
HJÁ
AGLI ÁRNASYNI
PERGO PARKET
30%
afsláttur
AF ÖLLUM TEGUNDUM Á LAGER



# STÓRÚ


CLEVER
HANDLAUGATÆKI
HÁTT
Kr. 6.952
ÁN LYFTITAPPA
CLEVER
HANDLAUGATÆKI
Kr. 8.460
ÁN LYFTITAPPA


SUN SPA POTTAR
Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI
kr. 429.000


LAGERHURÐIR
25 %
afs-
láttur


PAKKATILBOÐ!
VEGGHENGT WC, SETA, LOK
OG INNBYGGÐUR WC KASSI
kr. 29.675

## Allt a


KÄHRS PARKE
ALLAR GERÐIR
15-25

# Egill Árnason hf





FLÍSAR ALLT AÐ

70% afsláttur

# TSALA

að 70% afsláttur

OPIÐ Í DAG TIL

kl. 16:00



PLANKA PARKET

ÝMSAR TEGUNDIR

20-40% afsláttur



HANDKLÆÐAOFNAR

MARGAR GERÐIR

25% afsláttur

BAÐDEILDIN

20% afsláttur

AF ÖLLU SEM EKKI ER Á ÚTSÖLU

5 0590 www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

# Í morgunsárið

● Þegar fjölskyldan safnast saman við eldhúsborðið snemma morguns getur verið gaman að eiga sérstakan eggjabikar fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Það er nefnilega ekkert sem segir að allir þurfi að vera með eins og alveg tilvalið að blanda saman gamaldags og nýtískulegum bikurum.




**1. Egg í silfri** Í Antíkhúsinu fæst þessi eggjabikar úr silfri sem er ættaður frá Danmörku. Hann á sér greinilega sögu því nafnið Mogens er grafið í hann. Verð 2.800 krónur.

**2. Glaðlegur** í morgunsárið. Þessi fallegi doppótti bikar fæst í Pipar og salt og kostar 450 krónur.

**3. Hænan eða eggið**, hvort kemur á undan? Þessi bikar fæst í Antíkhúsinu á 1.000 krónur.

**4. Röndóttur** í stíl við náttfötin. Þessi fæst hjá Þorsteini Bergmann og kostar 180 krónur.

**5. Fríðir fætur** Hjá Þorsteini Bergmann má líka finna þennan eggjabikar sem stendur stöðugum fótum á borðinu. Bikarinn kostar 650 krónur.

**6. Postulínsbikar** með gylltri rönd og blómamynstri er eins klassískur og hann getur orðið. Þessi fæst í Antíkhúsinu og kostar 1.800 krónur.

















# Ægifögur og óhemjufyndin

„Sviðsetning Baltasars Kormáks á Ívanov er eitt besta verk hans frá upphafi. Hún er þaulhugsuð og samvinna þeirra Gretars Reynissonar hefur sjaldan borið glæstari ávöxt, og er þá ekki lítið sagt."

Jón Viðar Jónsson, DV, 9. jan.

Brúðguminn, mynd Baltasars Kormáks sem byggir á sama verki, er komin í bíó



# Stór útsala

# 20-80% afsláttur

**GARDÍNUBÚÐIN**

Þarabakka 3 • Mjóddinni • Reykjavík • Sími 553-5677
Skipagötu 18 • Akureyri • Sími 461-7878
**Opnunartími: mánud. - föstud. 10-18 • laugard. 11-14**

# Hress og hraust í skóla og vinnu með LifeStream® Spirulina!

*Daði R. Kristleifsson, 18 ára*
*Lifestream Spirulina gefur mér mjög mikla orku en ég finn ótrúlega mikinn mun þegar ég tek það inn. Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er það Spirulina sem gerir mér kleift að hafa orku í allt sem þarf að gera en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt og æfi fótbolti. Hef miklu meiri úthald og er hressari á morgnana.*

## Lífrænt Fjölvítamín

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum

Eftir nokkra daga inntöku

## Aukið úthald, þrek og betri líðan

**Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti af Lifestream Spirulina þarf að borða:**
· 7 gulrætur (betakarotín)
· 1 skál af fersku spínati (járn)
· 1 skál af híðishrísgrjónum (kalíum)
· 1 glas af mjólk (kalk)
· 125gr. nautakjöt (prótín + B12 vítamín)
· 30gr. hveitigrassafa (blaðgræna)
· 1 hylki Kvöldvorósarolía (GLA fitusýrur)

CERTIFIED ORGANIC NEW ZEALAND NZ 160 AGRIQUALITY
Vottað 100% lífrænt




**Styrkir fljótt líkamann gegn flensu**
Kemur jafnvægi á blóðsykur, dregur úr sætindaþörf og gefur vellíðan. Omega og GLA fitusýrur efla einbeitingu, draga úr streitu, pirringi og ofvirkni. Truflar ekki svefn. Inntaka rétt fyrir álag eða líkamsrækt gefur aukið þrek og úthald. WHO telur hágæða Siprulina ákjósanlegan næringarauka fyrir börn og fullorðinna.

**Súrefnistæmdar umbúðir til að vernda næringarefnin**
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001

**Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni**

www.celsus.is


## hönnun

**● HAGNÝT VEGGLIST** Geisladiskastandar geta verið bæði plássfrekir og ljótir. Hér er sniðug lausn til að koma fyrir geisladiskum og skreyta heimilið um leið. Geisladiskahulstrin eru límd á veggi í ýmsum formum, bæði til að mynda heildstæða mynd eða sem abstrakt listaverk. Hulstrin eru úr pappír og hægt er að hlaða niður hinum ýmsu munstrum á vefsíðunni http://studio.lo.neuf.fr Síðan er á frönsku en auðvelt er að hlaða niður.







**● GJAFAPOKAR** „The Gift Bag Factory" er fyrirtæki sem sérhæfir sig í gerð gjafapoka af ýmsum stærðum og gerðum. Unnið er með myndir hvaðanæva að úr heiminum. Góðar gjafir sóma sér vel í pokunum en þeir geta einnig nýst sem stofustáss eða sem nokkurs konar veski.
www.thegiftbagfactory.com/




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



**Sólskálar**



**Svalalokanir**



**Svalaskjól**



**Gluggar**



**Hurðir**



**-Stofnað 1984-**
**www.solskalar.is**
Sími: 554 4300
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ

GLUGGAR & GARÐHÚS ehf

**Reyrhúsgögn**



**Rennihurðir**



DEBENHAMS

# Bláa bomban



# 20% viðbótarafsláttur

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU. REIKNAST AF VIÐ KASSANN.

| Upprunalegt verð | 50% afsláttur af útsöluvöru | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | 396 kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | 796 kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | 1.196 kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | 1.996 kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | 2.796 kr. |

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 40576 01/2008









# Teppi með húmor

● Dan Golden er listamaður í New York sem hefur einnig komið nálægt innanhússhönnun. Hann hefur í samvinnu við innanhússhönnuðinn Ford Lininger hannað skemmtileg og frumleg ullarteppi.

Í rúman áratug hefur Dan Golden sýnt verk sín í galleríum en árið 2006 hóf hann samstarf með Ford Lininger og þróuðu þeir línu af handgerðum gæðateppum úr ull frá Nýja-Sjálandi. Myndirnar á teppunum eru gerðar eftir listaverkum Goldens og var línan kynnt vorið 2007.





Tilgangurinn með teppunum er að sögn hönnuðanna að færa djarfa og ferska hönnun í innri rými. Ekki er laust við að einfaldar og kaldhæðnar myndirnar, leiftrandi af húmor, minni á teiknimyndasögur Hugleiks Dagssonar og á hann kannski sálufélaga í New York.

Golden og Lininger eru ötulir stuðningsmenn umhverfisverndar og því reyna þeir eftir fremsta megni að framleiða teppin á umhverfisvænan hátt. Þeir hugsa því mikið um samfélagslega ábyrgð í framleiðslu. Þeir segja enn fremur að teppin séu hönnuð með það í huga að þau endist alla ævi en með tilliti til þess er gaman að hafa í huga tilvitnun í Gucci-fjölskylduna: „Menn minnast gæða löngu eftir að verðið er gleymt.“

*-hs*



MIRALE

# ÚTSALA

**15–70%**
afsláttur

húsgögn
gjafavara
ljós



**opið í dag 11–16**
**sunnudag 13–16**

**MIRALE**
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020
**www.mirale.is**

**Opið**

| | |
|---|---|
| mánud.–föstud. | 11–18 |
| laugardag | 11–16 |
| sunnudag | 13–16 |

# MAX RAFTÆKI

**Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!**

# útsala

## – verð í frjálsu falli

**EM útsala!**




**149.989 kr.**

Fullt verð ~~199.989~~

**40 tommur**

**Samsung LE40S62**
40" LCD • HD Ready • DNIe stafræn myndvinnsla • Upplausn: 1366 x 768 • Mynd í mynd (1 tuner) • HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video • Game mode • Textavarp ofl.

## Yfir 50 teg. sjónvarpstækja af öllum stærðum og gerðum!

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA*
*Við hliðina á BÓNUS*

MAX RAFTÆKI

## 250-499 þús.



**Léttur fjallajeppi.**
Vitara, árg. '98, 33", ek. 214þ.V. 390þ. S. 694 4150.



Fínn skólabíll Nissan Almera 1400, eyðir engu árg. '98 ekinn 125 þús. Margt endurýjað. Verð tilboð! Uppl. í síma 696 6689.



**Fæst á 450 þús.**
Svartur VW Golf 18. highline árg. 00 ek. 133 þ. 3 d., toppl., 17" álfel.. Ný tímar. & kúpling. Flottur og góður bíll. S. 694 8448.



Til sölu Nissan Primera árg. '99 ek. 140 þús.sjálfsk, 2000 vél.uppl í s:845 1425

Mazta 323, árg. '98, ek. 92þ. Litilsháttar beiglur. Fæst á 250þ. Uppl. í s. 840 1563.

Til sölu Toyota carina e 1,6 , 5 gíra árg '97, ekinn 180.000 þús.km , ný tímareim og vatnskassi, dráttarkrókur,vetrar og sumardekk. Verð 320.000 þús. uppl í s. 6602413 Hörður

Dekurbíll til sölu. WV. Golf '98, ekinn ca. 72 þús. km. Litur mjög vel út og er í góðu standi, skoðaður nýlega án ath. semda. Dökkrauður á litinn, hefur hlotið mjög gott viðhald. Selst á 400 þús. stgr. Uppl. í s. 691 2242.

Dökkrauður WV. Golf árg 98, ekinn ca 73þús. til sölu. Dekureintak, hefur hlotið einstakt viðhald og athugasemdalausa skoðun nýlega. Llítur mjög vel út, selst á 400þús stgr. Uppl í síma 6912242.

Toyota Corolla 1600 árg. '98, ek. 154 þ. Uppl. í s. 557 7583 & 821 4025.

Toyota Previa '96 7 manna, 2.5, ssk. leður, sk. '08. Ásett v. 490 þús. Tilboð 290 þús. S. 691 9374.



Til sölu MUSSO árg. '00, sj.sk., bensín, leðuráklæði, ekinn 99 þ.km., ný skoðaður. V. 820 þ. Sími 864 0793.



TOYOTA YARIS SOL 2006 1.3 sjalfsk. Ekinn 26þ 5 dyra Listaverð um 1.4 millj. hagstætt lán um 1,3 millj. 19þ pr. mán. ALBERT S:8210626



Ski-doo Adrenaline 600 H.O. SDI árg. 2004 til sölu. Nýlega yfirfarinn sleði í topp standi. Ek. aðeins 5.000 km. Verð 640 þús. Uppl. gefur Úlfar í síma 898 8750.



Verð áður ~~15.900 kr.~~ nú **10.900 kr.**

Einnig fáanlegur í hvítu og svörtu



**VERDI** plaststóll
Verð áður ~~9.900 kr.~~ nú **5.900 kr.**



**VITRO**
Verð áður ~~23.900 kr.~~ nú **16.700 kr.**



**VERDI** plaststóll
Verð áður ~~9.900 kr.~~ nú **5.900 kr.**

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700. Opið virka daga 10 - 18, lau 10 - 17 og sun 10 - 16.

# Strumpar Íslands

**Strumparnir** eiga stórafmæli um þessar mundir og eru þeir 50 ára. Af því tilefni fékk *Júlía Margrét Alexandersdóttir* nokkra þjóðþekkta álitsgjafa til að segja til um hvaða Íslendingar gætu fundið sitt alteregó í Strympu, Hrekkjastrumpi, Kjartani galdrakarli og öllum hinum íbúum Strumpaþorps. Í því landi má meðal annars finna Megas í hlutverki Kjartans galdramanns og Dabba Grensás sem köttinn Brand.

## ➜ ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS



AUÐUR JÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON BAGGALÚTUR



STEFÁN PÁLSSON SAGNFRÆÐINGUR

### KJARTAN GALDRAKARL

**B:** „Megas. Ég held hann hljóti að geta samsamað sig óárennilegum einfara sem sér litla bláa karla í hverju horni. Auk þess væri ógleymanleg sjón að sjá hann arka um Öskjuhlíðina með háf í hendi, íklæddan svörtum kufli og rauðum bomsum – hvæsandi „ég hata strumpa!“

**A:** „Mér dettur ósjálfrátt Davíð Oddsson í hug. Kannski af því hann var mjög lengi forsætisráðherra og gamalreyndir forsætisráðherrar hljóta að brugga leyniráð eins og Kjartan galdrakarl. Er það ekki hluti af djobbinu? Auk þess er hann galdrakarlalegri að sjá en Geir, já hreinlega líkur Kjartani galdrakarli.“

**S:** „Halim Al. Íslendingar hafa aldrei eignast annan eins erkióvin.“





### HREKKJASTRUMPUR

**B:** „Auðunn Blöndal á það embætti skuldlaust.“

**A:** „Hallgrímur Helgason því hann hrekkir þjóðina svo skemmtilega í Roklandi.“

**S:** „Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Hefur í áraraðir hótað þjóðinni með yfirvofandi fuglaflensu og allir fjölmiðlar hlaupa apríl í hvert sinn.“



### KÖTTURINN BRANDUR

**B:** „Það þarf að vera einhver sem er tilbúinn að leggja sér til munns eitthvað blátt, iðandi ógeð sem enginn veit almennilega hvað er, án þess að hugsa sig um tvisvar. Og sleikja sjálfan sig á eftir. Það hlýtur að vera Pétur Jóhann Sigfússon.“

**A:** „Þar sem Davíð er Kjartan fer vel á því að Illugi Gunnarsson þingmaður sé Brandur því hann var aðstoðarmaður hans síðustu árin í embættinu.“

**S:** „Dabbi Grensás: Skaðvaldurinn sem lumbrar á litlu strumpunum og allir óttast.“



### LETISTRUMPUR

**B:** „Benni Hemm Hemm. Hann er bara eitthvað svo værðarlegur.“

**A:** „Allir þingmennirnir – sem vantar oft og iðulega í salinn þegar verið er að sýna umræður á Alþingi í sjónvarpinu. Líka þessa sem geispa mikið og minna frekar á syfjaða unglinga að afgreiða í sjoppu en fulltrúa þjóðarinnar á þingi.“

**S:** „Helgi Björnsson söngvari. Söng sérkennilegasta jólatexta allra tíma, um manninn sem ætlar að gera allt fyrir ástina sína og gefa henni dýrustu djásn – ef hann þá nennir því …“



### SMÍÐASTRUMPUR

**B:** „Gulli Helga – hann vantar í raun bara dindilinn.“

**A:** „Þeir stjórnmálamenn sem vilja frekar gera upp gömlu húsin í miðbæ Reykjavíkur en rífa þau. Vonandi gerist Dagur B. Eggertsson smíðastrumpur og smíðar notalega borg. Já, er ekki bara best að útnefna hann?“

**S:** „Sturla Böðvarsson. Hann lét smíða Grímseyjarferju með þeim árangri að endurbættur dallur kostar álíka og farþegaþota.“



### FÝLUSTRUMPUR

**B:** „Barði Jóhannsson. Mér er til efs að nokkur gæti túlkað hinn algera og skilyrðislausa lífsleiða, blandaðan hæfilegri fyrirlitningu, betur.“

**A:** „Egill Helgason, því hann fór í fýlu út í viðmælanda í þættinum sínum sem var ekki á sama máli og hann. Viðmælandinn var Viðar Þorsteinsson heimspekingur og umræðurnar snerust meðal annars um tjáningarfrelsið.“

**S:** „Mörður Árnason. Aþþíbara.“



### LJÓÐASTRUMPUR

**B:** „Hmm, sífellt þyljandi upp ljóðræn og innblásin sannindi sem enginn vil heyra? … Andri Snær.“

**A:** „Gerður Kristný er til dæmis ljóðastrumpur. Eða öllu heldur ljóðastrympa.“

**S:** „Þorsteinn Davíðsson. Er svo vel að sér í ljóðum Tómasar Guðmundssonar að það skilaði honum dómarasæti.“



### ÆÐSTISTRUMPUR

**B:** „Kári Stefánsson, ekki spurning. Ímyndið ykkur hann bara með rauða skotthúfu og í smekklegum rauðum gammósíum blandandi eitthvert torkennilegt sveppaseyði í tilraunaglasi.“

**A:** „Guðmundur Pálsson, útvarpsmaður og Baggalútur með meiru, því hann hermdi svo vel eftir strumpunum í tólf ára bekk að kennarinn okkar þurfti að færa krakka á milli borða í skólastofunni til að þau hættu að hlæja.“

**S:** „Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði. Auk þess að vera skeggjaður eins og æðstistrumpur og trúarleiðtogi (strumparnir minna mjög á sérstrúarsöfnuð) þá er Hilmar yndislega strumpalegur í þess orðs jákvæðustu merkingu.“

### GRÆÐGISSTRUMPUR

**B:** „Jói Fel. Þarf að ráða við að vera sífelt en komast samt í sömu sokkabuxurnar, ár eftir ár.“

**A:** „Ósýnilegi vinnuveitandinn sem misnotar svonefnt erlent vinnuafl, öðru nafni vinnandi fólk, til að græða peninga.“

**S:** „Finnur Ingólfsson. Hætti á þingi eftir að hafa komið milljörðum í eigin hendur og ætlaði svo aftur á þing af því að hann langaði til þess.“



### STRYMPA

**B:** „Þorgerður Katrín – treysti fáum betur til að spjara sig í óstýrilátum hópi lítilla, blárra karla.“

**A:** „Fjallkonan sem slík. Er hún ekki með svipað höfuðfat og Strympa? Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra í fjallkonubúningi er ábyggilega mjög strympuleg.“

**S:** „Jónína Benediktsdóttir. Í íslenska bissnesheiminum – líkt og í Strumpalandi – eru hundrað kallar sem líta allir eins út, en bara ein kona sem lætur til sín taka: Strympa/Jónína Ben.“



### GÁFNASTRUMPUR

**B:** „Ármann Jakobsson, með réttu gleraugun að vopni og vísifingurinn á lofti væri hann fullkominn.“

**A:** „Það eru svo margir gáfnastrumpar að það er ekki þverfótandi fyrir þeim. Sem betur fer eru þeir gáfaðir á mismunandi hátt, já og mismikið jafnvægi í fjölgáfum þeirra. Ætli ég nefni ekki bara Pál Valsson, rithöfund og bókmenntaráðunaut Forlagsins. Hann er einn jafngáfaðasti gáfnastrumpur sem ég þekki.“

**S:** „Sigurður Líndal. Víðlesinn og alltaf tilbúinn að prédika með puttann á lofti. Bakar sér hins vegar engar vinsældir, þótt hann kunni að hafa lög að mæla.“




Skeljungur er 80 ára.
Höldum upp á það. Komdu. Fáðu þér eitthvað gott.
Á Shell og Select
kr. 99.-
Coke í gleri + Prins Polo XXL + lakkrísrör
Á Select
kr. 99.-
Select vínarpylsa + 0,4 l gos úr vél
Á Select
kr. 50.-
Rjúkandi heitt og ilmandi gott kaffi
30%
afmælisafsláttur af smurþjónustu
Laugav. og Skógarhlíð
30%
afmælisafsláttur af öllum Shell olíum
Afmælistilboð á vetrarþvotti
kr. 499.-
í Smáranum og á Vesturlandsv.
Afmælistilboð á lúxus-vetrarþvotti
kr. 999.-
í Smáranum
IS 80 ára
Made to move
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG
KORTER.IS

Fáðu þér nýjan og endurhannaðan Mazda2

# Mikið meira. Skulda minna.

Skipt'um bíl. Fáðu þér núna sportlegri Mazda2. Komdu. Berðu saman bíla. Prófaðu bæði Toyota Yaris og Mazda2. Segðu svo zoom zoom. Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Gefðu lífinu séns. Vertu Mazda. Komdu í Brimborg í dag.

Keyra meira. Borga minna. Hugsaðu hægt hratt. Komdu í Brimborg. Prófaðu glænýjan Mazda2.



**Miklu minni eyðsla**

**Miklu sneggri að keyra**

**Miklu flottari að vera á**

**Miklu betri að keyra**

**Miklu öruggari í umferðinni**

**Miklu léttari að keyra**

**Miklu skemmtilegri bíll**
**Og þú einnig...**

visthæf skref
með Brimborg

**Gott verð á Mazda2 Advance:**

1,3i 86 hö 5 dyra beinskiptur
kr. 1.690.000*

Léttur og lipur Mazda2
eyðir aðeins 5,4 l/100 km og
losar aðeins 129 g/km af $CO_2$

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.


mazda
Komdu í dag
frumsýning
Coke og prins
Cappuccino
frá kl. 12 til 16,
í Brimborg
Akureyri, Reykjavík
EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
Mazda2 hefur 5 stjörnur
úr öryggisprófun Euro NCAP
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is
ZOOM-ZOOM



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Í orðahreiðrum
Menn búa einnig í orðahreiðrum. Fælin varúð gagnvart orðum er í senn orsök þess og afleiðing að þeir segja að jafnaði fátt, skrifa nánast ekkert svo langtímum skiptir, en búast um í hátimbruðu orði, setjast þar þögulir við kertaljós og hugsa sig uppgefna um þetta kynlega hús, þar sem veggirnir eru kvikir af öðrum orðum, fólki og margskyns hlutverum, og hugsunin beinist að öllu þessu sem einstaklingum í andúð eða samúð. Þessi innilokun manna ásamt innibyrgðri hugsun, í orði sem er hús, húsi sem er leyndarmál, gerir þeim illkleift að tengja saman allt hið einstaka og huga að því sem heild. Þeir rýna á stakan einstæðan hlut og fyrirlíta hann eða dá í dýrslegri blindni.
*Þorsteinn frá Hamri: Haust í Skírisskógi (1980)*

### Orðið á götunni
Ketill Sighvatsson bendir á grein í Mbl. í desember: „Orðið á götunni er að Nylon sé annaðhvort við það að hætta eða sé a.m.k. komin á ís um ófyrirséðan tíma.“ Og ekki nóg með það. Við skoðun kom í ljós að haldið er úti sérstakri vefsíðu sem nefnist „Orðið á götunni“. Þetta er vitaskuld aulaþýðing úr ensku, „the word on the street is ...“ og engin íslenska. Á íslensku er þetta sagt á margvíslegan hátt, til dæmis: svo er sagt; sú saga gengur; gárungarnir segja; heyrst hefur – einnig orðin kvittur, pati, orðasveimur, – og ekki má gleyma fiskisögunni sem flýgur, en er reyndar fremur höfð um stórtíðindi. Og svo finnst mér fara betur að leggja eitthvað í salt en að koma því á ís.

### Spila tónleika
„Sigurbjörn Bernharðsson spilar hátt í hundrað tónleika ...“ segir í Mbl. 31. des. Ég hef ævinlega haldið að menn spiluðu (eða **léku** sem er ögn hátíðlegra) tónlist á tónleikum, og það hef ég jafnan heyrt þegar ég fer á tónleika. Enda lítið gaman ef þar er engin tónlistin.

### Meiri mönnun
„Við erum með meiri mönnun,“ – yfir áramótin – var sagt í RÚV 31. des. og er enn eitt dæmi um ást á klúðurslegu stofnanamáli. Á mannamáli segjum við einfaldlega „fleira starfsfólk“. Flóknara er það nú ekki.

### Fara á heimilisfang
Mbl. 3. janúar: „Ég beið ekki boðanna með að segja lögreglunni frá þessu og hún brá skjótt við og fór á heimilisfangið ...“ Heimilisfang er haft um póstáritun eða skrásett heimili fremur en heimilið eða húsið sjálft.

### Braghendur
Guðmundur Arnfinnsson sendir þessar braghendur.

*Kaupahéðnar kætast nú og*
*krókinn maka.*
*Aularnir á agnið renna.*
*Íslendingar sóa og spenna.*

*Guðspjall jóla gleymast vill, en*
*glys og prjál*
*elta flestir aulum líkir,*
*alltaf meira vilja slíkir.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

## GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

### Góð vika fyrir...



### ... Sófakartöflur
EM í handbolta er himnesk afsökun fyrir allar sófakartöflur landsins til að koma sér vel fyrir í sófanum, opna einn ískaldan, fylla á snakkskálina og segja konunni að fara eitthvað annað til að horfa á Grey's Anatomy. Svo er bara að öskra og góla yfir þeirri karlmannlegu skemmtun sem felst í því að fylgjast með fjórtán íturvöxnum karlmönnum riðlast á hver öðrum eltandi bolta.

### ... Nýsjálenskan ljósmyndara
Nýsjálenski blaðaljósmyndarann Glenn Jeffrey datt aldeilis í lukkupottinn þegar hún Björk okkar veitti honum athygli og reif sundur bolinn hans aftan frá. Atvikið átti sér stað á flugvellinum í Auckland og mun Glenn hafa myndað Björk full mikið og lengi. Glenn vældi mikið yfir rifna bolnum og komst í flesta fjölmiðla heims fyrir vikið. Það er fráleitt annað en að NZ Herald hafi veitt honum kauphækkun eftir þá þolraun að hafa verið laminn af stelpu.



### ... dr. Hannes Hólmstein Gissurason
Uppáhaldsstjórnmálamaðurinn hans Hannesar, meistari Davíð Oddsson, varð sextugur á fimmtudaginn. Boðið var til mikillar móttöku í Ráðhúsinu. Ekki var nóg með að Hannes kæmist í góða veislu í vikunni heldur kom líka út afmælisrit sem hann ritstýrði ásamt fleirum um Davíð í máli og myndum. Ofan á þetta allt fékk Hannes að vera með fræðandi slædsmyndasýningu um Davíð í Kilju Egils Helgasonar.



### Slæm vika fyrir...

### ... Egil Helgason
Öll spjót standa á Agli Helgasyni. Hann er sagður hafa borgaralegan smekk og eftir frekar sakleysislega bloggfærslu um Hugleik Dagsson og Jótlandsmyndirnar hefur rignt yfir hann ummælum þar sem hann er sagður rasískur vitleysingur af umburðarlyndu hugsjónafólki og ungskáldum sem vilja „flækja“ umræðuna um íslam. Fáir koma Agli til hjálpar og helst Ágúst Borgþór Sverrisson. Hann fékk það launað með hómóerótískri skrípamynd frá Tóta Leifs.



### ... Loga Geirsson
Strákarnir okkar standa í ströngu úti í Noregi og ekki byrjaði það vel. Logi Geirsson fór mikinn í bloggfærslu nýlega og sagði að öryggisverðir á Kastrup hefðu stoppað hann í öryggishliðinu og sagt „engar byssur hér“. Logi skildi ekkert fyrr en vörðurinn greip um upphandleggina á honum. Eitthvað klikkuðu þó „byssurnar“ á móti Svíagrýlunni og skutu eintómum púðurskotum. Nú er bara að hysja upp um sig og hreinsa hlaupið.




### ... Rækjuvinnsluna
Rækjuiðnaðurinn er á fallandi fæti. Samherji hf. lokaði rækjuvinnslu sinni á Akureyri í vikunni og sagði upp tuttugu manns. Nú eru því fimm rækjuvinnslur á landinu en voru átján árið 2000. Margt vinnur gegn rækjuvinnslunni. Veiði hefur ekki verið verri í fjórtíu ár, gengið er óhagstætt fyrir útflytjendur og hörð samkeppni er frá útlöndum. Kannski verður þetta á endanum þannig að rækjan í samlokunni okkar verður innflutt.



## HELGARKROSSGÁTAN





**Leystu krossgátuna**
**Í vinning eru tveir miðar í bíó í Regnbogann, Borgarbíó eða Smárabíó?**

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12. - 99 kr. sms-ið




100 MP & BH

SKORTUR | UNGFRÚ | ÍSLENSKUR STAFUR | BORG Í PORTÚGAL / FRÆÐI | NÍÐA | HEIMILI



ÍÞRÓTTAFÉLAG | RÍKI Í ARABÍU

ÁKÆRA / FRAMVINDA | 3 | ERFIÐI | STANDA SIG | FRAMAGOSI

KARLMANNASPARIFÖT | Í RÖÐ | OFREYNA | RIS | TVEIR | HNYKKUR / LEÐJA

HLEYPIR | PRÍVAT / MASSAEINING | YFIRHÖFN / KONUNGUR

1 | HÆTTA | Í RÖÐ / FYRIRMYND | MINNKUÐU / DREIFA

RASPUR | INNYFLI / HEILA | TAPA / NAFNORÐ | SIGTI / DÚKKNÁL

HÁTTUR | EINN MILLJARÐASTI / DÆLING | SKÓA / BIK | HEILAGUR

ASI | FÓTÞURKA / GISTIHÚS | GUÐ / STYKKI | VÖRUMERKI / Í RÖÐ

MJÖÐUR | MÆLIEINING | Í RÖÐ / MARGSKONAR | 2 | SÁLDRA / VERST | 4 | DAUTT

DANS | BYLGJAST / RJÚKA | GEÐ / SUSS



AUÐ | AUÐUGUR / KLAKI | BÓKSTAFUR / DRYKKUR

LÉT

ÓBUNDINN | MATARÁHALD

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur


3DAGA
TILBOÐ
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á FARTÖLVUM • 2 DAGAR EFTIR
OPIÐ Í DAG 10-18
0% VEXTIR
FYRSTA GREIÐSLA
2MARS
VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Tilboð gilda dagana 18-20 janúar eða meðan birgðir endast
3DAGA TILBOÐ
3DAGAR
4BLS
Skoðaðu glæsilegan 4bls bækling í Fréttablaðinu í dag. Frábær tilboð á fartölvum
MICROSOFT OFFICE 2007
4.990
MEÐ FYRSTU 20 FARTÖLVUNUM
1 STK Á MANN
OPNUNARTÍMAR
OPIÐ Í DAG
10:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


Ökutímar


SAGA UM FORBOÐNA ÁST MEÐ TÓNLIST EFTIR LAY LOW

Afbragðs dómar!

„Þetta er falleg sýning... ákaflega sterk... með því að taka Ökutíma til sýningar hefur íslenskt leikhús stigið feti framar... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjörnum.“
MK, Mbl

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð“
EB, Fréttablaðið

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega öfunda það af... mjög vel unnin“
JVJ, DV

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur... mjög áhrifamikil sýning“
SLG, RÚV

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...“
IS, Kistan

„djúpt og áhrifamikið... rússíbanaferð... enn einn sigurinn!“
VAJ, landpostur.is

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli“
JJ, Dagur.net

„hittu mann beint í hjartastað... afar snjöll... Akureyringar eru öfundsverðir af þessari sýningu“
SA, TMM

„Þessi sýning nær manni svo sannarlega... lifir virkilega með manni og vekur mann til umhugsunar ... LA sýnir mikinn metnað í verkefnavali“
ÞES, Víðsjá, RÚV



Allra síðustu sýningar:
Fim 17/1 UPPSELT,
sun 27/1 örfá sæti laus,
sun 3/2 síðasta sýning.
Tryggðu þér miða núna!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!
Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is
Í samstarfi við TM
LEIKFÉLAG AKUREYRAR

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Lofsöngur um land

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FAGNAÐI ÁKAFT Í LEIKSLOK



Þjóðsöngurinn ómar. Ó Guðs vors lands er sungið hástöfum á áhorfendapöllunum og myndavélin þeysist milli leikmanna og áhorfenda sem eru málaðir rauðum, hvítum og bláum litum í framan. Sjónvarpsþulurinn er þagnaður en á einhvern undarlegan hátt finnst mér eins og ég heyri snökt, og eitt lítið tár skapar smá skruðning í hljóðnemanum. Kannski var þetta bara ímyndun eða kannski kveikti þessi fimm hundruð manna kór í Þrándheimi svo undarlega þjóðernistilfinningu að mönnum vöknaði um augun.

Sjálfur átti ég erfitt með að hemja aftur tilfinningnar, hjartað hamaðist í brjóstkassanum og á einu augnabliki langaði mig til að stökkva af stað, klæða mig í stuttbuxur og bol og sitja alklæddur fyrir framan sjónvarpið til að vera við öllu búinn. Hugurinn reikaði aftur til landsins bláa, besta lands í heimi.

En það þýðir ekki að gleyma sér í einhverjum væmnum hugleiðingum um stöðu þjóðarinnar, glæsta fortíð hennar og sögu.

Því fyrir framan hana standa gulklæddir Svíar með sitt alkunna og hrokafulla bros sem segir meira en mörg orð. „Við eigum Saab, við eigum Volvo og Ikea og ólíkt Dönum þá eigum við ennþá stærsta hlutann af höfuðborginni okkar Stokkhólmi.“ Allar þessar yfirlýsingar í einu brosi frá svokölluðum frændum okkar í austri sem hafa notið þess að kvelja okkur – ekki bara í parkettlögðum íþróttahöllum heldur líka á grænum grundum knattspyrnuvalla.

Þjóðin leggst á bæn og treystir samband sitt við þennan Guð sem sungið er um í þjóðsöngnum. Að hann sjái aumur á lítilmagnanum, rétt eins og hann gerði þegar Davíð lagði Golíat. En almættið var víðsfjarri þegar Svíarnir stigu sinn tryllta Abba-diskódans á fjölunum í Noregi. Og það eina sem stóð upp úr þegar leikurinn var flautaður af var að við kunnum þó loks að syngja þjóðsönginn á opinberum vettvangi.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Búdda fyrir norðan

**Sýning sem hefur lífsspeki búddismans að leiðarljósi verður opnuð í Listasafninu á Akureyri í dag kl. 15. Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru þau Halldór Ásgeirsson, Erla Þórarinsdóttir, Finnbogi Pétursson og hinn heimskunni bandaríski vídeólistamaður, Bill Viola, sem sýnir nú í fyrsta sinn hér á landi.**

Á sýningunni er búddisimi settur í nútímalegt, íslenskt samhengi. Íslensku myndlistarmennirnir sem eiga verk á sýningunni hafa ýmist tileinkað sér búddisma, þekkja vel til hans og nota þá þekkingu í list sinni eða virðast einfaldlega smellpassa í þetta samhengi. Á sýningunni gefur einnig að líta hefðbundna búddíska hluti. „Flestir Íslendingar þekkja lítið til búddisma og telja hann ekki skipa nokkurn sess í lífi sínu. Fólk gerir sér þó ekki grein fyrir því að margir þættir nútímalífs eiga rætur sínar að rekja til búddisma, til að mynda iðkun jóga og bardagaíþrótta. Í sýningunni er varpað ljósi á búddismann frá kunnuglegu sjónarhorni og sýningargestir vaktir til umhugsunar um hlutverk búddisma í samfélaginu,“ segir Hannes Sigurðsson, sýningarstjóri og forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri.

Sérstakur gestur sýningarinnar er bandaríski listamaðurinn Bill Viola, en hann er einn virtasti myndlistarmaður heims. Viola hefur lengi verið kenndur við búddisma og verk hans takast gjarnan á við stóru málefni tilverunnar. „Þetta er í fyrsta skipti sem Bill Viola sýnir hér á landi,“ segir Hannes. „Ég vildi ólmur fá þetta tiltekna verk á sýninguna þar sem það tekst á við dauðann og tómleikann. Í verkinu má sjá endalausa röð syrgjenda sem virðast vera staddir við jarðarför. Þetta er nútímafólk af öllum kynþáttum sem er einfaldlega yfirbugað af sorg. Upplifunin af verkinu er ákaflega sterk enda býður það áhorfandanum upp á að upplifa endalok tilveru, jafnvel sinnar eigin.“



**ENDALOK TILVERU** Brot úr verki Bill Viola á sýningunni í Listasafninu á Akureyri.

Sýningin stendur til 9. mars.

vigdis@frettabladid.is

# *Morgunskraf um lýðræði*

Ólafur Páll Jónsson, lektor í heimspeki við Kennaraháskóla Íslands, stendur fyrir heimspekikaffihúsi þar sem fjallað verður um lýðræði og mannréttindi á kaffihúsinu Bláu könnunni, Hafnarstræti 96 á Akureyri, kl. 11 fyrir hádegi á morgun.



**ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON HEIMSPEKINGUR** Stendur fyrir heimspekikaffihúsi í fyrramálið.

Á síðasta ári kom út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags bók eftir Ólaf Pál sem nefnist Náttúra, vald og verðmæti. Í bókinni glímir Ólafur meðal annars við ýmsar grundvallarspurningar um lýðræði, eignarrétt og meðferð valds.

Heimspekikaffihúsið er öllum opið og byggist á samræðu viðstaddra um tiltekið efni sem fólk hefur áhuga á að ræða. Fyrir áramót stóð Félag áhugafólks um heimspeki á Akureyri og félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri fyrir sex slíkum viðburðum sem allir voru mjög fjölsóttir og urðu kveikja að áhugaverðum umræðum. Því verður haldið áfram með heimspekikaffihúsin á nýju ári eftir því sem færi gefast.

Róbert Jack, heimspekingur og höfundur bókarinnar Hversdagsheimspeki, stóð fyrir fyrsta íslenska heimspekikaffihúsinu haustið 2005.

Heimspekikaffihús er ekki háfleyg rökræða nokkurra útlærðra heimspekinga heldur heimspekileg samræða á venjulegu mannamáli. Hver sem er getur tekið þátt í henni svo framarlega sem hann er tilbúinn að hlusta á aðra og færa rök fyrir máli sínu.

- vþ

# Edda frumflutt

Tónverk eftir hinn heimsþekkta Fluxus-listamann Philip Corner verða flutt í Nýlistasafninu, Laugavegi 26, í kvöld kl. 20.

Nýlókórinn, nemendur í Listaháskóla Íslands og fjöldi hljóðfæraleikara flytja tónverkin, en flutningi stjórna þeir Hörður Bragason organisti og tónskáldið sjálft, Philip Corner.

Verkin sem flutt verða eru samin á árunum 1962-2008 og spanna því langt tímabil í ferli tónskáldsins. Hápunktur tónleikanna verður þó frumflutningur verksins Edda sem Corner samdi sérstaklega fyrir Nýlókórinn.

Philip Corner tók þátt í Fluxushreyfingunni frá upphafi og er fyrst og fremst þekktur fyrir tilraunakennd tónverk, tónlistarspuna, uppákomur og gjörninga, en hann hefur einnig verið virkur tónlistarmaður, myndlistarmaður og rithöfundur. Verk hans eru undir áhrifum frá ólíkum menningarstefnum, til að mynda asískri tónlistarhefð, skrautskrift og dansi.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn.

- vþ

KRINGLU KRÁIN
Roff Tops
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum







ENNEMM / SÍA / NM31717
LÆKKAÐ VERÐ
Á VÖLDUM VÖRUM
SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT
Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is
Á kaffihúsinu sem Te & kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 um helgar.

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**OFURFYRIRSÆTUR SNÚA AFTUR**
Nýjasta auglýsingaherferðin fyrir franska tískuhúsið **Louis Vuitton** skartar sex ofurfyrirsætum. Þær **Naomi Campbell, Eva Herzigova, Angela Lindvall, Claudia Schiffer, Stephanie Seymour** og **Natalia Vodianova** eru nýju andlit sumarlínu Vuitton sem er hönnuð af Marc Jacobs, en hann klæddi einmitt fyrrgreindar stúlkur í hjúkkubúninga á síðustu sýningu tískuhússins. Nýja herferðin er með eindæmum litaglöð og mun birtast í febrúar í helstu tískuritum heims.



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



silfurlita og dásamlega tösku frá Anya Hindmarch. Fæst í þremur hæðum.



gamaldags pinnahæla með opinni tá úr svörtu lakki frá miss sixty, kringlunni



æðislegan „babydoll“ kjól í klassískum gráum lit. Frá kronkron



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Siðferðileg tíska*

Þegar fólk kaupir sér flík er það sjaldnast að hugsa um hvar hún er búin til, af hverjum og við hvernig vinnuaðstæður. En fatabransinn er flókinn og hver einasta spjör sem við klæðumst á sér langa sögu. Skoðum til dæmis fatnað sem við eigum öll til í fataskápnum: gallabuxurnar. Til þess að búa til einar gallabuxur þarf hráefni frá fimm mismunandi löndum í órafjarlægð frá Íslandi. Þessar einu gallabuxur hafa svo áhrif á fólkið sem ræktar bómullina sem þær eru ofnar úr, og fólkið sem vefur svo gallaefnið og saumar. Þar að auki hafa öll þessi skref líka áhrif á umhverfið. Vissuð þið að það er ótrúlega mikið magn af skordýraeitri notað á bómullarakra? Næstum einn fjórði af allri skordýraeitursnotkun á heimsvísu er notuð á bómull sem er bæði skaðleg umhverfinu og fólkinu sem vinnur við hana. Í dag eru gallaefni mun mýkri og þægilegri en þau voru fyrir þrjátíu árum vegna nýrra mýkingarefna sem einnig geta verið mjög skaðleg bæði fólki og umhverfinu. Svo komum við auðvitað að því hver saumar gallabuxurnar. Þar sem vinnuafl er hræódýrt í þróunarlöndunum, til dæmis í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku, eru gallabuxur oftast framleiddar þar. Sem getur verið gott fyrir fátæk samfélög og skapað atvinnu og tekjur, en hefur því miður oftast í för með sér slæmar vinnuaðstæður, ólöglega og langa vinnutíma, verkafólk langt undir löglegum aldri og í þokkabót lúsarlaun sem veita fólki ekki einu sinni grunnþarfir eins og mat og lækniskostnað. Svo verðum við líka að hugsa um kostnaðinn við að flytja þessar gallabuxur hálfa leiðina kringum hnöttinn til Evrópu, hvort sem það er með skipi eða flugvél. Öll farartæki nota bensín eða olíu sem menga heiminn okkar og stuðla að loftslagsbreytingum jarðar. Svo þegar gallabuxurnar þínar eru saddar lífdaga enda þær á ruslahaugunum og þar með fara öll kemísk efni úr þeim beint í jarðveginn eða út í andrúmsloftið. En tískubransinn þarf ekkert endilega að vera svona. Við getum öll lagt örlítið af mörkum og margir hönnuðir leggja sig fram við að bæta úr öllum ofangreindum atriðum.

Nokkrir hlutir sem við getum haft í huga þegar við kaupum föt eru þessir: Skoðið merkingarnar! „Organic“ þýðir að flík er búin til án eiturefna. „Fair Trade“ þýðir að verkamönnunum voru borguð sanngjörn laun fyrir vinnu sína. „Recycled“ þýðir endurunnin en margir hönnuðir eru farnir að endurnýta efni. Og svo að kaupa notuð föt!



**MYNSTRAÐ** Ættbálkamynstur í svörtu og brúnu frá Oscar de La Renta fyrir sumar 2008.



**DIMMBLÁR** Æðislegur kjóll með víðum ermum og belti fyrir sumar 2008 eftir Doro Olowu.



**SARONG** Fjólublátt og brúnt með skrautlegu höfuðfati frá Christian Lacroix fyrir sumar 2008.




# LITIÐ TIL AFRÍKU

Hnattvæðingin tröllreið tískupöllunum fyrir sumarið 2008 en þar mátti sjá mikið af mynstruðum kjólum og flíkum innblásnum af ættbálkamynstrum Afríku. Heimsálfan myrka fékk töluverða heimsathygli á síðasta ári þegar ýmsar stórstjörnur lögðu sitt af mörkum til að vekja athygli á hinni miklu neyð sem þar ríkir, athygli sem hefur meira að segja sett mark sitt á tísku næsta árs. Nígeríski hönnuðurinn Duro Olowu hefur til dæmis slegið í gegn á heimsvísu og var valinn hönnuður ársins í Bretlandi í fyrra, en hann er þekktur fyrir gullfallega kjóla sem hann býr til úr gömlum efnum sem hann finnur víðs vegar um heiminn. Einnig mátti sjá töluverð afrísk áhrif hjá hönnuðum eins og Oscar de la Renta, Christian Lacroix og Emilio Pucci. - amb



**GYLLT OG FAGURT** Gyllt skyrta og afrískar hálsfestar frá nígeríska hönnuðinum Doro Olowu.



**ÆTTBÁLKAMYNSTUR** Fallegur svartur og brúnn kjóll frá Oscar de la Renta.

húsgögn / ljós / gjafir












opið í dag 11 - 15

# nýjungar í exó

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

## > BECKHAM OG SNOOP

Rapparinn Snoop Dogg og fótboltamaðurinn David Beckham hyggjast hefja samstarf þegar fram líða stundir. Þar er þó ekki um fótbolta eða tónlist að ræða, því félagarnir ætla að leggjast í hönnun og framleiðslu á inniskóm, sem eru þeim báðum hugleiknir.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Sakar Odd um ósannindi

„Þetta eru þau viðbrögð sem ég bjóst við," segir uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson um gagnrýni Odds Eysteins Friðrikssonar á störf sín í Fréttablaðinu í gær. Þar deildu þeir hart um keppnina Fyndnasti maður Íslands og síðuna Uppistand.is, sem Rökkvi stjórnar nú einsamall.

Rökkvi segir það ósannindi hjá Oddi að halda því fram að enginn hafi viljað bóka sig sem uppistandara. „Í apríl sagði ég við Odd að ég vildi hætta. Hann vildi það alls ekki og sagðist geta bókað mig mjög mikið. En ég sá það aldrei skila sér. Ef Oddi fannst allan tímann ég vera skemmd vara átti hann að hafa samband við mig og segja að hann vildi ekki vera umboðsmaðurinn minn," segir Rökkvi. Hann bætir því við að Oddur hafi sagt hann vera mjög góðan uppistandara eftir að hann datt út í undankeppni um Fyndnasta mann Íslands. „Ég vil ekki segjast vera betri uppistandari en hinn og þessi en það er í rauninni hlátur áhorfenda sem mælir það." Rökkvi segist hafa vitað með góðum fyrirvara að salurinn myndi velja sigurvegarann en vissi ekki fyrr en rétt fyrir keppnina að desibil-mælir yrði notaður. Aðallega er hann þó ósáttur við framleiðslu fyrsta þáttarins sem hann kom fram í og segir hann Odd einnig hafa viðurkennt það fyrir sér.

Rökkva finnst einnig ómálefnalegt að Oddur segi hann selja sig ódýrt með góðgerðaruppistandi sínu. „Ég hef oft áður verið í góðgerðaruppistandi og hef líka borgað í góðgerðarmál óháð uppistandi.



**RÖKKVI VÉSTEINSSON** Uppistandarinn Rökkvi segir að Oddur fari með ósannindi.

Ég vil ekki segja að ég sé einhver dýrlingur. Ég vil bæði koma mér á framfæri, ganga vel í uppistandi og einnig styrkja góð málefni. Mér finnst að hann eigi ekki að reyna að eyðileggja fyrir mér þegar ég er að eyða mínum frítíma í að styrkja gott málefni."

- fb




# Magni, friðarlag og gospel í kvöld

**Í kvöld hefjast undanúrslitin í Eurovision-forvali Ríkissjónvarpsins í Laugardagslögunum. Nú eru tólf lög eftir sem berjast þrjú og þrjú í fjórum þáttum. Tvö lög komast áfram úr hverjum þætti eftir almenna símakosningu þannig að á úrslitakvöldinu verða átta lög sem keppa um farmiðann til Serbíu.**

Það eru lög Hafdísar Huldar, Magnúsar Þórs og Gumma í Sálinni sem etja kappi í kvöld. Magni og Birgitta Haukdal sungu dúett þegar „Núna veit ég" eftir Hafdísi Huld heyrðist í fyrsta skipti. Vegna misskilnings er Birgitta komin í sína árlegu skíðaferð til Ítalíu og því mun Magni standa vaktina einn í kvöld. Hvorki hann né höfundurinn hafa þó áhyggjur af Birgittuleysinu og bjóða upp á rokkaðri útgáfu af laginu en áður.

Friðarsöngur Magnúsar Þórs Sigmundssonar, Lullaby for Peace, kemur næstur. Það er hið mislita tríó Ínu Valgerðar Pétursdóttur, Seth Sharp og Berglindar Óskar Guðgeirsdóttur sem syngur sem fyrr. Boðið verður upp á lítillega breytta útgáfu sem ku kraftmeiri en sú fyrri.

Síðasta lag kvöldsins er „Gef mér von" eftir Guðmund Jónsson, sungið af gullbarkanum Páli Rósinkranz. Síðast var hann studdur af fjölmennum gospelkór úr Hvítasunnusöfnuðinum. Nú mega þátttakendur á sviði ekki vera fleiri en sex svo það er ljóst að gospelkórinn kemur niðurskorinn til leiks.

Í þættinum verður grín og glens Tvíhöfða á sínum stað og reynsluboltinn Eyjólfur Kristjánsson verður gestadómari kvöldsins.



**9002001** Núna veit ég eftir Hafdísi Huld.



**9002002** Lullaby to Peace eftir Magnús Þór Sigmundsson.



**9002003** Gef mér von eftir Guðmund Jónsson.




## NÆSTU UNDANÚRSLITAKVÖLD

**26. janúar**

- The Girl in the Golden Dress eftir Andreu Gylfadóttur, Bjartur Guðjónsson syngur.
- In Your Dreams eftir Davíð Þorstein Olgeirsson, höfundur syngur.
- Hvað var það sem þú sást í honum? eftir Magnús Eiríksson, Baggalútur flytur.

**2. febrúar**

- Leigubílar eftir Magnús Eiríksson, Hrund Ósk Árnadóttir og Pálmi Gunnarsson syngja.

Fullkomið líf eftir Örlyg Smára, Eurobandið flytur.

- Hvar ertu nú? eftir Dr. Gunna, Dr. Spock flytur.

**9. febrúar**

- Ho, ho, ho, We Say hey, hey, hey eftir Barða Jóhannsson, Mercedes Club flytur.
- Don't Wake Me Up eftir Margréti Kristínu Sigurðardóttur, Ragnheiður Gröndal syngur.
- The Wiggle Wiggle Song eftir Svölu Björgvinsdóttur, Haffi Haff syngur.

# Lily missti fóstrið


NORDICPHOTOS/GETTY

Breska söngkonan Lily Allen missti fóstur á dögunum. Barnið hefði orðið fyrsta barn Allen, sem er 22 ára gömul, og kærasta hennar, Ed Simons úr Chemical Brothers. Þungunin var mjög óvænt, enda höfðu þau bara verið saman í fjóra mánuði þegar Allen varð ólétt. Hún hafði þó tekið fréttunum fagnandi, og var farin að hlakka til þess að verða mamma, samkvæmt heimildarmönnum The Sun.

Talsmaður Allen hefur staðfest fósturlátið. „Hún og kærasti hennar, Ed Simons, munu ekki tjá sig frekar og við biðjum um að þeim verði veitt næði á þessum erfiða tíma.“

**SORGARFRÉTTIR** Þó að þungun Lily Allen hafi verið óvænt var hún farin að hlakka til þess að verða mamma.

# Bleikir skór hjá Moschino

**Hver herralínan á fætur annarri birtist á sýningarpöllunum í Mílanó þessa dagana, og að vanda er úr nógu að velja fyrir áhugasama. Karlmenn munu feta sig út í pallíettujakka og bleika lakkskó á næsta hausti, ef dæma má af nýafstaðinni sýningu Moschino í tískuborginni.**








**SKEMMTILEGAR ÁHERSLUR**
Sýning Moschino samanstóð að miklu leyti af klæðilegum buxum, jökkum og peysum, en inn á milli mátti sjá heldur óhefðbundnari fylgihluti. Pallíettuvesti gjörbreytti til dæmis annars nokkuð saklausum jakkafötum, og bleikir lakkskór setja óneitanlega svip á klæðnaðinn fyrir matarboðið. Munstur voru líka nokkuð áberandi, eins og svart-hvíti klæðnaðurinn ber merki um.

# Leikstjórar ná sáttum

Leikstjórar í Hollywood hafa komist að samkomulagi við fulltrúa kvikmyndavera um nýjan samstarfssamning til þriggja ára. Samningurinn felur meðal annars í sér að leikstjórar fá greitt fyrir efni sem birtist á netinu. Handritshöfundar, sem enn eru í verkfalli, hafa einmitt deilt hart um þennan sama málaflokk.

Með nýja samningnum vonast menn til að þrýstingur myndist á handritshöfundana um að ná samkomulagi við kvikmyndaverin. „Ég er mjög ánægður með nýja samninginn og vona að hann verði til þess að flýta samningaviðræðunum við handritshöfunda,“ sagði leikarinn og leikstjórinn George Clooney.



**GEORGE CLOONEY** Clooney er ánægður með nýja samninginn.


# Hjólhýsasýning

Við frumsýnum 2008 árgerðina af stórglæsilegum **Polar** hjólhýsum **helgina 19. - 20. janúar** í verslun okkar að **Fosshálsi 5-7.**
7 hjólhýsi til sýnis og Léttar veitingar í boði!

Lau kl. **10.00-17.00**
Sun kl. **12.00-16.00**





**Polar hjólhýsin**
**Breiðustu og best einangruðu** hjólhýsin á markaðnum, sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir og koma ríkulega hlaðin staðalbúnaði.

## Ríkulega hlaðin staðalbúnaði

- Alde 3010 lokað vatnshitakerfi í gólfi og undir öllum gluggum
- IDC stöðugleikakerfi
- Sólarrafhlaða 150 wött
- 19" LCD sjónvarp 12/220 volt
- DVD/CD spilari & útvarp
- Gasofn m/grilli
- Stór ísskápur m/aðskildum frysti
- Sérstakur vínkælir
- Bakkskynjari, þráðlaus
- 8 cm Tempur yfirdýna í hjónarúmi
- 2 x 75 ampera rafgeymar
- WS 3000 öryggiskúpling á beisli
- Stór opnanleg sóllúga
- Gasúttak f. grill ofl. úti
- Flugnanet f. gluggum/hurð/sóllúgu
- Handklæðaþurrkari á baði
- Geymsluhólf að utan
- 4 hátalarar fram/aftur
- Dimmir á inniljósum
- Útdraganleg koja yfir hjónarúmi
- Gasskynjari

-40 °C
44mm einangrun
iDC stöðugleikakerfi
Séstakur vínkælir
19" LCD skjár
DVD spilari




Útilegu maðurinn®
Fossháls 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MIST | kl. 8 - 10.40 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 ÍSLENSKT TAL | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 2 - 4 - 6 ENSKT TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 1.45 - 3.45 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10.20 | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 4.30 -6.30 - 8.30 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 3 - 6 - 9 ótextuð | 12 |
| WE OWN THE NIGHT | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RUN FAT BOY RUN | kl. 3 - 5.30 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10* | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 4 - 6 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

*kraftsýning — AUKAKRÓNUR 5%

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

| | | |
|---|---|---|
| MOLIERE kl. 3.40 | TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 6 | SERKO kl. 10 |
| BREYTT HEIMILISFANG kl. 4 | PERSEPOLIS kl. 8 | HELVÍTI kl. 10.30 |
| Í KÖÐLUNUM kl. 6 | LÖGMAÐUR HRYÐJUVERKANNA kl. 8 | |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | 1-3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 - 8 - 10:10 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1 - 3:20 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 - 8 | L |
| AMERICAN GANGSTER Síð. sýn | kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1 - 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | 1:20 - 3:40 - 6 - 8-10:20 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8:20 - 10:20 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 6 | 14 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 1:20 - 3:40 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 2D - 4D DIGITAL | L |

SparBíó 450kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 2-5-8-10:20 | L |
| ALVIN OG ÍKO... m/ísl tali | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GAME PLAN | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| NATIONAL TREASURE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I AM LEGEND | kl. 10 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 4-6-8-10:10 | 7 |
| SIDNEY WHITE | kl. 8 | 7 |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:10 | 12 |
| ALVIN OG ÍKO... M/- ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| ENCHANTED M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 3:50 | L |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5:45 | 10 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE MIST | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2 og 5 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| BÝFLUGNAMYNDIN | kl. 2 | L |


# Frakkar og Kanar elska að rífast

Julie Delpy fæddist í París árið 1969, dóttir róttækra listamanna en býr nú í Los Angeles og er með ríkisborgararétt bæði í Frakklandi og Bandaríkjunum. Hún varð fyrst þekkt fyrir að leika í myndum eins og Þrír litir: Hvítur og Before Sunrise en er hér allt í öllu, leikari handritshöfundur, leikstjóri, klippari og höfundur tónlistar. Myndin er að einhverju leyti sjálfsævisöguleg, persóna hennar, Marion, er með alvarlega sjónskekkju eins og Delpy og foreldrar Marion eru leiknir af foreldrum Delpy.

Myndin ber mikinn dám af þessu tvískipta þjóðerni Delpy, og fjallar um samband hinnar frönsku Marion við Bandaríkjamanninn Jack. Reyndar er undarlegt til þess að hugsa að myndin skuli vera leikstýrð af manneskju af frönsku foreldri, því hún virðist leggja sig fram við að staðfesta alla fordóma Bandaríkjamanna í garð Frakka. Þeir eru illa lyktandi, borða ógeðslegan mat, konurnar eru kynóðar druslur og flestir eru þeir rasistar inn við beinið. Myndin er að mestu séð frá sjónarhóli Jack, sem er eins og yngri og tattóveraðri Woody Allen, New York-gyðingur sem finnur allt að öllu.

Delpy virðist hafa smitast allverulega af hugarfari Bandaríkjamanna og það er eins og henni gangi helst til sem Frakki að játa á sig alla sök fyrir allt sem er að í menningu þeirra. En það undarlega er að það er þrátt fyrir allt gaman að horfa á þetta fólk rífast í tvo klukkutíma, enda er það mátulega hnyttið eins og Frakka og New York-gyðinga er siður.

**Valur Gunnarsson**



**KVIKMYNDIR**

**Tveir dagar í París**

Leikstjóri: Julie Delpy. Aðalhlutverk: Julie Delpy & Adam Goldberg.

Sýnd á Franskri kvikmyndahátíð í Háskólabíói.

★★★

Rómantíkin í París fer kannski fyrir lítið, en sem gamanmynd gengur hún ágætlega upp. Þrátt fyrir fremur einfeldningslegan endi.

# Besta ísfirska lagið er ítalskt

**Lagið „Þín innsta þrá“ með B.G. og Ingibjörg hefur sigrað í kosningu um besta ísfirska lagið. Kosningin hefur staðið yfir á vef Bæjarins besta á Ísafirði um nokkurt skeið og fór B.G. og Ingibjörg með öruggan sigur á lögum með Ýr, Reykjavík! og Mugison. Sjálfur Helgi Björnsson varð meira að segja að láta sér annað sætið lynda með sitt frægasta lag, „Húsið og ég“.**

„Það er nefnilega það,“ segir Ingibjörg G. Guðmundsdóttir, þegar henni eru færð tíðindin. „Þetta lag lifir náttúrlega svona vel vegna allra barnanna og hjónabandanna sem hafa orðið til út af því. Þetta var alltaf síðasta lagið á böllum hjá okkur, vangalagið, og það var búið að vera á efnisskránni lengi, alveg frá 1963 eða ´64. Þetta er ítalskt lag og söngvari sem var í bandinu kom með það frá Ítalíu. Það heitir Bueno notte og upprunalegi flytjandinn heitir Rocco Granada.“

Þín innsta þrá kom út á litilli plötu árið 1970 á útgáfumerki Svavars Gests og varð strax vinsælt um allt land. Úti um allar trissur mátti heyra fólk söngla viðlagið „Góða nótt minn litli ljúfur …“. Ingibjörg man vel eftir upptökum á laginu. „Ég var búinn að syngja lagið á ítölsku árum saman en fyrir plötuna bjó Jóhanna Erlingsdóttir til íslenskan texta. Ég sá textann fyrst um hádegisleytið og klukkan tvö var brunað í hljóðver Ríkisútvarpsins við Skúlagötu og fjögur lög tekin upp á tveimur tímum. Þetta gekk svona fljótt fyrir sig á þessum árum. Svo vorum við bara að spila í Sigtúni um kvöldið.“

Ingibjörg hætti að syngja með hljómsveitinni árið 1978, en hefur stöku sinnum tekið „eitthvert sprell“ með sínum gömlu félögum síðan. Hún starfar í dag sem leiðsögumaður og kennir jóga. **gunnarh@frettabladid.is**



**MEÐ ÓFÁ HJÓNABÖND Á SAMVISKUNNI** Ingibjörg G. Guðmunds söng vangalagið góða, Þín innsta þrá. Það hefur nú verið valið besta ísfirska lagið.



**UPPRUNALEGA PLÖTUUMSLAGIÐ** Þín innsta þrá kom út 1970.











AUKAKRÓNUR:
VELKOMIN Í HÓPINN
MISS SIXTY
Við óskum MISS SIXTY til hamingju með nýju verslunina í Kringlunni (við hliðina á Deres) og bjóðum hana velkomna í hóp samstarfsaðila Aukakróna. Hér eftir fá kreditkorthafar með Aukakrónusöfnun 6% endurgreiðslu hjá MISS SIXTY.
Að auki getur þú fengið endurgreiðslu frá eftirtöldum verslunum NTC:
galleri sautján
gs skór
Kultur
eva
CENTRUM
focus
Kultur menn
Deres
Sparkz
COMPANYS
SMASH
retro
AUKAKRÓNUR
Landsbankinn

## > Betri en menn héldu fyrir mót

Frammistaða Slóvaka gegn Frökkum í fyrrakvöld kom mörgum í opna skjöldu. Þó svo að Frakkar hafi hugsanlega ekki lagt sig eins mikið fram og þeir hefðu átt að gera gegn Slóvökum duldist það engum að talsvert er spunnið í slóvakíska liðið. Besti maður liðsins er miðjumaðurinn Frantisek Sulc sem fór mikinn gegn Frökkum og skoraði tíu mörk. Skyttan Radovan Pekar er einnig góð en hann skoraði sjö mörk í leiknum. Markvörðurinn Richard Stochl reyndist Frökkum einnig erfiður ljár í þúfu en hann varði marga góða bolta.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR STEFÁNSSON: ER MEIDDUR OG LEIKUR EKKI GEGN SLÓVAKÍU OG LÍKLEGA EKKI HELDUR GEGN FRAKKLANDI

# *Hrikalega fúlt að geta ekki bætt fyrir Svíaleikinn*

Það syrtir enn í álinn hjá handboltalandsliðinu. Nú er ljóst að landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson mun ekki leika með landsliðinu í dag gegn Slóvökum og líklega ekki heldur gegn Frökkum á morgun. Einnig er óvíst hvort hann geti leikið með liðinu í milliriðli komist það þangað á annað borð.

Ólafur hefur aðeins misst af tveimur leikjum Íslands á stórmótum frá árinu 1993 og Ísland vann í hvorugt skiptið.

„Það er bónus ef ég kemst í milliriðilinn. Það er líklega eitthvað rifið aftan í lærinu og eina ráðið gegn því er hvíld," sagði Ólafur sem tók ekki þátt í æfingu í hádeginu í gær. Skoðun síðar í gærdag leiddi svo í ljós vöðvinn er ekki rifinn. „Það var kannski vitleysa að spila svona mikið gegn Svíum þar sem ég meiddist strax í upphafi leiksins," sagði Ólafur en það leyndi sér ekki að hann var sárþjáður í leiknum.



„Þetta er alveg hrikalega fúlt og ekki síst þar sem maður vill komast strax út á völlinn og bæta fyrir Svíaleikinn. Strákarnir verða bara að gera það fyrir mig í staðinn. Ég er annars bjartur á framhaldið og hef fulla trú á því að strákarnir geti klárað þessi verkefni sem eftir eru," sagði Ólafur, sem bar sig merkilega vel þrátt fyrir áfallið en hann var ómeiddur þar til daginn fyrir mótið. Ólafur meiddist einnig á Evrópumótinu í Sviss fyrir tveimur árum en það var undir allt öðrum kringumstæðum. Ólafur meiddist þá í 36-31 sigri á Serbum og lék ekkert í hinum leikjum riðilsins á móti Dönum og Ungverjum. Íslenska landsliðið náði aðeins einu stigi út úr þeim leikjum, gerði 28-28 jafntefli við Dani og tapaði 31-35 fyrir Ungverjum. Ólafur var kominn aftur fyrir fyrsta leik í milliriðli þar sem Ísland vann 34-32 sigur á Rússum. Ólafur var með átta mörk og 10 stoðsendingar í þeim leik og var á endanum valinn í lið mótsins.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Evrópumótið í handbolta:*

**A-riðill:**

| | |
|---|---|
| Tékkland-Króatía | 26-30 |
| Pólland-Slóvenía | 33-27 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Króatía** | **2** | **2** | **0** | **0** | **62-53** | **4** |
| Pólland | 2 | 1 | 0 | 1 | 60-59 | 2 |
| **Slóvenía** | **2** | **1** | **0** | **1** | **61-65** | **2** |
| Tékkland | 2 | 0 | 0 | 2 | 58-64 | 0 |

**B-riðill:**

| | |
|---|---|
| Noregur-Rússland | 32-21 |
| Svartfjallaland-Danmörk | 24-32 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Noregur** | **2** | **2** | **0** | **0** | **59-47** | **4** |
| Danmörk | 2 | 1 | 0 | 1 | 58-51 | 2 |
| **Svartfjallaland** | **2** | **0** | **1** | **1** | **49-57** | **1** |
| Rússland | 2 | 0 | 1 | 1 | 46-57 | 1 |

### *N1 deild kvenna:*

Fram-Grótta 25-19 (12-10)

**Mörk Fram:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 6 (6), Sara Sigurðardóttir 5 (9), Ásta Birna Gunnarsdóttir 4/2 (7/3), Anett Köbli 3 (3), Marthe Sördal 3 (4), Pavla Nevarilova 2 (3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (5), Stella Sigurðardóttir 1/1 (5/2).
**Varin skot:** Kristina Kvedariene 12/2 (27/6) 44,4%, Karen Einarsdóttir 2 (6) 33,3%
**Hraðaupphlaup:** 13 (Sördal 3, Þórey 3, Köbli 2, Ásta 2, Nevarilova 2, Sara)
**Fiskuð víti:** 6 **Utan vallar:** 4 mínútur
**Mörk Gróttu:** Karólína Gunnarsdóttir 5 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4/2 (11/4), Aukse Visnayauskaite 3/1 (7/2), Tanja Zukovska 2 (3), Ragna Karen Sigurðardóttir 2 (4), Pavla Plaminkova 2/1 (8/2), Ingibjörg Jónsdóttir 1 (1).
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 16/2 (37/5) 43,2%, Guðrún Ósk Maríasdóttir (4)
**Hraðaupphlaup:** 7 (Karólína 2, Zukovska 2, Plaminkova, Ingibjörg, Anna Úrsúla)
**Fiskuð víti:** 8 **Utan vallar:** 8 mínútur

| | |
|---|---|
| FH-Valur | 19-36 |
| Stjarnan-HK | 35-28 |
| Haukar-Fylkir | 19-17 |

# Þurfum karakter og baráttu

**Alfreð Gíslason segir að Slóvakar verði ekki sigraðir nema liðið sýni karakter og baráttu. Hann æfði í gær þá hluti sem hafa verið hvað lélegastir hjá liðinu.**

**HANDBOLTI** Það var ekki hátt risið á landsliðinu er það tók æfingu í hádeginu í gær. Tapið slæma gegn Svíum sat augljóslega enn í liðinu og menn voru afar þungir á brún. Þjálfarinn Alfreð Gíslason var þar engin undantekning en tíðindin af Ólafi Stefánssyni fóru eðlilega ekki vel í hann.

„Það hefur oft verið bjartara yfir manni. Það eru margir sem eru einnig ekki í nógu góðu standi og við þurfum að taka Slóvakana á karakternum og baráttunni. Vonandi stígur Einar upp þar sem Óli er úti en Einar hefur verið að kvarta yfir eymslum í skothendinni," sagði Alfreð, sem er mjög ósáttur við að strákarnir séu ítrekað að gera sömu mistökin.

„Við erum með skelfilega nýtingu í hraðaupphlaupum og erum þess utan líklega lélegasta liðið manni fleiri. Vorum einum fleiri í fjórtán mínútur gegn Svíum en gerðum tvö mörk. Svo erum við ekki að spila það sem við erum að æfa og gerum ótrúleg klaufamistök. Ég tók hraðaupphlaupin fyrir á æfingunni núna sem og að spila manni fleiri. Ef við bætum okkur á þessu sviði erum við í miklu betri málum."



**MEIDDUR** Alfreð Gíslason getur ekki treyst á framlög frá fyrirliðanum í leiknum á móti Slóvökum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Slóvakar komu skemmtilega á óvart með frammistöðu sinni gegn Frökkum á fimmtudag þar sem Frakkar mörðu eins marks sigur. Alfreð gerir ráð fyrir erfiðum leik.

„Það hafa margir talað um að Frakkar hafi vanmetið þá og verið á hálfum hraða. Ég er búinn að skoða leikinn og Slóvakarnir voru að spila góða vörn og markvarslan var einnig fín. Sóknarleikurinn var skynsamur og þeir hafa góðar skyttur sem skoruðu mikið en á móti vorum við alveg skyttulausir gegn Svíum. Við þurfum að gera margt betur til þess að leggja Slóvakana," sagði Alfreð en ætlar hann að gera eitthvað sérstakt til að lyfta andanum í hópnum?

„Ég held að andinn léttist þegar menn spila almennilegan handbolta. Það eru nokkrir hér sem eru ekki mættir til leiks en andinn í liðinu léttist þegar við förum að spila eins og menn og vinnum þennan leik gegn Slóvökum," sagði Alfreð Gíslason.



EM Í NOREGI
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
skrifar frá Þrándheimi
**henry@frettabladid.is**




Strákarnir okkar hafa lifað af áföll í byrjun stórmóta:

# Hafa komið til baka

**HANDBOLTI** Eftir slæman skell í fyrsta leik þarf íslenska handboltalandsliðið að þjappa sig saman og bæta sinn leik mikið fyrir leikina gegn Slóvökum (í dag) og gegn Frökkum á sunnudaginn. Þegar saga liðsins á stórmótum er skoðuð þá má finna þrjú eftirminnileg dæmi um að íslensku strákarnir hafi náð að vinna sig út úr slæmri byrjun á stórmóti.

Á HM í Vestur-Þýskalandi 1961 mætti íslenska landsliðið frændunum frá Danmörku þar sem Danir komust mest þrettán mörkum yfir og unnu með 11 marka mun, 13-24. Íslenska liðið kom til baka, vann 14-12 sigur á Sviss tryggði sæti í milliriðli og 15-15 jafntefli við Tékka og 20-13 sigur á Frökkum tryggði leik gegn Dönum um fimmta sætið. Ísland var nánast með unninn leik gegn Dönum í stöðunni 13-9 en Danir unnu síðustu 12 mínúturnar 5 og þar með með leikinn 14-13.

Á HM í Sviss 1986 tapaði íslenska liðið með níu mörkum, 21-30, fyrir Suður-Kóreumönnum í fyrsta leik en gafst ekki upp heldur kom til baka með því að vinna 19-18 sigur á Tékkum og svo 25-23 sigur á Rúmenum. Íslenska endaði á því að leika aftur um 5. sætið en að þessu sinni tapaði liðið 22-24 fyrir Spánverjum.

Á HM í Þýskalandi í fyrra vann íslenska liðið Ástralíu með 25 mörkum í fyrsta leik en tapaði síðan óvænt fyrir Úkraínu 29-32 og allt stefndi í að íslenska liðið væri á leiðinni heim.



**ENGIN UPPGJÖF** Guðjón Valur Sigurðsson tekur við fyrirliðabandinu í forföllum Ólafs Stefánssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslensku strákarnir komu hinsvegar af miklu krafti inn í leikinn á móti Evrópumeisturum Frakka og unnu að lokum stórglæsilegan átta marka sigur, 32-24, eftir að hafa komist í 5-0 og verið tíu mörkum yfir í hálfleik, 18-8. Íslenska liðið var síðan aðeins nokkrum sekúndum frá því að spila til undanúrslita í mótinu og endaði í 7. sætinu eftir tap fyrir Danmörku í tvíframlengdum leik í átta liða úrslitum. **- óój**



**STEMNING** Íslenskir áhorfendur létu vel í sér heyra í fyrrakvöld í leiknum gegn Svíum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenskir áhorfendur:

# Fóru á kostum gegn Svíum

**HANDBOLTI** Það verður ekki sagt að íslenska landsliðið hafi ekki fengið stuðning gegn Svíum á fimmtudag. Um 500 Íslendingar voru á leiknum og þeir létu gríðarlega vel í sér heyra.

Þegar liðin gengu út á völlinn var engu líkara en Ísland væri á heimavelli því íslensku áhorfendurnir áttu hreinlega húsið. Þegar þjóðsöngurinn var síðan leikinn tóku Íslendingarnir vel undir og einhverjir fengu hreinlega gæsahúð. Því miður náði liðið ekki að nýta sér meðbyrinn úr stúkunni.

Íslendingarnir hituðu upp saman á leiknum á stórum bar í miðbænum og þangað var mjög vel mætt og stemningin góð undir tónum íslenskra laga. Sama upphitun verður hjá Íslendingum í dag og á morgun. **- hbg**

EM í handbolta í Noregi:

# Úr leik með tapi?

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið getur verið á leiðinni heim frá EM tapist leikurinn við Slóvaka í dag. Ísland ætti þá bara möguleika á að ná Frökkum að stigum þar sem Svíar og Slóvakar væru með betri stöðu innbyrðis. Fái Frakkar stig gegn Svíum í dag er sá möguleiki einnig úr sögunni. **- óój**



**Á FLUGI** Þórey Rósa Stefánsdóttir fór á kostum með Fram í gær og skoraði sex mörk úr sex skotum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

N1-deild kvenna í handbolta:

# Yfirburðir Fram í seinni hálfleik

**HANDBOLTI** Fram lagði Gróttu í toppslag 13. umferðar N1-deildar kvenna örugglega, 25-19. Grótta hóf leikinn betur og komst í 7-2 eftir 11 mínútna leik. Fram náði að rétta hlut sinn fyrir leikhlé og gott betur en það því Fram var tveimur mörkum yfir í hálfleik, 12-10.

Fram hafði mikla yfirburði í síðari hálfleik og náði mest 10 marka forystu áður en liðið slakaði á á lokasprettinum. **- gmi**


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
2995-
1995-
995-
2495-
1495-
2995-
995-
3995-
2995-
3995-
1995-
2995-
1995-
3495-
995-
LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLLT
3995-
2995-
1995-
3995-
2995-
3995-
2995-
995-
1995-
2495-
1495-
2495-
995-
2995-
1995-
3995-
995-
2995-
1595-
895-
995-
1995-
3995-
2995-
4995-
1495-
995-
1995-
495-
2995-
1595-
1995-
995-
1695-
995-
1595-
1995-
995-
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

## > ANGELA BASSETT

Angela fæddist í New York-borg en ólst upp í Flórída. Gagnfræðiskólakennari Angelu hvatti hana síðan til að sækja um í Yale-háskóla sem endaði með því að Angela fékk skólastyrk og stundaði nám við skólann í sjö ár. Angela leikur í myndinni The Lazarus Child sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KAREN D. KJARTANSDÓTTIR LÍTUR TIL ÍSLENSKU STJARNANNA

## *Eina svala íslenska dagskrárhetjan*



Það er ég sannfærð um að fáir lifa jafn hefðbundnu góðborgaralífi og ég. Ég er dönnuð og hef ekki náð að venja mig af dúlluheitum sem ég tileinkaði mér í menntaskóla til að ganga í augun á kvennaljómanum þar, sem seint verður sagður gefinn fyrir sjálfstæðar konur. Ég á mér þó þann draum að verða einhvern daginn töff og ætla að ná þeim árangri með því að stæla íslenskar hetjur af skjánum.

Töff eins og blaðakonan Lára í Pressunni. Hún er ímynd svalrar einstæðrar móður í Reykjavík. Á meðan hún dílar við sturlaða glæpamenn sinnir hún dóttur sinni og fávitanum fyrrverandi eiginmanni sínum af festu og ábyrgð. Það finnst mér svolítið kúl. Hins vegar man ég varla eftir annarri slíkri svalri og töff persónu í íslenskri dagskrárgerð. Hefur til dæmis nokkur karlmaður í íslenskri kvikmynda- og dagskrárgerð verið til eftirbreytni fyrir meðaljónana? Helsta karlhetja Pressunnar er til að mynda umbrotsmaðurinn – sem augsýnilega er nörd. Hann er líka einn fárra íslenskumælandi ungra karla úr leikinni dagskrá sem ekki er galsafenginn svoli eins og Baddi í Djöflaeyjunni, tilgerðarlegt fífl eins og löggan Sigurður Óli í Mýrinni, nauðgari og dópisti eins og Sveppi í Veggfóðri eða vanstilltur auli eins og Daníel í Næturvaktinni. Kellingarnar eru þá yfirleitt sauðheimskar skækjur sem allar eru líklegar til að ganga í g-streng. Ákveði íslenskur leikstjóri að láta örla á klárheitum og góðmennsku í persónu sinni þá er það víst ábyggilegt að manneskjan er komin vel til ára sinna og sé það kona má ganga að því vísu að hún er ómáluð og svolítið feit.

Fyrir þessu er ekki að fara í bandarískri þáttagerð þar sem allar sögupersónurnar eru úrsvalar af töffi samanber alla mögulega starfsmenn sem hafa komið nálægt lögreglustörfum í Bandaríkjunum. Reyndar verð ég þó að viðurkenna að mér þykir vænna um þær íslensku.

Þótt Lára í Pressunni sé eini karakterinn í íslenskri kvikmyndasögu sem hefur eitthvert roð við þeim bandarísku er hún nú samt svolítil andhetja. Það er ég sannfærð um að þessi kennari sem hún er að reyna að véla í föðurhlutverk dóttur sinnar á ekkert í þessu barni, heldur flagarinn á ritstjórninni.

## EKKI MISSA AF



▶ **17.00** Newcastle - Bolton SÝN2



▶ **19.10** Phenomenon STÖÐ 2



▶ **20.00** Last Holiday STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.00** Perfume SKJÁREINN



▶ **23.15** Ladder 49 SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Bangsímon, Tumi og ég ofl.

**10.00 Einu sinni var**

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan**

**11.45 07/08 bíó leikhús** e.

**12.15 Bíll fyrir eitt mark – fyrirbærið Trabant** e.

**13.15 Stephen Fry og geðhvarfasýkin** (2:2) e.

**14.10 Syndir feðranna**

**15.40 Útsvar** e.

**16.45 EM-stofan**

**17.15 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Slóvaka.

**18.45 Táknmálsfréttir**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

**20.15 Laugardagslögin – undanúrslit.**

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (12:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit**

**21.40 Kraftaverk** (The Lazarus Child) Sjö ára telpa slasast alvarlega í bílslysi og foreldrar hennar beita nýrri og umdeildri aðferð til að reyna að vekja hana til lífsins.

▶**23.15 Stigi 49** (Ladder 49) Bandarísk spennumynd frá 2004 um slökkviliðsmann sem lokast inni í brennandi stórhýsi.

**01.10 EM í handbolta** e.

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Hackers**

**08.00 A Cinderella Story**

**10.00 Les triplettes de Belleville**

**12.00 Last Holiday**

**14.00 Hackers**

**16.00 A Cinderella Story**

**18.00 Les triplettes de Belleville**

▶**20.00 Last Holiday** Georgia Byrd er feimin kona sem hefur aldrei þorað að láta drauma sína rætast. Það breytist hins vegar skyndilega.

**22.00 Constantine**

**00.00 Mrs. Harris**

**02.00 Spin**

**04.00 Constantine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**07.25 Hlaupin**

**07.35 Magic Schoolbus**

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali. Þátturinn verður eldfjörugur og uppbyggjandi fyrir börn á öllum aldri. Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.

**10.30 Fjölskyldubíó – The Daltons** (Dalton bræðurnir)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**12.45 The Bold and the Beautiful**

**13.30 The Bold and the Beautiful**

**13.50 The Bold and the Beautiful**

**14.10 The Bold and the Beautiful**

**14.35 Sjálfstætt fólk** (Gylfi Ægisson)

**15.10 Two and a Half Men** (22:24)

**15.35 Side Order of Life** (11:13)

**16.20 Brúðkaup frá helvíti**

**17.10 Gossip Girl** (2:22)

**17.55 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶**19.10 Phenomenon** (3:5) Glænýr, spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónhverfingum.

**20.00 Fat Albert** Bráðfyndin fjölskyldumynd sem byggir á samnefndum teiknimyndaþáttum eftir Bill Cosby. Myndin fjallar um Albert, lítinn þéttvaxinn og rækilega uppátækjasaman dreng sem er sífellt að koma sér í klandur.

**21.35 Transporter 2** Framhald hasarmyndarinnar Transporter sem kemur úr smiðju Luc Besson (Leon, Fifth Element, Taxi). Myndin fjallar um smyglarann harðsvíraða Frank Martin sem tekur að sér að flytja hættulegan varning sem enginn annar þorir að koma nálægt.

**23.05 Disaster** (Stórslys) Hörkuspennandi mynd um hætturnar sem leynast í borg syndanna.

**00.35 Cabin Pressure** (Hætta í háloftum)

**02.05 Revenge of the Middle-Aged Woman**

**05.35 Fréttir**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**08.10 PGA Tour 2008** - Hápunktar

**09.05 Inside the PGA**

**09.30 NFL - Upphitun**

**10.00 NBA-körfuboltinn** Denver - Utah

**12.00 Utan vallar** (Umræðuþáttur)

**12.40 Wendy´s Three Tour Challenge** Styrktarmót

**14.10 Wendy´s Three Tour Challenge**

**15.40 World Supercross GP**

**16.40 Veitt með vinum**

**17.15 World´s Strongest Man 2007**

**17.50 Inside Sport**

**18.20 Spænski boltinn - Upphitun**

**18.50 Spænska bikarkeppnin** (Barcelona - Sevilla)

**20.50 Villarreal - Valencia** Bein útsending frá leik Villarreal og Valencia í spænska boltanum.

**22.50 Ali Rap** (Ali 65 ára)

**23.40 Hnefaleikar** (De La Hoya-Mayweather)

**01.00 Hnefaleikar** (Felix Trinidad - Ricardo Mayorga)

**02.00 Felix Trinidad - Roy Jones Jr** Bein útsending frá Madison Square Garden í New York.

## SÝN2

**10.05 PL Classic Matches**

**10.35 Season Highlights**

**11.35 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar)

**12.05 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar)

**12.35 Coca-Cola Championship** (Enska 1. deildin) Bein útsending frá leik Sheffield Wednesday og Sheffield Utd. í ensku Championship-deildinni.

**14.45 Reading - Man. Utd.** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Reading og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sýn Extra. Birmingham - Chelsea Sýn Extra 2. Fulham - Arsenal Sýn Extra 3. Tottenham - Sunderland Sýn Extra 4. Portsmouth - Derby

▶**17.00 Newcastle - Bolton** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Newcastle og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 4 4 2**

**20.30 4 4 2**

**21.50 4 4 2**

**23.10 4 4 2**

## SKJÁREINN

**11.15 Vörutorg**

**12.15 Dr. Phil** (e)

**16.00 According to Jim** (e)

**17.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**18.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.30 Game tíví** (e)

**19.00 Victoria´s Secret Fashion Show 2007** (e) Flottustu fyrirsætur heims flagga sínu fegursta á árlegri tískusýningu undirfatarisans Vicoria's Secret. Þetta er glæsileg sýning og ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu í tískugeiranum. Kryddpíurnar í stúlknasveitinni Spice Girls taka lagið í fyrsta sinn í sjónvarpi síðan þær komu saman á ný. Einnig syngur söngvarinn Seal dúett með eiginkonu sinni, ofurfyrirsætunni Heidi Klum.

**20.00 Friday Night Lights** (e)

**21.00 Heroes** (e) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. H.R.G. er sannfærður um að fjölskylda hans sé í hættu og undirbýr flutning en Claire er á öðru máli. Hiro snýr aftur úr fortíðinni og kemst að andláti föður síns. Suresh tekur ákvörðun sem gæti dregið dilk á eftir sér og það reynir á samband Maya og Alejandros á ferðalaginu með Sylar.

**22.00 House** (e)

▶**23.00 Perfume** Kvikmynd frá árinu 2001 þar sem fylgst er með einni viku í lífi nokkurra einstaklinga sem tengjast tískubransanum í New York. Þetta eru fyrirsætur, ljósmyndarar, umboðsmenn og aðrar skrautlegar persónur. Aðalhlutverkin leika Jared Harris, Paul Sorvino, Peter Gallagher, Leslie Mann, Rita Wilson, Michelle Williams, Omar Epps, Sonia Braga, Carmen Electra, Harry Hamlin og Jeff Goldblum.

**00.40 H2O** (2:2) (e)

**02.10 Law & Order** (e)

**03.00 Professional Poker Tour** (e)

**04.25 C.S.I. Miami** (e)

**05.10 C.S.I. Miami** (e)

**05.55 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**SÝN KL. 02.00**

### Box Roy Jones Jr. - Felix Trinidad

Það er sannkallaður risabardagi í kvöld þegar Roy Jones Jr. og Felix Trinidad mætast. Felix Trinidad á farsælan feril að baki eins og mótherji sinn; hefur barist 44 sinnum og í 35 skipti hefur hann rotað andstæðing sinn. Roy Jones Jr. hefur barist oftar en Felix Trinidad eða í 51 skipti og 38 sinnum hefur hann rotað andstæðing sinn. Þetta verður að öllum líkindum síðasti bardagi Felix Trinidad og hann ætlar að láta minnast sín sem einnar mestu goðsagnar í boxi fyrr og síðar en ef það á að gerast þarf hann að leggja hinn verðuga andstæðing sinn að velli.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ísland - Slóvakía

**Sjónvarpið kl. 17.15**

Eftir afleita byrjun á Evrópumeistaramótinu í Noregi verða strákarnir okkar nú að sýna úr hverju þeir eru gerðir. Slóvakar voru fyrirfram taldir lakasta liðið í riðlinum en sigruðu næstum hið firnasterka lið Frakka í fyrsta leiknum og sýndu að þeir eru verðugt verkefni fyrir hvaða landslið sem er. Áfram Ísland!



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Í húsinu heima
**15.20** Brot af Íslenskri menningarsögu: Einhver var að hóa
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Smásaga: Einhelti
**22.12** Orð kvöldsins
**22.18** Á hljóðbergi: Band on the Run
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks** (101:260)
**15.25 Hollyoaks** (102:260)
**15.50 Hollyoaks** (103:260)
**16.15 Hollyoaks** (104:260)
**16.40 Hollyoaks** (105:260)
**17.55 Skífulistinn**
**18.50 X-Files** (e)
**19.35 George Lopez Show** (7:18) (e)
**20.00 Logi í beinni**
**20.35 Lovespring International** (3:13) (Stefnumótaþjónustan) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.05 Big Day** (3:13) (Stóri dagurinn) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**21.30 Special Unit 2** (3:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**22.15 Wildfire** (5:13)
**23.00 X-Files** (e)
**23.55 George Lopez Show** (7:18) (e)
**00.20 Lovespring International** (3:13)
**00.45 Big Day** (3:13)
**01.10 Special Unit 2** (3:19)
**01.55 Wildfire** (5:13)
**02.40 Skífulistinn**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.30** Wildlife Specials **11.20** Some Mothers Do Ave Em **12.00** My Family **12.30** As Time Goes By **13.00** Bargain Hunt **14.00** Ballykissangel **15.00** Garden Rivals **15.30** The Life Laundry **16.00** Staying Put **16.30** Masterchef Goes Large **17.00** My Family **17.30** As Time Goes By **18.00** Superhomes **19.00** Cutting It **20.00** Suburban Shootout **20.30** Hyperdrive **21.00** The Smoking Room **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Cutting It **22.55** Some Mothers Do Ave Em **23.30** Suburban Shootout **00.00** Hyperdrive **00.30** My Family **01.00** As Time Goes By **01.30** EastEnders **02.00** Cutting It

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Den lille forskel **13.20** På sporet af pengene - Danmarks Indsamling**13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** Guld og grønne skove **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **20.55** Dommens dag: Hævneren **22.25** Seinfeld **22.50** Sommer

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Mission integration **11.40** Beautiful Beirut **12.40** Faktor: Med Britt til Nordpolen **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **14.54** Grusomme grøss **15.00** Hannah Montana **15.30** Hemmelig agent på moped **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Solens mat **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV show **17.15** Dyrlege Due **17.25** Pablo, den lille r¢dreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Berulfsens pengebinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extratrekning **21.30** Med Kjartan Fløgstad til Svalbard **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.30** Bombenes bakmenn **00.30** Kulturnytt **00.40** Autofil jukeboks

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Svenska Idrottsgalan 2008 **13.35** Spöket på Bragehus **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Trettondagsfeber **17.00** BoliBompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.20** Småkryp **17.25** Dagens visa **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Birth **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.00** Dukat för vita duken **00.00** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Sirrý Sigfús*

**Aldur:** 57 ára 17. febrúar
**Starf:** Spákona.
**Fjölskylda:** Sambýlismaður er Ólafur Einarsson. Börn Sirrýar eru fimm, elst Anní Ólafsdóttir og Sigrún, Davíð, Vigdís og Valdís Viðarsbörn.
**Foreldrar:** Ingibjörg Guðlaugdóttir húsmóðir og Sigfús Pétursson trésmiður búsettur í Ameríku – bæði látin. Ólst upp hjá afa og ömmu í Reykjavík Ágústa Guðmundsdóttir og Guðlaugur Davíðsson múrarameistari.
**Búseta:** Bleikugróf í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Vatnsberi

Sirrý Sigfús spákona vakti mikla athygli þegar hún færði Davíð Oddssyni spákristalskúlu í afmælisgjöf í Ráðhúsinu.

# Ingvar njósnar um hlaðborðin í Noregi

„Ég hef verið að kíkja á það sem er boðið upp á á hlaðborði hótelsins sem strákarnir gista á. Og þótt mér finnist það kannski full þungt í magann - reyktur lax og annað kjöt – þá eru strákarnir ánægðir,“ segir Ingvar Helgi Guðmundsson, oftast kendur við Salatbarinn, en hann er staddur með íslenska landsliðinu á EM í Þrándheimi.

Ingvar hefur verið landsliðinu innan handar í mataræðinu og gegnt því starfi, ef starf má kalla, síðustu átta árin. „Já, og er búinn að vera með fjóra landsliðsþjálfara á þessum tíma,“ segir salatkóngurinn léttur, en hann er því farinn að þekkja landsliðsmennina nokkuð vel. Hann segir að landsliðið njóti augljóslega góðs af fæðunni af Salatbarnum. „Ég meina, landsliðið í handbolta er meðal topp tíu í heiminum. En hvar er landsliðið í fótbolta? Þeir borða ekki hjá mér.“

Ingvar var með landsliðinu á HM í Magdeburg og bauð þá upp á ávexti fyrir frægan leik gegn Frökkum þar sem landsliðsmennirnir kafsigldu Fransmennina. En þótt Ingvar sé kannski ekki með saxið á lofti núna er hann til þjónustu reiðubúinn ef eitthvað skyldi koma upp. „Í huga þeirra er aðalatriðið að fá fjölbreytt fæði, en oft vill brenna við að maturinn er full einhæfur á svona stórmótum. Og ef þeir verða eitthvað ósáttir þá geta þeir hóað í mig hvenær sem er,“ segir Ingvar, sem er því ávallt viðbúinn ef kallið kemur. **- fgg**



**KLÁR FYRIR KALLIÐ** Ingvar Helgi Guðmundsson segist vera klár í að skera niður grænmeti og ávexti ef eftir því verður óskað hjá íslenska landsliðinu í handbolta.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2.** bátur **6.** holskrúfa **8.** líða vel **9.** tímabils **11.** númer **12.** bátur **14.** gimsteinn **16.** grískur bókstafur **17.** í viðbót **18.** angra **20.** fyrir hönd **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fituskán **3.** mun **4.** versla **5.** samstæða **7.** eilífð **10.** sæ **13.** herma **15.** listi **16.** fálm **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** skip, **6.** ró, **8.** una, **9.** árs, **11.** nr, **12.** kajak, **14.** tópas, **16.** pí, **17.** auk, **18.** ama, **20.** pr, **21.** tifa.

**LÓÐRÉTT: 1.** brák, **3.** ku, **4.** innkaup, **5.** par, **7.** óratími, **10.** sjó, **13.** apa, **15.** skrá, **16.** pat, **19.** af.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



## FANN DRAUMINN

**Atli Örvarsson** (að ofan) hefur smám saman verið að fikra sig upp metorðastigann í Hollywood og semur tónlistina við stórmyndina A.D Babylon. **Rapparinn RZA** hefur áður samið tónlist við kvikmyndir en hann er meðlimur Wu Tang Clan-klíkunnar. Bassaleikari **System Of a Down** (lengst til hægri á myndinni hér til hliðar) er einnig með í að semja tónlistina fyrir A.D Babylon.



ATLI ÖRVARSSON: SEMUR TÓNLIST MEÐ RZA ÚR WU-TANG CLAN

# Íslendingur í rapparastóði

„Þetta var mjög skemmtilegt og forvitnileg blanda; svartur rappari frá New York, armenskur þungarokkari og svo íslenskt tónskáld,“ segir Atli Örvarsson en hann semur tónlistina við bandarísku kvikmyndina Babylon A.D. ásamt rapparanum RZA og bassaleikaranum úr System of a Down, Shavo Odadjan. Með helstu aðalhlutverk í myndinni fara þeir Vin Diesel og Gérard Depardieu auk fyrrum Bond-gellunnar Michelle Yeoh en myndinni er leikstýrt af hinum franska Mathieu Kassovitz.

Atli semur sjálft tónverkið við myndina og RZA og Odadjan sjá um að semja lög en þríeykið vann síðan að nokkrum hljóðdæmum saman og lauk upptökunum á þeim seint á síðasta ári. „Ég fékk þarna innsýn í allt annan menningarheim,“ segir Atli, spurður um samstarfið við rapparann RZA sem er hvað þekktastur fyrir þátttöku sína í Wu-Tang Clan-hópnum. Hann staðfestir síðan að mýtan um að öllum rappörum fylgi heilt stóð af vinum og kunningjum sé síður en svo uppspuni. „Já, já, hann kom alltaf með félaga sína sem kölluðu sig The Brooklyn Zoo og það var yfirleitt mikið stuð í hljóðverinu,“ segir Atli, sem kunni þó ekki alveg réttu handtökin þegar átti að fagna góðu gengi að hætti rappara en var síðar útskrifaður eftir nokkrar kennslustundir í slíkum fræðum. RZA fékk þó ekki að njóta Stuðkompanísins, hinnar eitурóðu grúppu að norðan, enda segir Atli að ekki hafi gefist tími til slíkrar hlustunar. „Hann fékk hins vegar að grípa í harmonikkuna mína,“ bætir Atli við.

Íslendingar ættu eitthvað að kannast við titil myndarinnar Babylon A.D. en Morgunblaðið greindi frá því á síðasta ári að hún yrði jafnvel tekin upp hér á landi. Síðar kom í ljós að ekki var nægjanlega mikill snjór fyrir hendi hér og því héldu aðstandendur hennar til Svíþjóðar. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var Atli í tónsmíðahópi óskarsverðlaunahafans Hanz Zimmer í tveimur stærstu myndum síðasta árs: The Simpsons og Pirates of the Caribbean, og Zimmer er ekki víðsfjarri í þessu verkefni enda framleiðandi tónlistarhliðar myndarinnar. Síðar á þessu ári verður síðan frumsýnd kvikmyndin Vantage Point en Atli á einnig heiðurinn af tónlistinni í þeirri mynd.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hróður **Orra Vigfússonar**, þess mikla velgjörðarmanns laxins, heldur áfram að berast víða eftir að hann hlaut hin virtu San Francisco's Goldman Environmental-verðlaun árið 2007. Þannig er að finna mikla grein **Richards C. Morais** í Forbes um Orra og frumlega baráttu fyrir viðgangi laxastofns í Norður-Atlantshafi samkvæmt kapítalískri aðferðarfræði. Grein Morais heitir „Hinn stökkvandi fiskur“ en Morais gekk með Orra til laxveiða á Íslandi og var mjög hrifinn.



Enn fjölgar erfingjunum í íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu því framherjinn knái, **Gunnar Heiðar Þorvaldsson,** á von á barni með unnustu sinni, Bjarnýju Þorvarðardóttur. Frá þessu greinir Bjarný á bloggsíðu sinni. Skötuhjúin hafa komið sér vel fyrir í höfuðborg Noregs og ef marka má skrif Bjarnýjar ætlar parið að fylgjast vel með Evrópumótinu í handknattleik þar til þau fara til Kanarí á mánudaginn.



**Auðunn Blöndal** hefur verið á fullu við að koma íslenska landsliðinu aftur í gírinn eftir hrakfarirnar gegn Svíum á fimmtudagskvöldið. Auðunn ætlaði að gera samning við Sigfús Sigurðsson sem felst í því að Auðunn fékk að rassskella línumanninn risavaxna fyrir tapleikinn gegn Svíunum en Fúsi, sem er tröll að burðum, fær að dangla rækilega í bossann á sjónvarpsmanninum ef „strákunum okkar“ tekst að leggja Slóvaka að velli í kvöld. **- jbg/fgg**



# CSI-menn ráðgjafar við íslenskt kvikmyndaver

Egill Örn Egilsson, betur þekktur sem Eagle Egilsson, hefur verið þeim Halli Helgasyni, Júlíusi Kemp og Ingvari Þórðarsyni innan handar við uppbygginu myndversins Atlantic Studios á Suðurnesjum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni var Egill nýverið tilnefndur annað árið í röð til hinna virtu fagverðlauna ASC fyrir CSI:Miami.

„Þetta er nú eiginlega til komið þannig að við Egill leigðum saman á námsárunum okkar úti í Los Angeles,“ segir Hallur þegar Fréttablaðið leitar eftir útskýringum á þessu samstarfi. „Okkur varð náttúrlega vel til vina enda Egill mikill höfðingi,“ bætir Hallur við.



**LEITAÐ TIL ÞESS BESTA** Egill Örn hefur aðstoðað Atlantic Studios við ýmis atriði.

En það var ekki bara vinskapurinn sem leiddi þessa fyrrverandi námsfélaga saman því Halli var fyllilega ljóst að Egill væri að vinna við bestu aðstæðurnar og í bestu myndverunum úti í Hollywood. Og þar sem markið er sett hátt á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ var því ekkert óeðlilegt að leita til fyrrum sambýlismannsins frá Ameríkuárunum.

Hallur segir enn fremur að einn af leikmyndahönnuðum CSI sé þeim einnig innan handar. „Þeir hafa verið að ráðleggja okkur með útbúnað og hvaða kröfur þarf að uppfylla til að standast ströngustu kröfur besta fólksins,“ segir Hallur en reiknað er með því að myndverið á Suðurnesjum opni fyrir starfsemi sína á þessu ári. **- fgg**



**ÁNÆGÐUR MEÐ SAMSTARFIÐ** Hallur segir Egil vera vel að sér í þessum málum enda vinni hann við bestu aðstæðurnar úti í Bandaríkjunum.

heima Öndvegi

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFE**MAR, KRISTALIA, INCANTO, CHAT**EAU D'AX, CALLI**GARIS, HÜLSTA,** JENSEN O.FL.


Leður: hvítt

BW-F-1 / Verð áður: 31.000 **nú: 19.800**


Leður: svart/hvítt/brúnt

3053 3+1+1 / Verð áður: 197.700 **nú: 148.275**


Leður: hvítt/svart

SD-4365 / Verð áður: 22.800 **nú: 14.800**

**Opið í dag, laugardag kl. 11-16.**

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is „...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar


## Sælla er að gefa en að henda

Það er gaman að fara með föt í Rauða kross-gáminn í Sorpu. Þangað hef ég gefið flíkur í gegnum tíðina í þeirri von að kátir menntaskólanemar eigi eftir hnjóta um þau í litlu Rauða kross-búðinni á Laugaveginum og finnast þau of hlægileg til að geta látið eiga sig. Um leið styrkja þeir fólk í fátækum löndum og það er nú alltaf gott. Þegar við hjónin áttum von á barni fyrir nokkrum árum þurftum við meira pláss. Það var kominn tími til að fara í gegnum bókahillurnar. Gamlar kennslubækur voru settar í kassa og sömuleiðis fannst okkur óþarfi að eiga tvö eintök af sömu skáldsögunni. Sumir höfundar voru þó undanþegnir þessari reglu. Til dæmis ef þeir hétu Thor og voru í leðurbandi.

**FARIÐ** var með kassana í gám Góða hirðisins í Sorpu og vonandi hafa bókasafnarar, grúskarar eða blankir námsmenn fundið þar eitthvað spennandi. Það er skemmtilegt að geta farið með eigur sínar í gáma Rauða krossins og Góða hirðisins og notalegt að vita að aðrir njóti góðs af. Þess vegna kom það mér spánskt fyrir sjónir að sjá starfsmann Góða hirðisins segjast hér í viðtali í Fréttablaðinu fyrir stuttu oft vera „gapandi hissa á því hverju fólk er að henda". Aldrei hef ég litið svo á að við sem komum dótinu okkar fyrir í umræddum gámum séum þar með að henda því. Nei, við erum að gefa.

**EKKI** má heldur gleyma því að það getur verið býsna erfitt að skilja við eigur sínar þótt maður viti að þær eigi ekki eftir að koma manni meira að notum. Þeim tengjast oft góðar minningar. Sögnin „að henda" er því ekki viðeigandi hjá starfsmanni þessarar góðgerðarstofnunar. Í stað þess að undrast ætti hann að láta það eftir sér að gleðjast yfir gjafmildinni. Og hvað gerði fólk sem ekki vildi sjá á eftir eigum sínum á haugana og þekkti engan sem hafði not fyrir þær áður en Góði hirðirinn kom til sögunnar? Jú, það gat reynt að selja þær í smáauglýsingum blaðanna.

**NÚ** bíða þeir sem vantar hátalara eða rjúpuna hans Guðmundar í Miðdal frekar eftir því að þessar gersemar dúkki upp í Góða hirðinum en að blaða í smáauglýsingunum. Góði hirðirinn fór að einhverju leyti með smáauglýsingamarkaðinn og þar með hefur starfsmaðurinn stóreygi enn minni ástæðu til að undrast að við skulum koma þrammandi með sjónvarpstækin okkar til hans í fanginu. Það gerum við nefnilega einmitt vegna þess að okkur er svo meinilla við að henda þeim.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 19. janúar, 19. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10:49 | 13:38 | 16:28 |
| Akureyri | 10:50 | 13:23 | 15:56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


